**HEIMILDARMYND**

## Spjallað við fólk á bak við tjöldin

Reykjavíkurrokk fest á filmu

FÓLK 32



**FOO FIGHTERS**

## ÁTTU YNDISLEGAR STUNDIR Á ÍSLANDI

*Rokksveitin Foo Fighters heldur sína aðra tónleika hér á landi næstkomandi þriðjudag. Nate Mendel, bassaleikara sveitarinnar, ræðir um síðustu Íslandsferð sveitarinnar og komandi tónleika.*

TÓNLIST 18




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júlí 2005 - 177. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Jón Gerald í meiðyrðamál við Jónatan

**Jónatan Þórmundsson lagaprófessor stendur við hvert atriði álitsgerðar sinnar um rannsókn Ríkislögreglustjóra á málefnum Baugs Group. Í álitsgerðinni vísar Jónatan til Jóns Geralds Sullenberger, sem ætlar í meiðyrðamál við Jónatan vegna ummæla hans.**

**BAUGSMÁLIÐ** „Ég hafði ekki séð ákæruna þegar ég vann álitsgerðina, bara þau skjöl málsins sem voru tiltæk hinn 8. júní og var það nægilegt til þess að meta málsatvik. Ég stend við hvert orð sem stendur í álitsgerðinni og vil ekki tjá mig frekar um málið því ég ætlast til þess að það fari fram fyrir dómsstólum en ekki í fjölmiðlum," segir Jónatan Þórmundson lagaprófessor um álitsgerð sem hann samdi að beiðni Baugs Group. Álitsgerðin fjallar um rannsókn Ríkislögreglustjóra á málefnum fyrirtækisins en ákæra í 40 liðum á hendur sex manns tengdum Baugi var gefin út á föstudag.

Í álitsgerðinni segir Jónatan litlar líkur á því að sexmenningarnir verði sakfelldir vegna auðgunarbrota en líklegt sé að Baugur blási til málssóknar á hendur ríkinu og rökstyður Jónatan þá skoðun sína í þremur liðum og eru helstu rökin að óeðlilega mikið samkrull hafi verið milli rannsóknar- og ákæruvalds við rannsókn málsins.



JÓNATAN ÞÓRMUNDSSON



JÓN GERALD SULLENBERGER

Auk þess segir Jónatan í álitsgerðinni að við upphaf rannsóknar á Baugsmálinu hafi allt byggst „á heiftúðugri og ótrúverðugri kæru eins einstaklings, sem bersýnilega bar keim af hefndaraðgerð." Þessi ummæli Jónatans vísa til Jóns Geralds Sullenberger sem lagði fram kæru á hendur Baugi í ágúst 2002.

Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær kom svo fram að Jón Gerald ætlar að höfða mál á hendur Jónatani vegna þessara ummæla. Áður hafði Jón Gerald tilkynnt að hann ætlaði í skaðabótamál við forstjóra Baugs, Jón Ásgeir Jóhannesson, vegna rofs Jóns Ásgeirs á samkomulagi um fjölmiðlabindindi sem þeir gerðu sín á milli á meðan rannsókn á málefnum Baugs stæði yfir.

Jónatan Þórmundsson vildi ekki tjá sig um á hvaða upplýsingum hann byggði efnistök álitsgerðarinnar eða ummæli sín um Jón Gerald. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Jón Gerald ekki búinn að ráða sér lögmann vegna þessara mála.

ingi@frettabladid.is



MYND/GETTY

**LIVE 8** Björk opnaði tónleikana í Tókýó í gær. Hún var hápunktur tónleikanna og kom fram í fyrsta sinn opinberlega í tvö ár. Björk var glæsileg í samfestingi með fiðrildamynstri. „Fólk er tilbúið til að leggja sitt af mörkum því þetta er hlutur sem skiptir miklu máli," sagði hún meðal annars á blaðamannafundi fyrir tónleikana.

Live 8 tónleikarnir í níu borgum:

# Milljónir fylgdust með

**TÓNLEIKAR** Í gær tóku þjóðir um allan heim höndum saman og héldu tónleika í níu borgum til að vekja athygli á neyð þróunarlandanna og safna pening þeim til styrktar. Tónleikarnir hófust í Tokýó, en einnig voru haldnir tónleikar í London, París, Róm, Moskvu, Fíladelfíu, Berlín, Barrie í Kanada og í Jóhannesarborg.

Björk kom fram á tónleikum í Tokýó þar sem tíu þúsund manns voru saman komnir. Höllin sem tónleikarnir fóru fram í rúmar þó tvöfalt meiri fjölda en það. Björk talaði til fjöldans og sagði meðal annars: „Það að átta sig á því að vandamálið er til staðar er mjög mikilvægt skref".

Tónleikagestir í London fengu mikið fyrir sinn snúð en U2 og Paul McCartney voru fyrstir á svið og sungu þeir saman sérstaka útgáfu af laginu Sgt. Pepper's Lonely Heart Club Band en rúmlega tvö hundruð þúsund manns mættu á tónleikana. „Ég trúi að viðburður eins og þessi geti virkilega skipt sköpum. Þessi kynslóð með sinni rödd, sínum atkvæðum, sínum dugnaði, getur virkilega útrýmt fátækt," sagði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á tónleikunum í London.

Skipuleggjendur áætla að um tvær milljónir manna hafi sótt tónleikana um allan heim og að um það bil 85 prósent mannkyns hafi aðgang að þeim í sjónvarpi, útvarpi eða interneti. Bob Geldof lét þau orð falla þegar þrír tímar voru liðnir af tónleikunum að þrír milljarðar manna um allan heim væru að fylgjast með.

-bog

**SUNNUDAGUR**



### Meik hjá Mugison

Mugison sló í gegn á Hróarskeldu-hátíðinni sem lýkur í dag. Hann var fyrstur á svið á föstudag, hreif áhorfendur með sér og endaði á Wild Thing við mikinn fögnuð.

FÓLK 30

### Í fótbolta fyrir fjölskylduna



Landsliðsmaðurinn Heiðar Helguson varð fyrir skemmstu fimmti íslenski leikmaðurinn sem er til mála hjá liði í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Fréttablaðið hitti Heiðar að máli þar sem farið var yfir ferilinn og fjölskyldulífið í boltanum.

ÍÞRÓTTIR 22

### Ríkisstjórn ríkir yfir þingi



Sigurður Líndal segir að ríkisstjórn sé orðin eins og önnur deild Alþingis. Skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu orðin óljós eða óglögg.

STJÓRNARSKRÁIN 14

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STÍF NORÐAUSTAN ÁTT** á leið yfir landið með rigningu víða um land, fyrst suðaustan og austan til en svo víðar þegar líður á daginn. Hiti 8-15 stig, hlýjast syðra.

VEÐUR 4






Frönsk kona:

## Vígði sig til prests

**TRÚMÁL** Frönsk kona tók þá áhættu á að verða gerð útlæg úr kaþólsku kirkjunni með því að vígja sjálfa sig til prests. Genevieve Beney og nokkrar aðrar konur héldu litla athöfn á báti í þeim tilgangi að draga athygli að reglu kaþólsku kirkjunnar að banna konum að vera prestar. Vatíkanið hefur ekki látið skoðun sína á athæfi konunnar í ljós en hefur þó tekið það skírt fram að enginn grundvöllur sé fyrir því að íhuga að leyfa konum að gerast prestar.

Beney telur að tími sé kominn til þess að kirkjan breyti reglunum. „Við lítum á okkur sem kaþólskar konur en við erum ekki sammála þessum reglum sem banna konum að gerast prestar," sagði hún. -bog

Sjálfsmorðsárás í Írak:

## Tuttugu og sex létust

**BAGDAD, AP** 26 létust og 50 slösuðust í sjálfsmorðsárásum í Bagdad og Hillah í Írak í gær. Einn sprengjumannanna sprengdi sig í loft upp í hópi áhorfenda og lögreglu sem hafði safnast saman þar sem annar hafði sprengt sig nokkru áður.

Fyrsta sprengingin varð í Bagdad fyrir utan starfsmiðstöð írösku lögreglunnar. Að minnsta kostu 16 létust og 22 slösuðust. Al-Kaída í Írak lýsti verknaðinn á hendur sér í tilkynningu sem birtist á vefnum. Aðrar sprengingar urðu í Hillah, suður af Bagdad.

Herstöðin á Miðnesheiði:

## Ekkert ákveðið

**VARNARMÁL** James I. Gadsden segir í viðtali við Fréttablaðið að í viðræðulotunni um varnarmál sem hefjast í næstu viku verði einkum rætt um skiptingu rekstrarkostnaðar flugvallarins, en Bandaríkjamenn vilja að Íslendingar greiði meira til hans.

-shg / Sjá síðu 15


ÚTSALA

15-70%

Afsláttur





## SPURNING DAGSINS

*Er heimurinn orðinn betri?*

„Já, ég held að heimurinn sé orðinn betri. En það skemmtilega er að við getum gert hann enn þá betri.“

Stefán Ingi Stefánsson starfsstjóri Unicef á Íslandi stóð í ströngu um helgina vegna Live 8 tónleikanna sem fóru fram víðs vegar um heiminn. Tónleikarnir voru haldnir til að vekja athygli á neyð þróunarlandanna.

Mótmælaganga í Edinborg fór friðsamlega fram:

# Hundrað þúsund mótmæltu

**EDINBORG, AP** Rúmlega hundrað þúsund manns mynduðu keðju umhverfis Edinborg í gær og kröfðust þess að valdamestu þjóðir heims aðstoðuðu ríki Afríku við að losna undan oki fátæktar. Myndaði keðjan hvítan hring, merki alþjóðlegrar baráttu gegn fátækt.

Þetta var upphaf vikulangra mótmæla; látum fátækt heyra sögunni til, vegna fundar átta helstu iðnríkja heims, G8 ríkja, í Skotlandi sem hefst um næstu helgi. Þar sitja leiðtogar Bandaríkjanna, Bretlands, Þýskalands, Japans, Frakklands, Rússlands, Kanada og Ítalíu á rökstólum um fátækt í heiminum og loftlagshlýnun. Þegar hafa þeir náð samkomulagi um niðurfellingu skulda átján fátækustu ríkja heims.

Bob Geldof hefur sagt að hann vonist til þess að um milljón mótmælendur umkringi Edinborg á meðan fundurinn fer fram.

Skipuleggjendur segja að um 200.000 manns hafi tekið þátt í mótmælunum, en AP fréttastofan hefur eftir lögreglunni í Edinborg að mótmælendur hafi verið um 120.000.

„Við erum íbúar alþjóðlegs þorps. Við þurfum á hjálp að halda,“ sagði Siphiwe Hlophe, sem ferðaðist frá Svasílandi í Afríku til að taka þátt í keðjunni. „Leiðtogar G8 ríkjanna verða að standa við loforð sín.“

Mótmælagangan fór mjög friðsamlega fram. Göngumenn blésu í flautur og báru borða og blöðrur þar sem hvatt var til þess að auka þróunarhjálp verulega, fella niður skuldir fátækustu þjóða heims og opna fyrir viðskipti við fátækari lönd. ■




**LÁTUM FÁTÆKT HEYRA SÖGUNNI TIL** Fyrstu mótmælendur vegna G8 fundarins, sem haldinn verður í næstu viku, eru mættir til Edinborgar. Um 100.000 mynduðu risakeðju utan um borgina í gær.

Færeyskir dagar:

## Mikið magn fíkniefna

**LÖGREGLA** Á föstudagskvöld stöðvaði lögreglan á Snæfellsnesi nokkra bíla við Lyngbrekku við umferðareftirlit og gerðu leit í þremur. Með hjálp fíkniefnahundar fundust níu grömm af amfetamíni, sautján e-töflur og eitthvað af hassi og maríjúana. Einnig lagði lögregla hald á sextán kassa af bjór en eigendur áfengisins voru allir undir átján ára aldri.

Í Ólafsvík fann lögreglan svo hálft gramm af spítti, amfetamín og hass. Að sögn lögreglunnar er það óhugnalegt að miðað við hversu mikið fannst í leitinni við Lyngbrekku þá hljóti fjölmargir bílar að hafa keyrt framhjá með ólöglegt eiturlyf innanborðs. Telur lögreglan að þetta hafi einungis verið brot af þeim fíkniefnum sem fóru inn á Færeyska daga í Ólafsvík. - bog

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**NÍU SEKTAÐIR VEGNA HRAÐAKSTURS** Níu bílstjórar voru stöðvaðir vegna hraðaksturs af lögreglunni á Húsavík við sérstakt umferðareftirlit sem Umferðarstofa og Samgönguráðuneytið standa fyrir. Sá sem hraðast ók var á 126 kílómetra hraða og verða þessir níu aðilar sektaðir.

**AFTANÁKEYRSLA** Harður árekstur varð nálægt Litlu Hámundarstöðum um átta leytið á föstudag. Fólksbíll ók aftan á jeppa sem var í þann mund að beygja og var áreksturinn það harður að jeppinn fór þversum og valt nokkrum sinnum á veginum. Báðir bílarnir gjöreyðilögðust.

**RAFMAGNSBILUN Í BÁTI** Leit var gerð að báti um hálfeitt í nótt en rafmagnsbilun varð í bátinum sem gerði það að verkum að hann datt út af sjálfvirku leitarkerfi. Báturinn náði þó sjálfur sambandi þegar nær dró landi með því að hringja úr farsíma og var leitin þá afturkölluð.

# Þora ekki að spyrja um hæfi Halldórs

**Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir Halldór Ásgrímsson hafa gengið fram af heilindum í bankasölumálinu. Stjórnarandstaðan forðist að spyrja lögfræðinga beint um hæfi forsætisráðherra því hún óttist svarið.**

**STJÓRNMÁL** Forystumenn stjórnarandstöðunnar segjast bíða viðbragða við lögfræðiáliti, sem þeir hafa látið vinna um hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og minnisblaðs Ríkisendurskoðanda um hæfi og afskipti hans af sölu ríkisbankanna.

Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist ekki efast um það að Halldór Ásgrímsson hafi gengið fram af heilindum í bankasölunni eins og í öðrum málum sem þeir haft samstarf um. „Ég er ekki búinn að lesa þessa langloku frá stjórnarandstöðunni í heild. Stjórnarandstaðan fær þar svör við leiðandi spurningum sínum en forðast að spyrja þeirrar spurningar sem þeir hafa haldið mest á lofti, hvort lögfræðingarnir telji Halldór vanhæfan. Í mínum huga er bara ein skýring á því hvers vegna ekki er spurt þeirrar spurningar. Stjórnarandstaðan óttast svarið,“ segir Davíð.

„Okkur sýnist lögfræðiálitið beinast fyrst og síðast að Ríkisendurskoðun og vinnubrögðum hennar,“ segir Steingrímur Ólafsson blaðafulltrúi forsætisráðherra. „Halldór ber fullt traust til Ríkisendurskoðunar og þetta álit, sem greitt er fyrir af stjórnarandstöðunni, breytir engu þar um. Meginefni skýrslunnar snýr að Ríkisendurskoðun og forsætisráðherra svarar ekki fyrir hana,“ segir Steingrímur.

Forystumenn stjórnarandstöðunnar telja að lögfræðiálitið staðfesti að Halldóri Ásgrímssyni hefði árið 2002 borið á grundvelli stjórnsýslulaga að gera viðvart um hugsanlegt vanhæfi sitt til þátttöku í sölu ríkisbankanna. Davíð Oddson segist ekki efast um hæfi Halldórs. „Stjórnsýslulögin eru mjög afgerandi og næstum smámyglisleg og jafnvel erfið fyrir jafn lítið samfélag og Ísland að starfa við. Það er flóknara að fylgja þeim í fámenni en fjölmenni. Tengingarnar í fámenninu eru svo margvíslegar þegar að er gáð, ætta-, vina- og viðskiptatengsl. Þó verðum við að hafa í heiðri meginreglur. Og þess vegna voru stjórnsýslulögin sett að mínu frumkvæði á sínum tíma.“



**DAVÍÐ ODDSSON FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS** Ráðherranefnd um einkavæðingu fól í sér breytingu á forræði sem venjulega er í höndum einstakra ráðherra. Það breytir hæfisskilyrðum að mati Davíðs.

Davíð segir einkavæðinguna tvíþætta og það flæki málið. „Hún er breyting á forræði sem venjulega er á hendi einstakra ráðherra. Hins vegar er ráðherranefnd sem fjallar um hina almennu þætti málsins, tímasetningar, áhrif á stöðu efnahagsmála, jafnvel kjarasamninga og fleira og hún lýtur öðrum lögmálum. Þá geta menn ekki horft á sömu hæfisskilyrði eins og þegar í hlut á ráðherra sem tekur hina endanlegu ákvörðun. Þetta ruglar fólk í ríminu og þetta er alveg kjörinn farvegur fyrir fólk sem vill fiska í gruggugu vatni. Og það eru menn að reyna núna,“ segir Davíð Oddsson.

johannh@frettabladid.is

Ferðahelgin:

## Tvær konur kæra nauðgun

**LÖGREGLA** Grunur liggur á að tveimur konum hafi verið nauðgað um helgina, önnur var á færeyskum dögum í Ólafsvík, en hin á humarhátíðinni í Höfn í Hornafirði.

Grunur er á að fimmtán ára stúlku hafi verið nauðgað í Ólafsvík. Að sögn lögreglunnar á Snæfellsnesi mundi stúlkan lítið og gat gefið litlar upplýsingar um ódæðismanninn. Farið var með stúlkuna á neyðarmóttöku og talið er að henni hafi verið gefin ólyfjan. Þá kærði kona á þrítugsaldri nauðgun til lögreglunnar á Höfn að morgni gærdags. Verið er að rannsaka málið. ■

Skoðanakönnun Gallups:

## Lítil breyting frá í maí

**STJÓRNMÁL** Samkvæmt skoðanakönnun Gallup sem gerð var í júní breytist fylgi flokkanna lítið frá því í maí. Fylgi er mest við Sjálfstæðisflokkinn tæplega 38 prósent, sem er það sama og í síðasta mánuði. Fylgi Samfylkingar breytist einnig lítið og mælist 34 prósent. Vinstri grænir bæta örlítið við sig og mælast með um 16 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn mælist með tæplega níu prósent. Fylgi Frjálslynda flokksins dalar frá síðustu könnun og mælast þeir nú með naumlega fjögurra prósenta fylgi.

Helmingur þjóðarinnar segist styðja ríkisstjórnina. RÚV sagði frá í gær. -ss

## HAÍTÍ

**HJÁLPARSTARFSMAÐUR MYRTUR** Starfsmaður Alþjóða Rauða krossins á Haítí fannst myrtur nærri heimili sínu tvemur dögum eftir að hann var numinn á brott. Mikil neyð er á Haítí eftir borgarastríð og náttúruhamfarir undanfarinnar ára auk þess sem efnahagur landsins hefur lengi verið í rúst.




Fjárhagsvandi Háskólans á Akureyri:

# Aukafjárveiting gegn sparnaði

**NÁM** Háskólinn á Akureyri og Menntamálaráðuneytið hafa gert með sér drög að samkomulagi til að leysa fjárhagsvanda Háskólans. Samkvæmt því samkomulagi fær háskólinn söluandvirði eignarhluta ríkisins í Glerárgötu 36 á Akureyri, sem er um 100 milljónir króna. Verður sú fjárhæð notuð til að greiða leigu fyrir Borgir, sem er nýtt rannsóknarhús Háskólans á Akureyri. Þá mun menntamálaráðuneytið, samkvæmt þessum drögum, beita sér fyrir því að skólinn fái um 40 milljónir í aukafjárveitingu á þessu ári.

Á móti sparar Háskólinn á Akureyri í rekstri skólans, meðal annars með því að innrita ekki nemendur á fyrsta ár í upplýsingatæknideild. Í samkomulaginu er jafnframt kveðið á um að fjárveitingar skólans til næstu fjögurra ára miðist við sex til átta prósenta fjölgun nemenda. Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri segir að slíkt sé vel viðunandi, en hægi á vexti skólans.



**BORGIR** Samkvæmt drögum að samningi Háskólans á Akureyri og Menntamálaráðuneytisins mun háskólinn fá um 100 milljónir til að greiða leigu fyrir Borgir.

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, sagðist í gær ekki vilja tjá sig um málið á meðan enn er verið að vinna að samningnum. - kk/-ss

# Verðlækkun - salan er hafin!



Verð frá **44.900 kr.***
á mann. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára,
í íbúð m/ 2 svefnherbergjum
á Montemar í 7 nætur 4. jan.

# Kanarí







## Tryggðu þér bestu kjörin - bókaðu strax!

## Jólaferðir

**17. 19. 20. 21. og 29. des.**

**Vikulegt flug í janúar, febrúar, mars og apríl.**

Vinsælustu gististaðirnir á Kanarí undanfarin ár. Nýleg og endurbætt íbúðahótel sem sameina gæði og góða staðsetningu.
Tryggðu þér frábær kjör og bókaðu strax á þínum gististað.

**Bahia Meloneras**
21. des. í 8 nætur

**59.900 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í smáhýsi með 2 svefnherbergjum

**Las Camelias**
21. des. í 8 nætur

**68.700 kr***
á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherb.

## Úrvalsfólk

**5.000 kr. afsláttur í ferðir 4. og 11. janúar og 8. og 15. mars, ef gist er á Las Camelias eða Teneguia.**

**Úrvalsfólk - Lengri ferðir:**

| | |
|---|---|
| 25. okt. | 21 nótt (frá Akureyri) |
| 31. okt. | 29 nætur |
| 16. nóv. | 21 nótt |
| 4. og 11. jan. | 21 eða 28 nætur |
| 8. og 15. mars | 21 eða 28 nætur |

**Teneguia**
31. okt. í 29 nætur

**88.900 kr***
á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnherb.

**Las Camelias**
11. jan. í 21 nótt

**88.620 kr.***
á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnherb.

**Montemar**
Glæsilegt og vel staðsett íbúðahótel á Ensku ströndinni. Endurnýjað að miklu leyti 2004.

**Las Camelias**
**Allar íbúðir endurnýjaðar**
Allra vinsælasta Íslendingahótelið undanfarin ár. Ennþá betra en áður.

**Teneguia**
Vel staðsett og stendur alltaf fyrir sínu.

**Barbacan Sol**
Stórglæsilegt og frábærlega staðsett á Ensku ströndinni.

**Santa Barbara**
Sívinsælt og vinalegt.

**Vista Flor - Nýjung**
Vel staðsett smáhýsi með frábærri aðstöðu í útjaðri Maspalomas og í göngufæri við Ensku ströndina.

**Cay Beach Princess**
Fallegu smáhýsin í Maspalomas.

**Cay Beach Meloneras**
Nýleg og notaleg smáhýsi í Meloneras.

**Marina Suites - Nýtt**
Stórglæsilegt íbúðahótel í Puerto Rico. Frábær staðsetning við smábátahöfnina. Smekklegar íbúðir og frábært útsýni.

**Gloria Palace Amadores - Nýjung**
Glæsilegt útsýnishótel í Puerto Rico.
Frábær heilsuræktar- og spa-aðstaða.

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð er staðgreiðsluverð á mann m.v. að bókað sé á netinu.
Almennt verð er 5% hærra. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

VR orlofsávísun
Munið ferðaávísunina

**Fáðu ferðatilhögun, nánari upplýsingar um gististaðina og reiknaðu út ferðakostnaðinn á netinu!**

**www.urvalutsyn.is**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 28863 07/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,94 | 65,24 |
| Sterlingspund | GBP | 115,62 | 116,18 |
| Evra | EUR | 78,42 | 78,86 |
| Dönsk króna | DKK | 10,52 | 10,582 |
| Norsk króna | NOK | 9,96 | 10,018 |
| Sænsk króna | SEK | 8,27 | 8,318 |
| Japanskt jen | JPY | 0,585 | 0,5884 |
| SDR | XDR | 95,5 | 95,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,18 -0,13%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tillaga formanns Kjördæmasambands framsóknarmanna:

# Vill halda opið prófkjör

**STJÓRNMÁL** „Ég legg til að framsóknarmenn í Reykjavík haldi opið prófkjör svo að borgarbúar geti sjálfir valið okkar borgarfulltrúa," segir Þorlákur Björnsson formaður Kjördæmissambands framsóknarmanna í Reykjavíkurkjördæmi norður en hann á einnig sæti í viðræðunefnd um framtíð R-listans.

Hann segir umræðuna hafa verið á þá vegu að framsóknarmenn séu hræddir við dóm kjósenda vegna skoðanakannanna að undanförnu en með þessu vilji hann sannreyna að þeir treysti borgarbúum mæta vel til að meta störf flokksins.

Aðpurður hvort R-lista flokkarnir séu farnir að huga að kosningum hver með sínu sniði segir Þorlákur það aðeins eðlilegt að flokkarnir noti sína aðferð við að koma sér saman um menn og hann telur að opið prófkjör sé eins og komið er hentugasta leiðin fyrir framsóknarmenn, hvort sem þeir verði innan R-listans eða ekki.

Alferð Þorsteinsson segir þetta vera bestu tíðindi sem hann hafi heyrt lengi frá forystu flokksins og vonast hann eindregið til að orðið verði við tillögunni. Hann segist ekki vera smeykur við að leggja verk sín hjá Orkuveitunni undir dóm borgarbúa, þrátt fyrir að stjórnarformennska hans hjá Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið mjög umdeild, enda hafi umsvifin þar treyst atvinnulífið á höfuðborgarsvæðinu. -jse



**ÞORLÁKUR BJÖRNSSON** Þorlákur segir framsóknarmenn hvergi bangna heldur séu þeir reiðubúnir að bera verk sín undir dóm borgarbúa og því leggur hann til að flokkurinn haldi opið prófkjör í Reykjavík.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**MAÐUR LÉST SKAMMT FRÁ HÖFN** Maður á sextugsaldri fannst látinn í Ketillaugarfjalli um miðbik gærdags. Maðurinn er heimamaður á Höfn og hafði gengið oft á fjallið. Lögreglan á Höfn sagði líklegt að fólk hafi farið að undrast um hann og fundið hann látinn. Maðurinn hafði fallið fram af brún. Ekki er ljóst hvort það hafi orsakaði dauða hans.

**FÓTBROTNAÐI VIÐ ÖSKJUVATN** Lögreglunni í Húsavík barst tilkynning um ökklabrotinn mann við Öskjuvatn um þrjúleytið í gær. Erfitt var að komast að manninum fótgangandi og var því send þyrla frá varnarliðinu til að sækja hann.

**BÁTUR SÖKK ÚT AF SNÆFELLSNESI** Báturinn Ísborg SH 58 var nærri sokkinn út af Snæfellsnesi um klukkan sex á föstudagskvöld. Landhelgisgæslan sendi bátinn Bárð SH 81 á vettvang og tókst að bjarga skipverjanum á Ísborgu ómeiddum.

**TVÖ UMFERÐARÓHÖPP** Tvö umferðaróhöpp urðu á Vesturlandsvegi í gær. Um klukkan tíu í gærmorgun varð árekstur við gatnamót Akrafjallsvegar og Vesturlandsvegar. Bílarnir skemmdust töluvert og þurfti að draga þá í burtu en engin slys urðu á fólki. Um tvö leytið valt bíll við gatnamót Vesturlandsvegar og Hvalfjarðarvegar. Að sögn lögreglunnar á Akranesi voru þrjár stúlkur í bílnum en engin þeirra slasaðist.

**TVÖ FÓTBOLTAMÓT OG HUMARHÁTÍÐ** Tvö fótboltamót eru á Akureyri yfir helgina og eitt golfmót. Að sögn lögreglu fór allt vel fram í gær en mikið var af fólki í bænum vegna mótanna. Einnig var mikill erill á Höfn vegna Humarhátíðarinnar sem stendur yfir en hátíðin fór einnig vel fram og lögregla hafði ekki þurft að hafa afskipti af hátíðarhöldunum í gær.

# Þýski bankinn hafði tilkynningaskyldu ytra

**Rúmlega tveir þriðju hlutar hagnaðar Hauck & Aufhäuser árið 2004 eru vegna söluhagnaðar af Búnaðarbanka. Þýski bankinn hafði tilkynningaskyldu vegna kaupanna hjá þýska fjármálaeftirlitinu.**

**VIÐSKIPTI** Rekstrarhagnaður þýska bankans Hauck & Aufhäuser nam um 2,4 milljörðum íslenskra króna árið 2004 samkvæmt ársreikningi bankans. Söluhagnaður bankans af bréfunum í Búnaðarbanka árið 2004 var hins vegar um 1,85 milljarður króna sem bóka á sem hagnað samkvæmt reikningsskilavenjum bankans.

Hagnaður bankans mun því að meira en tveimur þriðju hlutum byggður á fjárfestingu hans í Búnaðarbankanum. Þýski bankinn hefur ekki fengist til að staðfesta hvort sú fjárfesting hafi verið hans eigin eða hvort hann hafi keypt bréfin fyrir hönd annarra aðila eins og haldið hefur verið fram.

Alþekkt er að fjármálafyrirtæki hafi safnreikninga fyrir viðskiptavini sína. Þannig kemur bankinn fram sem hluthafi fyrir hönd viðskiptavinarins og er skráður hluthafi en ekki hinn raunverulegi eigandi. Slíkt telst fyllilega eðlilegt en engu síður hefur hinn raunverulegi eigandi upplýsingaskyldu gagnvart viðkomandi yfirvöldum, svo sem fjármálaeftirliti eða kauphöllum.

Þýska bankanum bar skylda að tilkynna þýska fjármálaeftirlitinu um kaup sín samkvæmt þýskum bankalögum, þar sem viðskipti með Búnaðarbankann áttu sér stað innan Evrópska Efnahagssvæðisins og eign Hauck & Aufhäuser í Búnaðarbankanum var meiri en tíu prósent. Þetta sagði starfsmaður þýska fjármálaeftirlitsins þegar





FRÉTTABLAÐIÐ/HB

**HÖFUÐSTÖÐVAR HAUCK & AUFHÄUSER Í FRANKFURT** Rúmlega tveir þriðju hlutar hagnaðar bankans árið 2004 er til kominn vegna söluhagnaðar af Búnaðarbanka.

Fréttablaðið leitaði upplýsinga þar um tilkynningaskyldu bankans. Þýska fjármálaeftirlitið vill ekki gefa upp hvort bankinn hafi gert slíkt enda tjáir það sig ekki um mál einstakra banka. Eftirlitið staðfesti þó að þýski bankinn hafi ekki haft þessa upplýsingaskyldu ef hann hefði keypt hlutinn í annars nafni því þá hefði sá aðili verið tilkynningaskyldur.

Forsvarsmenn Eglu hafa tjáð Fréttablaðinu að eignarhlutur þýska bankans í Búnaðarbanka hafi verið færður í veltureikning þýska bankans. Sá reikningur er skráður í ársreikningi 2003 að upphæð um 13 milljarðar íslenskra króna. Kaup bankans í Búnaðarbankanum sama ár voru að fjárhæð 3,7 milljarðar króna. Samkvæmt því er rúmlega fjórðungur af veltureikningi bankans viðskipti með bréf í Búnaðarbankanum.

hjalmar@frettabladid.is



**DANSAÐ Á FÆREYSKUM DÖGUM** Nokkuð hvasst var í Ólafsvík og einhver tjöld fuku.

Ólafsvík:

## Sumarhús og tjöld fuku

**HÁTÍÐ** Mikið fjör var á færeyskum dögum í Ólafsvík um helgina og fjöldi fólks sóttu bæinn heim. Lögreglan áætlar að um 3000 til 5000 manns hafi verið í bænum.

Að sögn lögreglu fór allt vel fram en mikinn strekking gerði aðfararnótt laugardags og veður var með versta móti. Tjöld fuku út í veður og vind sem og grind af sumarbústað sem var í byggingu. Björgunarsveitir og lögregla voru kölluð út til að aðstoða fólk sem lenti í vandræðum vegna veðurhamsins. Einhverjir gestir pökkuðu þá saman og fóru heim. Veðrið lagaðist þó fljótlega daginn eftir og vindinn lægði. ■

## EVRÓPA

**HERÐA LEIT AÐ MLADIC** Serbnesk og bosnísk stjórnvöld hafa ákveðið að herða leitina að stríðsglæpamönnum við landamæri ríkjanna tveggja. Leitin beinist einkum að Ratko Mladic, sem sakaður er um að hafa stjórnað fjöldamorðum á 8.000 múslimum í Srebrenica í júlí 1995.

**SKOTINN TIL BANA** Öfgamönnum úr röðum mótmælenda er kennt um morðið á karlmanni sem skotinn var til bana í Belfast, höfuðborg Norður-Írlands, á föstudag. Maðurinn var að vinna í rústum kráar sem var áður í eigu eins yfirmanna öfgahóps mótmælenda þegar bifreið var ekið framhjá og hann skotinn.


ORKA
ÚR IÐRUM JARÐAR



**Kynning á framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun**

Gestamóttakan í Skíðaskálanum í Hveradölum er opin **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

**Allir velkomnir!**

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


## VEÐRIÐ Í DAG

**KRÖPP LÆGÐ NÁLGAST LANDIÐ** Hún er býsna kröpp lægðin sem nú stefnir upp að suðaustanverðu landinu. Búast má við hvassviðri suðaustan til með morgninum en síðan hvessir víðast hvar þegar líður á daginn. Þessu kerfi fylgir talsverð úrkoma, einkum þó suðaustan og austan til en víðast má búast við vætu síðdegis eða í kvöld þó í minna magni verði. Þeir ferðalangar sem vakna í þurru og ætla að taka saman í þurru mega ekki bíða mjög lengi fram á daginn!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi





### Á morgun





Strekkingur með ströndum víða um land, en þó hægur sunnan til.

### Þriðjudagur





Hæglætisveður.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C heiðskírt | París | 27°C heiðskírt | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Berlín | 26°C heiðskírt | Milano | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 24°C heiðskírt | Frankfurt | 26°C alskýjað | New York | 26°C heiðskírt |
| Helsinki | 21°C heiðskírt | Madrid | 39°C heiðskírt | San Francisco | 21°C heiðskírt |
| London | 25°C hálfskýjað | Barcelona | 31°C alskýjað | Orlando/Florida | 32°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


emmessís
- HVERJIR ERU BESTIR?
BATMAN BEGINS
BATMAN
NÝTT
Lakkrís
Djæf
NÝTT
Súkkulaði
Hnetu
Jarðarberja
Vanillu
Jarðarberja
SJEIK
Súkkulaði
Daim
Banana
Hnetu
Toppar
Pinnar
NÝTT
Vanillu
Jarðarberja
Popp
Karamellu
Egils
ÍSNÁL
Tyggjó
Vanillu Stöng
Sykur-lausir
NÝTT
NÝTT
Sport Stöng
Ananas Lurkur
Appelsínu Lurkur
Lurkar
Tívolí
Tommi og Jenni
Grænn
Mars Ice Cream
Maltesers ice cream
SNICKERS



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú neytt ólöglegra eiturlyfja?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 24% |
| Nei | 76% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Mun Live 8 átakið breyta einhverju fyrir fátækt í heiminum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

BSRB hvetur stjórnvöld til aðgerða gegn fátækt:

# Brúum bilið milli ríkra og snauðra

**FÁTÆKT** Formaður og varaformenn BSRB afhentu utanríkisráðherra yfirlýsingu á föstudag, á baráttudegi sem kenndur er við hvíta bandið. Þar hvetur stjórn BSRB stjórnvöld og almenning til þess að taka virkan þátt í því að brúa þá gjá sem er milli ríkra og snauðra í heiminum. Ögmundur Jónasson formaður BSRB sagði að það væri ein forsenda þess að fátækt og örbirgð yrði upprætt að komið yrði á fót stjórnskipulagi sem laust væri við spillingu. „Forsenda þess að fjármunir í almannaþágu nýtist sem skyldi er opið og upplýst lýðræðissamfélag.“

Stjórn BSRB telur jafnframt mikilvægt að fulltrúar Íslands í alþjóðastofnunum og alþjóðasamstarfi beiti sér af alefli til stuðnings fátækum þjóðum.

Þegar Davíð Oddson utanríkisráðherra tók við yfirlýsingunni kvaðst hann myndu kynna hana á ríkisstjórnarfundi næstkomandi þriðjudag. „Við höfum séð að þeim fjármunum sem þjóðir heims verja til þessa verkefnis getur verið vel varið, sérstaklega þegar því er fylgt eftir að þeim sé raunverulega varið til sjálfshjálpar en ekki einvörðungu til að friðþægja gefandann eins og einstaka sinnum er.“ **-jh**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON FORMAÐUR OG SJÖFN INGÓLFSDÓTTIR OG JENS ANDRÉSSON VARAFORMENN BSRB ÁSAMT DAVÍÐ ODDSSYNI UTANRÍKISRÁÐHERRA** Utanríkisráðherra tekur við hvíta bandinu og hvatningu um baráttu gegn fátækt

Árásir Kúrda:

## Tvær lestir fóru af sporinu

**ANKARA, AP** Sex öryggisverðir létust og tólf slösuðust í Tyrklandi í gær þegar tvær lestir fóru út af teinunum. Orsök slyssins eru kunn, kúrdneskir uppreisnarmenn sprengdu tvær sprengjur á lestarteinum, undir lestunum, með þessum afleiðingum. Þriðja sprengjan fannst ekki langt frá þar sem fyrsta sprengjan sprakk og tókst að aftengja hana.

Tyrkneska leyniþjónustan segir að kúrdneskir bardagamenn hafi í æ meira mæli notað fjarstýrðar sprengjur í árásum sínum síðan stríðið í Írak hófst. ■

Henry Kissinger:

## Sér eftir gömlu norninni

**INDLAND, AP** Henry Kissinger, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segist sjá eftir því að hafa kallað Indiru Gandhi, þá forsætisráðherra Indlands, gamla norn í samtali við Richard Nixon, þáverandi Bandaríkjaforseta, árið 1971.

Upptökur með ummælum Kissingers voru gerðar opinberar fyrr í vikunni. Kissinger segir að taka verði tillit til þeirra aðstæðna sem voru uppi þegar hann lét orðin falla. Þá hafi kalda stríðið verið í algleymingi og Bandaríkjamenn lagt sig fram um að vera vinveittir Gandhi og Indlandi en ekki þótt sem hún endurgyldi það. ■

### EVRÓPUMÁL

**HEIMSÓKN HOLLENSKS RÁÐHERRA** Atzo Nicolai, Evrópumálaráðherra Hollands, fundaði með Geir H. Haarde fjármálaráðherra á miðvikudag í fjarveru Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra. Þróun ESB stjórnarskránnar var rædd og afstaða Íslands til aðildar að ESB. Einnig töluðu ráðherrarnir saman um EES samninginn og ýmis mál milli Íslands og Hollands.



**SUMARHÚSABYGGÐ Á SUÐURLANDI** Landgræðslan leigir um 45 lóðir sem hver er fimm til tíu fermetrar undir sumarbústaðabyggð og uppgræðslu. Greiða þarf lága leigu fyrir lóðirnar þegar hún er notuð til uppgræðslu en leigan hækkar þegar byrjað er að byggja.

# Landgræðslan leigir sumarhúsalóðir

**Landgræðslan hefur um langt skeið leigt lóðir meðal annars til sumarhúsabyggðar. Orkuveita Reykjavíkur var gagnrýnd fyrir að ætla að ráðast í sumarhúsabyggð. Stjórnarmaður í OR segir sömu grunnhugmynd eigi að ganga yfir alla.**

**SUMARBÚSTAÐABYGGÐ** Landgræðslan leigir út lóðir í sinni eigu til sumarbústaðabyggðar. Um er að ræða í kring um 45 lóðir sem hver er fimm til tíu hektarar að stærð.

„Landgræðslan á heilmikið land sem hefur verið afhent út af uppblæstri. Fólk hefur mikinn áhuga á því að fá land til að græða upp og svo hafa margir áhuga á því að byggja,“ segir Ásgeir Jónsson, sviðstjóri landupplýsingasviðs hjá Landgræðslunni, en stofnunin hefur komið til móts við þetta með því að skipuleggja reiti sem leigðir eru út til fólks þar sem má byggja. Nokkrar lóðir voru leigðar út árið 1997 og nú er verið að skipuleggja enn fleiri, auk þess sem verið er að setja inn á skipulag lóðir sem leigðar voru út fyrir tuttugu til þrjátíu árum.

„Við höfum haft þann háttinn á að menn borga litla leigu fyrir skikann á meðan bara er uppgræðsla á honum, en um leið og fólk fer að byggja hækkar leigan upp í það sem við höldum að sé markaðsvirði. Þetta er gert svo Landgræðslan lendi ekki í samkeppni við einkaaðila.“

Aðspurður um tekjur Landgræðslunnar af leigunni segir Ásgeir að þetta sé ekki hugsað sem tekjumöguleiki fyrir stofnunina. Þvert á móti sé þetta aðferð til að græða upp land og fá fólk til að taka þátt í því. Hann neitar því þó ekki að ef margir fari að byggja þá hafist af þessu þó nokkrar tekjur.

Meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var fyrr í sumar mjög gagnrýnd af minnihluta Sjálfstæðismanna í stjórninni fyrir að ætla að standa að byggingu sumarbúsaðabyggðar við Úlfljótsvatn. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, stjórnarmaður í OR, segir að ekki sé alveg um sambærileg mál að ræða og tekur fram að hún þekki ekki mál Landgræðslunnar. „Orkuveitan er hluti í fyrirtæki sem ætlar sér að búa til og reka heilt samfélag með sex hundruð húsum en ekki bara leigja lóðir til einstaklinga.“ Þorbjörg bætir við að sama grunnhugmynd hljóti að ganga yfir alla og að hún sé almennt mjög á móti því að ríkisfyrirtæki, eins og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, séu í samkeppni við einkaaðila. **-at**

Rafrænt skráningarkerfi:

## Gætu lent á biðlistum

**NÁM** „Nýtt rafrænt skráningarkerfi tryggir aðgang allra grunnskólanemenda til framhaldsnáms en þeir sem hafa verið frá námi af einhverjum orsökum gætu lent á biðlistum. Við höfum enga yfirsýn yfir þá sem hafa verið frá námi í einhvern tíma og því ómögulegt að tryggja aðgang þeirra að framhaldsnámi,“ segir Karl Kristjánsson, deildarstjóri skóla- og símenntunardeildar á skrifstofu menntamála í Menntamálaráðuneytinu.

„Þeir sem státa af góðum einkunnum eiga eðlilega betri möguleika. Meðal framhaldsskólanemandi kostar ríkið 600.000 krónur á ári og að sjálfsögðu viljum við að þeir standi sig í framhaldsnámi.“ ■

Sjúkraliðafélag Íslands:

## Umtalsverðar kjarabætur

**KJARASAMNINGAR** Sjúkraliðafélag Íslands hafa skrifað undir kjarasamning við ríkið, og felur hann í sér umtalsverðar kjarabætur fyrir sjúkraliða. Framlög til endur- og símenntunar verða aukin og orlofs- og persónuuppbót hækkuð. Jafnframt verða tryggingar vegna örorku og slysa auknar og framlag ríkis til fjölskyldu- og styrktarsjóðs félagsins hækkað. Í maí 2006 verður tekið upp nýtt launakerfi með nýrri launatöflu hliðstætt töflu BHM. Samningurinn verður kynntur á almennum fundi fyrir sjúkraliða í Reykjavík og nágrenni á mánudag. ■

### BANDARÍKIN

**FRUMHERJI HÆTTIR** Sandra Day O'Connor, fyrsta konan sem var skipuð í Hæstarétt Bandaríkjanna, hefur ákveðið að láta af störfum, 75 ára að aldri. Ronald Reagan skipaði hana í embætti árið 1981 og hefur hún oft farið millivegin milli afstöðu hægri- og vinstrisinnaðra dómara í dómstólnum.






Níu ára stúlka misnotuð kynferðislega:

## Fósturafi dæmdur í árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður var af Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í tólf mánaða fangelsi á föstudag og einnig til þess að greiða fjögurhundruð þúsund krónur í skaðabætur fyrir að hafa brotið kynferðislega á dóttur fósturdóttur sinnar. Maðurinn játaði að hafa í þrjú til fimm skipti nuddað kynfæri stúlkunar sem þá var níu ára og látið hana fróa sér.

Við aðalmeðferð málsins var leikin myndbandsupptaka þar sem stúlkan segir frá því að maðurinn hafi fiktað við kynfæri hennar, tekið hana úr nærbuxum og komið við þau innanklæða. Var þá stúlkan gestur á heimili ömmu sinnar og fósturafa en amma stúlkunnar var í svefnherbergi sínu þegar atburðirnir áttu sér stað. Einnig var lögð fram læknisvottorð dr. Kristins Tómassonar geðlæknis, þar sem fram kemur að ákærði hafi fimm sinnum leitað til læknisins vegna kvíðakasta og ranghugmynda. Hann hefði lýst því að hann taldi sig hafa leitað á barnunga stúlki og taldi að sér hefði ekki verið sjálfrátt.

Upp komst um málið árið 2002 þegar móðir stúlkunnar fékk hana til frásagnar eftir að stúlkan hafði sagst eiga leyndarmál með afa og kom þá fram hjá stúlkunni að hann borgaði henni fyrir að ódæðinu loknu. Lögð var fram kæra þann 26. ágúst á síðasta ári.

Maðurinn játaði sök en sagðist ekki muna skýrt eftir atburðunum né var hann viss um hvað sér stóð til með þeim en hann sagðist ekki hafa notið þessara athæfa kynferðislega. **-jse**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maður var dæmdur í tólf mánaða fangelsi á föstudag og til að greiða fjögurhundruð þúsund krónur í skaðabætur vegna kynferðislegrar misnotkunar á dóttur fósturdóttur sinnar.

# TÝNDUR



Lýst er eftir Darra Logasyni. Darri er 185 cm á hæð og með skolleitt hár. Hann hvarf fyrir u.þ.b. fimm mínútum. Síðast þegar heyrðist til Darra var hann að tala við kærustuna sína í síma en þá rofnaði sambandið allt í einu. Hann var í miðri setningu. Hún skilur ekkert hvað hann var að spá. Eru þau ekki örugglega saman ennþá? Er hann kannski ekkert skotinn í henni lengur? **Ef þú sérð Darra, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400 1400

Fiton/SÍA

**SOS**
**LÁTTU VITA AF ÞÉR**

**SOS LÁN**
Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LAN** í síma **1400**.

**SOS HRINGDU**
Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og vodafone

Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

30 þúsund manns deyja daglega vegna hungurs og fátækar.

## Spilað og sungið gegn fátækt

Nú um helgina hafa verið haldnir tónleikar víða um heim gegn fátækt í veröldinni, en einkum þó Afríku. Tónleikahaldarar vilja með þessu beina athyglinni að hinni miklu fátækt sem víða ríkir í heiminum og þeirri staðreynd að talið er að um 30 þúsund manns deyji á degi hverjum vegna hungurs og fátæktar. Það er engin tilviljun að þessi helgi er valin til tónleikahaldsins, því síðar í vikunni halda leiðtogar iðnveldanna átta fund í Skotlandi, þar sem málefni fátækustu ríkjanna verða til umræðu. Þegar hefur verið ákveðið að fella niður skuldir margra ríkja við alþjóðastofnanir, en meira þarf til. Fella þarf niður skuldir fleiri ríkja og þá ekki aðeins við alþjóðastofnanir.

*Þegar Ísland er komið á lista auðugustu ríkja heims miðað við mannfjölda og framþróun á ýmsum sviðum, gerir alþjóðasamfélagið þær kröfur til okkar að við stöndum við okkar hlut gagnvart þróunarríkjunum. Þess vegna verðum við að taka okkur á í þessum efnum, jafnframt því sem við þurfum að marka okkur ákveðna stefnu um hvernig við ætlum að verja framlögum okkar.*

Ekki er nóg að fella niður skuldir fátæku ríkjanna, það þarf kannski miklu fremur að huga að stjórnarfari og umbótum í stjórnkerfinu í mörgum þessara ríkja. Það er ekki þar með sagt að þau þurfi að taka upp stjórnkerfi vestrænna ríkja, heldur þarf að uppræta þá spillingu sem víða viðgengst í þróunarríkjunum, jafnframt því sem þau eiga að fá að halda sérkennum sínum hvert og eitt þeirra . Alþjóðastofanir og stórveldin hafa gjarnan gert að skilyrði fyrir aðstoð, að viðkomandi ríki taki upp breytta stjórnarhætti og lagi sig að vestrænum siðum, en slíkt leiðir ekki alltaf til bóta eins og dæmin sanna. Grunur leikur líka á að spilltir valdhafar hafi oft stungið á sig styrkjum og framlögum sem fara áttu til uppbyggingar og hjálpar fátækum í löndunum, eða að milliliðir hafi hirt góðan skerf að því sem fara átti til hjálparstarfs. Slíka hluti verður að koma í veg fyrir, ef takast á að koma fólkinu í fátæku löndunum til hjálpar.

Framlag tónlistarmannanna og annarra listamanna bæði hér á landi og víða um heim um helgina er mikilvægt til þess að vekja athygli á örbirgðinni í þróunarríkjunum, en svo þegar líður á vikuna og fundur leiðtoga iðnveldanna er að baki þá er hætt við að önnur mál taki athyglina frá vandamálum fátæku þjóðanna. Þá kemur til kasta stjórnvalda að efna þau loforð sem gefin hafa verið varðandi aðstoð. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út það markmið að ríki greiði 0,7 prósent hverrar landsframleiðslu til þróunarhjálpar. Mörg nágrannaríkja okkar hafa þegar náð þessu marki og við Íslendingar höfum stöðugt sótt í okkur veðrið í þessum efnum. Hlutfallsleg framlög okkar hafa hækkað ár frá ári, þótt enn sé töluvert í að við náum markmiði Sameinuðu þjóðanna. Þegar Ísland er komið á lista auðugustu ríkja heims miðað við mannfjölda og framþróun á ýmsum sviðum, gerir alþjóðasamfélagið þær kröfur til okkar að við stöndum við okkar hlut gagnvart þróunarríkjunum. Þess vegna verðum við að taka okkur á í þessum efnum, jafnframt því sem við þurfum að marka okkur ákveðna stefnu um hvernig við ætlum að verja framlögum okkar.




Fornbíladagurinn
á Árbæjarsafni í dag kl. 13-17.

Minjasafn Reykjavíkur


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðeins einn eftir

Könnun Gallup frá því í júní um fylgi stjórnmálaflokkanna gefur Frjálslynda flokknum ekki meira en einn þingmann. Hann fengi aðeins kjördæmakjörinn þingmann í norðvesturkjördæmi en enga uppbótarþingmenn.



Fyrsta þingmanninn missti Frjálslyndi flokkurinn þó þegar Gunnar Örlygsson gekk í raðir sjálfstæðismanna en næstu tvo eftir úthringingar Gallup. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, hefur þó sýnt að hann er til alls líklegur en þarf að gefa í ef hann ætlar sér að halda sínu fylgi.

### Menntaskólastíllinn

Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri Eglu, fataðist heldur flugið þegar hann þýddi enska fréttatilkynningu þýska bankans Hauck & Aufhäuser yfir á íslensku sem bankinn sendi frá sér á dögunum. Eglumenn létu svo Árna Þórð Jónsson hjá Athygli um að senda tilkynningu til fjölmiðla til þess að láta hana virka trúverðugri. Athygli vekur, þegar enska tilkynningin er skoðuð, að af henni má sjá að hún er ekki á hinni fínu banka-ensku sem notuð er af virtum fjármálafyrirtækjum í Evrópu, heldur minnir hún á góða æfingu í enskum stíl í menntaskóla.

### Engin heima

Eglu-menn, þeir Ólafur Ólafsson, Guðmundur Hjaltason og Kristinn Hallgrímsson, virðast ekkert kannast við með hvaða hætti fréttatilkynningin hafi borist hingað til lands. Þeir segja hana hafa verið gerða eftir að þeir sjálfir hafi greint þýska bankanum frá „ástandinu hér á landi" út af málefnum bankans. Peter Gatti, sem skrifaður er undir tilkynninguna, svarar hvorki skilaboðum né vill að neinu leyti tjá sig um málið og því virðist enginn vita neitt um tilkynninguna nema að Guðmundur Hjaltason sá um þýðingar á leikritinu.

hjalmar@frettabladid.is

# Blessuð þjóðremban

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Hef á stundum velt því fyrir mér hvort aðrar þjóðir tali jafn mikið um eigið ágæti og Íslendingar sannarlega gera þegar útlendingar heyra til – og láti jafn mikið fyrir sér fara á erlendri grundu og þeir einatt gera í sjálfumgleði sinni, slái jafn rækilega um sig, stæri sig – og monti sig margfaldlega.

Þessi líka merkilega þjóð.

Já, hvort til dæmis Danir, staddir á Ítalíu, hlammi sér niður hjá heimamönnum og byrji að dásama eigið land og þjóð; hvort Ítalirnir þekki ekki Kim Larsen, hafi komið til Legolands, lesi bækur Andersens? Hvort Svíar sem ferðast um Spánarlönd bíði í ofvæni eftir því að senjorarnir mæri þá fyrir það eitt að vera Svíar. Og hvort Finnar á ferð um Rússland telji það sjálfsagt mál að um æðar Slavanna hríslist hrifningarstraumur við þau stórtíðindi að viðmælandinn komi frá Suomi; ja hérna – sjálfir höfundar Kalevalanna, synir Sibelíusar, höfundar Helsinkisáttmálans. Hvað þá að Norðmenn byrji allar samræður við útlendinga á því hvort þeir þekki ekki Munch, eða A-ha, Bobbysocks og norsku peysurnar.

Býst við að Íslendingar séu sér á báti.

Og samkjafti ekki um eigið ágæti.

Æjá, blessuð þjóðremban.

Mig hefur oftsinnis langað til að síga undir borðbrúnina þegar Íslendingar byrja að tala um Gullfoss og Geysi á alþjóðlegum ráðstefnum úti í heimi, sérstaklega á fundum ferðamálafrömuða. Þá ætlar allt um koll að keyra í ofmati á eigin þjóð. Gullfoss stækkar um helming, Geysir magnast að mun. Og svo er marvaðinn gjarna troðinn með Íslendingasögunum og elsta tungumáli heims, að ekki sé talað um Grænlandsferðirnar og Ameríkufundinn, eldgosin og móðuharðindin, Laxness og Björk – og hvað þetta allt saman heitir sem leynist á bak við risavaxna kennitölu íslensku þjóðarinnar.

Ef svo undarlega vill til að þessir erlendu viðmælendur hafa ekki áhuga á náttúrufari, sögu og heimsfrægum Íslendingum má allt eins skipta yfir í hagtölur og slá um sig með nýjustu úttektum OECD; hvergi betra læsi, hærri aldur, nýrri bílar, minni barnadauði, meiri fegurð. Og svona almennt séð; hvergi meiri hamingja – jafn mælanleg og hún nú annars er.

Hef stundum reynt að setja mig í spor þessara útlendinga sem neyðast til að hlusta á orðagjálfur Íslendinga og allar þessar óumbeðnu lýsingar í fundahléum stóru ráðstefnanna úti í heimi. Hvað skyldu þeir vera að hugsa á meðan Íslendingar láta dæluna ganga um samanlagða fegurð Vatnajökulsþjóðgarðsins, þess stærsta og hrikalegasta í Evrópu. Og ég hugsa jafnframt til þess hvernig mér myndi sjálfum líða ef blaðamaður frá Möltu – svo dæmi sé tekið – byrjaði að stunda þennan ófögnuð í eyru mín af minnsta tilefni, svo sem á milli rétta í lokahófi einnar ráðstefnunnar; já vinur sæll, það get ég sko sagt þér að Valletta er einhver fjörlegasta borg sem hægt er að sækja heim; næturlífið magnað, konurnar hvergi fallegri, svolítið lauslátar meira að segja ... og svo myndi hann halla sér þétt upp að eyra mínu að hefja fagurgala sinn um sögu Möltu, Rómverjana sem komu þangað 218 fyrir Krist, Býsanska ríkið, Arabaveldið, Jóhannesarriddarana, Napóleonstímann og enska hernámið ... já, svo ekki sé minnst á kalksteinalögin á Gozo, vínekrurnar á Comino, hvort ég viti ekki af mállýskunum, málurunum, rithöfundunum og hvort ég þekki ekki hann David Agius, langfrægasta söngvara eyjunnar, hreint alveg dásamlegan fulltrúa lands og þjóðar.

Og ég myndi bara hlusta með býflugnasuðið í eyrunum.



*Ekkert finnst Íslendingum merkilegra en að mæla sig við aðrar þjóðir. Það fer einhver unaður um þjóðarsálina þegar fréttist af Kristjáni Jóhannssyni í einhverju óperuhúsi í Lyon, eða að Paul McCartney hafi hlustað á nýjustu plötu Sigur Rósar.*

Ekkert finnst Íslendingum merkilegra en að mæla sig við aðrar þjóðir. Það fer einhver unaður um þjóðarsálina þegar fréttist af Kristjáni Jóhannssyni í einhverju óperuhúsi í Lyon, eða að Paul McCartney hafi hlustað á nýjustu plötu Sigur Rósar. Hvað þá þegar íslenskir kaupsýslumenn kaupa grónar fatabúðir á fastalandinu. Enn meiri viðurkenning er að frægt fólk vilji koma til Íslands; rokkarar, leikarar, leikstjórar. Og þegar einn kunnasti dægurlagasmiður Breta tók upp á því að reisa sér einbýlishús í einu úthverfa Reykjavíkur sleikti þjóðin út um.

Það er eitthvað sætt við þetta. Ofursætt.

Íslendingum er eiginlegt að mæla sig stærri en þeir eru, enda verðbólga þeim í blóð borin – og svo hitt að iðulega finnst þeim þeir vera langtum fjölmennari þjóð en 300 þúsund manna smáríki. Allt sem bendir til þess að landið og landsmenn séu ívið veigameiri en veruleikinn vitnar um er og verður helsta fréttaefni þessarar þjóðar. Sagan er meiri, náttúran stórkostlegri og fólkið listrænna og snjallara en venjan er á meðal annarra þjóða, enda þótt allt saman sé þetta nú svona miðlungs þegar að er gáð.

Það er af þessum sökum sem Íslendingar skrifa fyrirfram um landsleiki Íslendinga og Þjóðverja í knattspyrnu eins og um gjörunninn leik sé að ræða ... þegar reyndir er sú að landslið þjóðarinnar á í stökustu vandræðum með að halda markinu hreinu í viðureign sinni við Möltu.

Best erum við nefnilega á smáþjóðaleikunum. En við minnumst ekkert á svoleiðis leika. Okkur lætur betur að leika stórhlutverkin þótt við pössum ekki í rulluna. Og njótum okkar hvergi betur en við ýktar lýsingar á eigin afrekum þegar útlendingar heyra til. Og þeir skulu sko hlusta.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# 800 5555

## Alla daga frá kl. 10 til 22




þú sérð innihaldið!




ÍSA-310 – ÍDEA grafísk hönnun

# AGA Gasol®

**Heima og að heiman**

**Afgreiðslan Breiðhöfða 11 er opin virka daga frá kl. 8 til 17.**



**AGA Gasol** hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Nú átt þú kost á að velja á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða hafðu samband og við tökum gamla þunga stálhylkið* þitt upp í nýtt **AGA Gasol** hylki.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Skilmálar AGA Gasol: Heimsendingarþjónusta ÍSAGA nær til Stór-Reykjavíkursvæðisins. Heimsendingargjald kr. 550,- leggst við kaupverð hylkis. AGA Gasol hylki verða eign viðskiptavinar. Tómum AGA Gasol hylkjum er hægt að skipta út fyrir áfyllt hylki og greiðir þú þá einungis fyrir innihaldið.

* Aðeins er tekið á móti 6 til 33 kg hylkjum sem eru með skilagjaldi.




ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11 | 110 Reykjavík
Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001

Linde Gas | AGA

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.: *SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 • *SAUÐÁRKRÓKUR*: Skipaafgreiðsla Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4623 • *REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114 • *ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349 • *AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.

viðskipti
vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*„Við eigum eftir að sjá afbragðs hálfsárs uppgjör hjá nokkrum félögum á næstunni og þá fyrst og fremst hjá fjármálafyrirtækjunum.“*

# Hlutabréfamarkaðurinn nær áttum

**Frá áramótum hefur úrvalsvísitalan hækkað um 23 prósent. Hækkunin á öðrum ársfjórðungi var 5,5 prósent sem þykir heldur lítið miðað við það sem á undan er gengið. Eggert Þór Aðalsteinsson fór yfir hlutabréfamarkaðinn á nýliðnum fjórðungi og ræddi við tvo sérfræðinga sem telja að fjárfestar geti vel við unað. Þeir eru sammála um að mikil eftirspurn sé eftir hlutabréfum þessa dagana.**

Hlutabréfamarkaðurinn hefur sýnt fá merki á þessu ári um að hann sé að gefa eftir. Nema síður sé. Þegar hækkunin frá áramótum er skoðuð hefur úrvalsvísitalan hækkað um 23 prósent sem varð að mestu til á fyrsta ársfjórðunginum. Bakkavör Group er í efsta sæti íslensku kauphallardeildarinnar þegar fyrri hálfleik er lokið. Félagið hefur hækkað um 60 prósent frá áramótum. Fast á hæla Bakkavarar kemur FL Group, sem hefur hækkað um helming.

### Annar fjórðungur rólegri

Hækkun á hlutabréfaverði var mun hóflegri á 2. ársfjórðungi en undanfarna fjórðunga. Alls hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 5,5 prósent á þeim ársfjórðungi sem var að líða. Til samanburðar hækkaði vísitalan um 16,5 prósent á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

Að jafnaði væru fjárfestar ánægðir með 5,5 prósenta hækkun yfir þriggja mánaða tímabil en hér á Íslandi þykir þetta lítið sökum mikilla hækkana á hlutabréfaverði undanfarin þrjú ár. Fjárfestir sem setti eitt hundrað þúsund krónur í hlutabréfum, sem fylgja þróun úrvalsvísitölunnar, í ársbyrjun 2002 hefur séð þau hækka upp í 350 þúsund krónur þremur og hálfu ári síðar.

Á öðrum ársfjórðungi hækkaði Bakkavör mest allra félaga eða um 22,6 prósent en Straumur kom skammt á eftir með 18 prósent hækkun. Sjö af þeim fimmtán félögum sem skipa Úrvalsvísitölun lækkuðu. Langmest lækkuðu bréf í Flögu Group eða um átján prósent.

Atli B. Guðmundsson, hjá greiningu Íslandsbanka, segir að áberandi munur hafi verið á þessum tveimur fjórðungum. „Fyrsti fjórðungur einkenndist af miklum hækkunum og ég held að margir hafi verið orðnir smeykir um að markaðurinn væri kominn fram úr sér í mars,“ segir hann.

Íslandsbanki reiknaði með að verð á hlutabréfum myndi hækka um 15-25 prósent á árinu. „Í apríl gerðum við nýja afkomuspá og spáðum nærri 30 prósenta hækkun yfir allt árið. Ég tel líklegt að markaðurinn stefni yfir þá spá,“ bætir Atli við.

Sigurður Valtýsson, framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka, tekur undir með Atla að hækkun úrvalsvísitölunnar sé meiri en hann hafði búist við. „Hækkun vísitölunnar hefur verið mjög mikil. Ég sé það hins vegar ekki fyrir mér að verðið lækki af neinu ráði. Það gæti komið tími þar sem fjárfestar selji bréf og taki út hagnað og þar með lækki vísitalan eitthvað.“

### Útrásin í algleymingi

Margt bar til tíðinda í Kauphöllinni á öðrum ársfjórðungi. Það var ekkert aprílgabb að ræða þegar tilkynning barst frá stjórn breska bankans Singer & Friedlander 1. apríl um að hún hefði hafið viðræður við stjórn stærsta hluthafans, KB banka, um hugsanlega yfirtöku. Féllust aðilar á að KB banki gerði tilboð í hlutabréf annarra hluthafa í S&F fyrir rúma 50 milljarða króna.

Bakkavör Group, fyrirtæki nátengt KB banka, yfirtók breska matvælaframleiðandann Geest í lok apríl og greiddi fyrir um 75 milljarða. Hafa þessi kaup fallið vel í kramið hjá fjárfestum eins og áður sagði og er ljóst að stjórnendur félagsins eru hvergi nærri hættir en þeir hafa kynnt áform sín um að stækka frekar í Evrópu og sækja inn á Kínamarkað.

Þriðja stóra félagið, sem stækkaði starfsemi sína á erlendum vettvangi, var Actavis Group. Í maí var tilkynnt að félagið hefði keypt bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Amide fyrir um 33 milljarða króna. Kaupin voru í fullu samræmi við stefnu félagsins að sækja inn á stærsta lyfjamarkað heims – Ameríkumarkað. Á dögunum lauk Actavis svo við fjármögnun á Amide með hlutafjárútboði þar sem hluthafar skráðu sig fyrir nýju hlutafé að andvirði tuttugu milljarða króna.

Greining Íslandsbanka er bjartsýn á gengi þessara þriggja félaga. „Við erum bjartsýnir á Bakkavör og KB banka. Einnig er ástæða til að vera bjartsýnn á gengi Actavis í ljósi þess hve útboðið gekk vel. Margir bíða eftir næstu afkomutölum og hvernig tekst til í Bandaríkjunum,“ segir Atli.

### Íslandsbanki í sviðsljósinu heima fyrir

Nóg var af fréttum heima fyrir á öðrum árshluta. Burðarás seldi alla hluti sína í Eimskipafélaginu



**GRÚPPURNAR HÆKKA** FL Group ásamt Bakkavör Group hafa hækkað mest allra félaga frá áramótum. Úrvalsvísitalan hækkaði um rúm fimm prósent á öðrum ársfjórðungi eftir mikla hækkun á þeim fyrsta.

**ÞRÓUN FÉLAGA Í ÚRVALSVÍSITÖLUNNI Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI**

| | |
|---|---|
| Bakkavör | +22,6% |
| Straumur | +18,0% |
| Landsbankinn | +13,7% |
| FL Group | +9,5% |
| Íslandsbanki | +8,8% |
| Burðarás | +7,4% |
| Úrvalsvísitalan | +5,5% |
| Marel | +2,8% |
| KB banki | +1,7% |
| Kögun | -0,5% |
| Og fjarskipti | -1,2% |
| Samherji | -1,2% |
| Actavis | -2,2% |
| Össur | -4,8% |
| Atorka | -4,9% |
| Flaga | -18,2% |

Heimild: Íslandsbanki



# FL Group eykur við hlut sinn í easyJet

FL Group bætti við sig bréfum í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet á föstudaginn samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta gerist sama dag og tilkynnt var um mikil eigendaskipti í FL Group þar sem næststærsti hluthafinn Saxbygg seldi öll sín bréf.

EasyJet er skráð í bresku kauphöllina. Markaðsvirði þess er um 200 milljarðar. FL Group, næststærsti hluthafinn í félaginu með um tíu prósenta hlut, hefur samkvæmt heimildum haft mikinn hug að stækka stöðu sína verulega í breska lággjaldafélaginu, sem er að 40 prósent hluta í eigu Stelios Haji-Ioannou og fjölskyldu nánustu ættingja. Á föstudaginn voru nær þrefalt meiri viðskipti með easyJet en á venjulegum degi og hækkaði gengi bréfanna um 5,3 prósent. Stelios, sem stofnaði félagið árið 1995, hefur lýst því yfir að ekki sé óeðlilegt að gengi easyJet sveiflist á bilinu 150-400 pens en núverandi gengi er í 258 pensum á hlut.

FL Group hóf að kaupa bréf í easyJet í október á síðasta ári, þegar verðið var í lágmarki, og eignaðist þá átta prósenta hlut fyrir rúma sex milljarða króna.

- eþa



**EASYJET** Gengi bréfa easyJet hækkaði um 5,3 prósent á föstudag og voru viðskiptin nær þrefalt meiri en á venjulegum degi.

til Avions Group fyrir tæpa 22 milljarða króna. Avion Group, sem hyggur á skráningu í Kauphöllina eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári, er orðið stærsta flutningafyrirtæki landsins með 110 milljarða ársveltu.

Burðarás kom einnig við sögu í slagnum um Íslandsbanka. Félagið keypti allan hlut Steinunnar Jónsdóttur, um fjögur prósent, snemma í júní. Kaupin gætu haft áhrif á valdabaráttuna innan Íslandsbanka sem er í fullum gangi. Línurnar taka eflaust að skýrast á þessum ársfjórðungi.

Straumur seldi um 38 prósenta hlut í Tryggingamiðstöðinni snemma á ársfjórðungnum. Kaupendur voru fjölskylda Óla heitins í Olís, kennd við eignarhaldsfélagið Sund, Fjárfestingarfélag sparisjóðanna og Höfðaborg.



**SIGURÐUR VALTÝSSON** Framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka



**ATLI B. GUÐMUNDSSON** Hjá greiningu Íslandsbanka

Tvö ný félög litu dagsins ljós í Kauphöllinni á öðrum ársfjórðungi. Vekur það athygli, enda hafa félögin yfirgefið Kauphöllina svo tugum skiptir á undanförnum árum. Fyrsta erlenda félagið var skráð í júní þegar bréf færeyska olíuleitarfélagsins, Atlantic Petroleum, voru tekin á markað.

Mun stærra félag var skráð skömmu síðar -Mosaic Fashions, breska tískuverslunarkeðjan sem er að stærstum hluta í eigu Baugs Group. Allt hlutafé í útboði til fagfjárfesta og almennings seldist upp. Hækkun félagsins hefur verið heldur lítil á eftirmarkaði – um fjögur prósent.

Atli er þokkalega bjartsýnn á að félögum taki að fjölga á ný og telur að mikil eftirspurn sé á markaði fyrir góðum fjárfestingarkostum. „Hlutafjárútboðið hjá Actavis var mjög stórt en féll samt vel í kramið hjá hluthöfum. Sala nýs hlutafjár hjá Íslandsbanka, Landsbankanum, Mosaic og Straumi gekk einnig vel.“

Sigurður tekur í sama streng en bendir jafnframt á að á sama tíma hafa skuldabréfaútboð fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisstofnana aflað þeim tæpum 100 milljörðum á sex mánuðum. „Það er ekkert smáræði,“ segir hann.

**Uppgjörin verða góð**

Sérfræðingar eru sammála um að markaðurinn hafi róast. Sigurður segir þróunin í Kauphöllinni geti ráðist af því hvernig einkavæðing Símans gangi, hverjir fái hann og hvert kaupverðið verður. Hann bætir því við að aukin útrás styðji þá hækkun sem þegar sé orðin og hlakkar til að sjá afkomutölur sem birtast fljótlega. „Við eigum eftir að sjá afbragðs hálfsárs uppgjör hjá nokkrum félögum á næstunni og þá fyrst og fremst hjá fjármálafyrirtækjunum.“





**JIM MORRISON (1943 – 1971)**
lést þennan dag.

*„Vinur er sá sem veitir þér algert frelsi til að vera þú sjálfur.“*

***Jim Morrison var söngvari hljómsveitarinnar The Doors, sem naut gífurlegra vinsælda. Hann lést 27 ára gamall í baðkeri í París.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Barbie í lífstíðarfangelsi*

Þennan dag árið 1987 var fyrrverandi Gestapó-foringinn Klaus Barbie dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir glæpi gegn mannkyninu. Kviðdómur fann hann sekan um 341 ákærulið í dómssal í Lyon í Frakklandi. Hinn 73 ára gamli Barbie, sem hlaut viðurnefnið „slátrarinn frá Lyon“ var ákærður fyrir að láta flytja 842 manns í útrýmingarbúðir Nasista í seinni heimstyrjöldinni. Flestir þeirra voru gyðingar og um 370 af þeim sem Barbie sendi í búðirnar létu lífið. Ein ákæran snérist um atvik þar sem 44 börnum var smalað saman á bóndabæ nálægt Lyon og send á vit dauðans.

Dómssalurinn var yfirfullur af aðstandendum þeirra látnu. Málið fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun í Frakklandi og beið fólk fyrir utan dómshúsið til þess að hlýða á úrskurðinn.

Áður hafði Barbie tvisvar verið dæmdur til dauða en hann lifði undir fölsku nafni í Bólivíu. Hann fannst þar árið 1972 en yfirvöld í Bólivíu fengust ekki til að framselja hann fyrr en árið 1983. Barbie gekk til liðs við SS-sveitir Þjóðverja árið 1935 og varð síðar yfirmaður Gestapó í Lyon. Talið er að hann eigi sök á dauða yfir fjögur þúsund manna í síðari heimstyrkjöldinni. Eftir stríðið vann Barbie fyrir Bandaríkin sem gagnnjósnari en Bandaríkin báðust síðar afsökunar á því. Barbie lést í fangelsi í Lyon 25. september árið 1991.



**3. JÚLÍ 1987**

## MERKISATBURÐIR

**1863** Robert E. Lee hershöfðingi er sigraður við Gettysburg í bandarísku borgarastyrkjöldinni.

**1921** Hin íslenska fálkaorða er stofnuð. Hana á að veita þeim sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður Íslands.

**1948** Skrifað er undir samning um Marshall-aðstoð. Bandaríkjamenn létu Íslandi um 39 milljónir dala í té.

**1954** Dregið var í fyrsta sinn í Happdrætti DAS. Fyrsti vinningurinn var Chevrolet-fólksbifreið.

**1973** Vísindamenn lýsa því yfir að eldgosinu í Heimaey sé lokið.

**1986** Sjálfvirkt farsímakerfi Landssímans er formlega tekið í notkun.



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn Bjarnason opnaði nýjan vef Lögbirtingablaðsins.

# Lögbirtingablaðið aðeins á netinu

Lögbirtingablaðið verður í framtíðinni einungis gefið út á netinu. Á föstudag opnaði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra nýjan vef Lögbirtingablaðsins, www.logbirtingablad.is, á sýsluskrifstofu Hvolsvallar. „Í dag eru merk tímamót í sögu Lögbirtingablaðsins, þegar stigið er skref frá prentaðri útgáfu þess til rafrænnar. Með þessari breytingu er svarað kalli tímans en prentað hefur blaðið verið gefið út síðan í ársbyrjun 1908,“ sagði Björn en Gutenberg prentsmiðjan prentaði blaðið í 97 ár.

Í ársbyrjun 2002 var stigið fyrsta skrefið í átt að rafrænni útgáfu samhliða þeirri prentuðu og nú til fulls.

Þrátt fyrir hið nýja fyrirkomulag verður hægt að panta ný tölublöð á prenti. Netáskrift af blaðinu verður ókeypis fram að áramótum. ■

## ANDLÁT

**Pála S. Ástvaldardóttir** frá Sauðárkróki er látin.

**Sigurjón Björnsson** fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma í Kópavogi, lést miðvikudaginn 29. júní að Hrafnistu í Hafnarfirði.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1883 Franz Kafka** rithöfundur.

**1962 Tom Cruise** leikari.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI

Ólafur Sigurgeirsson, dvalarheimilinu Ási í Hveragerði, er áttræður í dag.



**Salóme Þorkelsdóttir,** fyrrverandi forseti Alþingis, er 78 ára.

Ólöf Eldjárn ritstjóri er 58 ára.

Bára Lyngdal Magnúsdóttir leikkona er 41 árs.

**Marsibil Jóna Sæmundsdóttir** er 31 árs.






†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma*

**Bergþóra G. Jónsdóttir**
Hjálmholti 9, Reykjavík,

sem lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 25. júní s.l. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 4. júlí kl. 13.

**Hrafnkell Björnsson**
**Aðalsteinn Hrafnkelsson**
**Björn Hrafnkelsson**
**Viðar Hrafnkelsson**
**Dagbjört Aðalsteinsdóttir**
**Kristín María Guðjónsdóttir**




**Í KVENNAHLAUPI** Sólheimar standa fyrir kvennahlaupi á hverju ári. Þó nokkur fjöldi kvenna á Sólheimum tóku þátt í ár og hér má sjá þær fyrir framan kaffihúsið Grænu könnuna.

SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI: 75 ÁR FRÁ STOFNUN

# Vilja vera sjálfstætt sveitarfélag

Margt hefur breyst frá þeim tíma þegar Sesselja H. Sigmundardóttir stofnaði barnaheimili á Sólheimum í Grímsnesi í nokkrum tjöldum á afmælisdag sinn 5. júlí árið 1930. „Það var torfbær á staðnum en hann var óíbúðahæfur,“ greinir Agnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri Sólheima frá og bætir við að Sesselja og börnin hafi dvalið í tjöldum fram í nóvember á meðan Sólheimabærinn var byggður. Nálægur hver hafi verið leiddur í rörum undir gólf tjaldanna til að halda hita.

Slík hugvitssemi einkennir enn þann dag í dag Sólheimasamfélagið en það rekur sína eigin hitaveitu, dreifikerfi fyrir rafmagn, fráveitukerfi, vatnsveitu, sorphirðu, endurvinnslu auk þess sem sjö íbúar skipa slökkvilið á staðnum.

Árið 1931 kom fyrsta fatlaða barnið að Sólheimum að undirlagi Knut Ziemsen sem hafði verið Sesselju innan handar við barnaheimilið. Hún samþykkti það með þeim skilyrðum að það myndi ekki hamla börnunum sem fyrir voru.

Agnar segir að í rauninni hafi Sólheimar aldrei verið skilgreindir sem staður fyrir þroskahefta eða fatlaða heldur búi þar saman fólk sem aðhyllist sérstaka umhverfisstefnu en Sólheimar voru fyrsti staðurinn á Norðurlöndum til þess að stunda lífræna ræktun. Agnar segir að í raun geti hver sem er flutt til Sólheima meðan viðkomandi fylgi umhverfisstefnu staðarins.



**Í SUNNU** Reynir Pétur kitlar Rósu forstöðumann garðyrkjustöðvarinnar Sunnu með laufblaði. Með þeim á myndinni er dóttir Rósu, Líney Lea og Edda Guðmundsdóttir.

Um hundrað íbúar búa á Sólheimum og njóta um fjörutíu þeirra þjónustu. „Þetta er bara samfélag,“ segir Agnar,og bætir við að daglegt líf á Sólheimum sé líflegt. Allir vinni frá níu til fimm og fimm daga vikunnar borði stærstur hluti íbúanna saman í hádeginu. Eftir vinnu er hægt að fara í félagsmiðstöðina Grænu könnuna eða taka þátt í starfi íþrótta-, skáta- og leikfélagsins.

Agnar segir að draumur Sólheimaíbúa sé að gera Sólheima að sjálfstæðu sveitarfélagi enda séu þau nánast sjálfbær. „Við sjáum um allt sjálf nema skóla- og leikskóla,“ segir Agnar en gerir sér þó grein fyrir að það falli varla að stefnu ríksins um að fækka sveitarfélögum.

Afmælishátíð verður haldin í dag að Sólheimum og vígir biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, Sólheimakirkju. Þá verður Umhverfissetur Sólheima tekið formlega í notkun og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra flytur ávarp en setrið mun leggja áherslu á að kynna sjálfbæra þróun.

Á afmælinu sjálfu á þriðjudag tekur Árni Magnússon félagsmálaráðherra fyrstu skóflustunguna að nýrri miðstöð Sólheima auk þess sem opnað verður trjásafn. ■

# Vaxtalaust verðhrun

## Dupen rúmin fást eingöngu í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

COLCHON DUPEN

**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999 kr | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999 kr | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.999 kr | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999 kr | 71.988.- |
| Stillanleg rúm | 5.999 kr | 71.988.- |

**Sængurverasett**
100% bómullarsatín
hvítt, drapp, vínrautt, d.blátt
**2.699 kr**

# Rúm í úrvali



**Vaxtalaust tilboð**
**9.990* kr**
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 99.900,-

**Royal rafmagnsrúm**
Stærð 90 x 200sm.
20sm latex dýna



**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999 kr | 20.993.- |
| 120 x 200 | 2.999 kr | 26.991.- |
| 150 x 200 | 2.999 kr | 32.989.- |

**Dynamic rúm**
Fæst í þremur stærðum.
Einfalt og þægilegt.

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS**
*Endurskoðuð*

II. HLUTI

# Styrkur umboðsmanns er háður stuðningi Alþingis

**Styrkur og veikleiki þingsins**

Í viðtali við prófessor Sigurð Líndal, sem birt er hér í öðrum hluta greinaflokks um endurskoðun stjórnarskár Íslands, finnur hann að því, að Alþingi gefi eftirlitsvaldi sínu ekki nægilegan gaum. Sigurður segir að þrátt fyrir veika stöðu löggjafarvaldsins gagnvart ríkisstjórn hafi Alþingi þrátt fyrir allt eftirlitsvald í krafti tveggja stofnana sem þingmenn ættu að hlú að. Þær eru Ríkisendurskoðun og embætti umboðsmanns Alþingis. Orðrétt segir Sigurður um umboðsmann Alþingis: „Mér finnst hins vegar athyglisvert hvað lítið er gert með álitsgerðir umboðsmanns Alþingis. Ég verð ekki var við að þær séu mikið ræddar eða að þingmenn láti sig þær miklu skipta. Framkvæmdavaldið hefur oft brugðist misjafnlega við ábendingum umboðsmanns. Mér finnst að þingið eigi að veita þessum tveimur stofnunum rækilegan stuðning.“

**Áliti Umboðsmanns stungið ofan í skúffu**



Rétt er að tilfæra hér eitt dæmi máli Sigurðar til áréttingar.

Á fimmtugasta afmælisári Íslenska lýðveldisins 1994 setti Alþingi lög um lýðveldissjóð sem næstu fimm árin eftir setningu laganna skyldi verja samtals 500 milljónum króna til eflingar íslenskrar tungu og rannsókna á lífríki sjávar. Lögin voru sett við hátíðlega athöfn á Þingvöllum. Sjóðurinn heyrði undir forsætisráðuneytið og var undanþeginn opinberum gjöldum.

Árið 1996 bar prófessor í þróunarfræði upp kvörtun við umboðsmann Alþingis. Í stuttu máli snerist kvörtunin um það að tveir menn Hafrannsóknastofnunarinnar tóku sæti í þriggja manna verkefnisstjórn sem lagði mat á umsóknir um styrki úr sjóðnum til rannsókna á lífríki sjávar. Fram kemur í umræddu áliti umboðsmanns að sjálfir áttu þeir aðild að 5 af 21 verkefni sem sjóðurinn hafði styrkt árið 1996. Þessir sömu einstaklingar lögðu sem sagt mat á umsóknir keppinauta sinna um styrkina.

Í áliti umboðsmanns Alþingis segir að hver sá sem á aðild að eða er í fyrirsvari fyrir umsókn um styrk úr opinberum sjóði sé vanhæfur til meðferðar máls á grundvelli stjórnsýslulaga.

Í bréfi til þáverandi forseta Alþingis vakti umboðsmaður Alþingis athygli á réttaróvissu og taldi meinbugi á lögum um lýðveldissjóð.

Sýndu þingmenn þessu bréfi umboðsmanns Alþingis fullkomið tómlæti? Var því stungið ofan í skúffu forseta Alþingis?

**Jóhann Hauksson**



**ÞORBJÖRN BRODDASON**
FÉLAGSFRÆÐIPRÓFESSOR

## *Fjórða valdið*

Margir kannast við umræðuna um þrískiptingu valdsins í framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald. Færri vita, að þegar rætt er um fjölmiðla sem fjórða valdið, er ekki vísað til áður greindrar þrískiptingar.

Þorbjörn Broddason félagsfræðiprófessor ræddi fjórða valdið í fyrirlestri á vegum Sagnfræðingafélagsins 16. nóvember 2004. Hann rifjaði upp að Thomas Carlyle hefði á nítjándu öld bent á fjölmiðla sem fjórða valdið og jafnvel talið afl þeirra meira en annarra valdapósta. Carlyle nefndi þrjár valdastéttir á undan fjölmiðlunum, en þær voru kirkjuaðall, lávarðar og neðri málstofa breska þingsins skipuð fulltrúum almennings eða borgara.

Þorbjörn Broddason sagði svo orðrétt: „Þessi uppruni hugmyndarinnar um fjórða valdið kemur mörgum framandlega fyrir sjónir, sem ekki er að undra, vegna þess að nútímaskilningur á henni vísar oftast til hinnar stjórnarskrárbundnu aðgreiningar þjóðfélagsvaldsins á okkar dögum í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald þar sem hlutverk dómsvaldsins er að hafa vit fyrir framkvæmdavaldinu og að nokkru leyti löggjafarvaldinu. Þeir, sem nú tala um fjórða valdið, líta á fjölmiðlana sem viðbótarþátt í þessum valdavef samfélagsins; hlutverk þeirra samkvæmt þessum skilningi er að gæta hinna þáttanna. Ein leið fyrir fulltrúa hinna stjórnarskrárbundnu valdaþátta til að verjast fjölmiðlunum, þessu óskilgetna systkini þeirra – ef svo má að orði komast – er að seilast til áhrifa innan þeirra.“ - **jh**

**STJÓRNARSKRÁIN**
VERÐUR ÞESSUM GREINUM BREYTT?

**1. gr.**
Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

**2. gr.**
Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

**26. gr.**
Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

# Ríkisstjórn ríkir yfir þinginu

Sigurður Líndal lagaprófessor segir framkvæmdavaldið hafa sótt í sig veðrið og ríkisstjórnin sé raunverulega eins og önnur deild Alþingis. „Þingmenn vilja helst ekki fara þaðan þegar þeir hafa tekið sæti í henni.“ Jóhann Hauksson ræðir við Sigurð Líndal um endurskoðun stjórnarskrárinnar og þrískiptingu valdsins.

**Hvernig hemja má valdið?**

Emeritus Sigurður Líndal lagaprófessor er sérfróður um stjórnskipunarrétt og mikill áhugamaður um grundvallarþætti stjórnarfars. Á fundi Þjóðarhreyfingarinnar í nýliðnum mánuði sté hann í pontu í hinum sögufræga þjóðfundarsal í Menntaskóla Reykjavíkur. Sigurður tók til máls um þrískiptingu valdsins og fyrirhugaða endurskoðun íslensku stjórnarskrárinnar. Blaðamaður settist niður innan um bækurnar á heimili Sigurðar og ræddi við hann um þrískiptingu valdsins. Sigurður Líndal hefur orðið:

**Hvernig hemja má valdið**

„Þrískipting valdsins í framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvalds er að vísu ekki mjög gömul en að skipta valdi í þjóðfélaginu hefur verið til allt frá fornu fari, hjá Grikkjum og Rómverjum svo dæmi séu nefnd. Elsta skiptingin og sú sem leiddi reyndar oft til átaka er milli þjóðhöfðinga og þings eða skipting í samkomu höfðingja og alþýðu annars vegar og þjóðhöfðingja hins vegar. Svo megum við heldur ekki gleyma skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem er ef til vill enn mikilvægari. Og þá hefur frá fornu fari verið deilt um það hvað eigi að vera undir miðstjórn ríkis og hvaða vald eigi að fara með í héruðum eða á svæðum milli miðstýringar og valddreifingar. Þetta er annað átakamálið. Svo kemur þriðja atriðið og það er þrískipting ríkisvaldsins sem oft er kennd við Montsesquieu. John Locke átti ekki minni þátt í henni og þessi skipting á sér raunar rætur aftur til miðalda. Þrískiptingin er í dönsku stjórnarskránni frá 1849 og átti meðal annars rætur að rekja til Frakklands. Hún miðar að því að hver þáttur ríkisvaldsins hafi hemil á hinum. Að koma á jafnvægi og gagnkvæmu eftirliti. Segja má að löggjafarvaldið sé valdamest og mikilvægast. Það er skipað þjóðkjörnum mönnum og hefur að því leyti nánust tengsl við fólkið ef svo má segja. Síðan er það framkvæmdavaldið sem er háð löggjafanum þar sem þingræði er viðurkennt. Annars staðar er það sjálfstætt þar sem tengslin eru ekki fyrir hendi. Loks er það dómsvaldið og oft er álitamál hvernig þessi skipting virkar í reynd.“

*„Mér finnst hins vegar athyglisvert hvað lítið er gert með álitsgerðir umboðsmanns Alþingis. Ég verð ekki var við að þær séu mikið ræddar eða að þingmenn láti sig þær miklu skipta.“*

**Styrkja þarf stöðu þingsins**

„Við búum við þingræði og þingræðið hefur leitt til þess að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds eru lítil. Skilin eru óljós eðal óglögg. Og það virðist hafa þróast þannig hér á landi að ríkisstjórn sé að sumu leyti orðin helst til áhrifamikil á kostnað þingsins. Sumir kalla nú Alþingi afgreiðslustofnun ríkisstjórnarinnar. Ég vil nú ekki komast þannig að orði en mér finnst ríkisstjórn,framkvæmdavaldið, hafa sótt í sig veðrið og ég hef áður orðað það svo að ríkisstjórnin sé raunverulega eins og önnur deild Alþingis. Mál eru þar rædd. Þar eru atkvæðagreiðslur og mér sýnist að þingmenn sækist mjög eftir að komast í þessa nýju deild; ég veit ekki hvort ég ætti að kalla hana efri deild eða lávarðardeild, sem er þá valdameiri. Og vilji helst ekki fara þaðan þegar þeir á annað borð hafa tekið sæti í henni. Þeim finnst mörgum að pólítískur ferill þeirra hafi misheppnast komist þeir ekki í þessa deild. Þarna er viss röskun milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Að sumu leyti finnst mér þetta vera áhyggjuefni. Við kjósum ekki ráðherrana. Við vitum aldrei hvernig ríkisstjórn verður því menn ganga óbundnir til kosninga. Mér finnst að þarna þyrfti að vera meira jafnvægi. Ég teldi mjög mikilvægt við endurskoðun stjórnarskrárinnar að styrkja stöðu þingsins. Þetta er umhugsunarefni.“



**PRÓFESSOR SIGURÐUR LÍNDAL** „Þótt við færum ekki alveg svo langt mætti hugsa sér að skilja mætti á milli þannig að þingmenn hættu þingmennsku þegar þeir verða ráðherrar.“

*Getum við leitað fyrirmynda?*

„Já það eru til fyrirmyndir. Í Bandaríkjunum er til að mynda ekki þingræði. Þar hafa heyrst raddir um að beinlínis afnema þingræðið. Þingræðið er vitanlega hugsað þannig að þingið hafi öll tök á ríkisstjórninni. Það er hugsunin á bak við þingræðið. Í Bandaríkjunum er ekki þingræði og þess vegna eru ráðherrar kallaðir fyrir þingnefndir þar og yfirheyrðir stranglega að manni skilst. Þótt við færum ekki alveg svo langt mætti hugsa sér að skilja mætti á milli þannig að þingmenn hættu þingmennsku þegar þeir verði ráðherrar. Jafnvel að utanþingsmenn yrðu skipaðir ráðherrar. Sjálfsagt þykir sumum það helst til langt gengið. Þá eru ráðherrarnir í raun framkvæmdastjórar þingsins og háðir stjórn með hliðstæðum hætti og í hlutafélagi þar sem stjórn ræður sér framkvæmdastjóra og hefur tögl og hagldir. Í Noregi er þetta þannig. Menn segja af sér þingmennsku eða fá lausn meðan þeir eru ráðherrar og varamenn þeirra koma inn í staðinn.“

**Þingið styðji eftirlitsstofnanir sínar**

„Auk þess má styrkja þingið og það hefur verið gert. Við megum ekki gleyma því að Ríkisendurskoðun, sem mjög er á dagskrá þessa dagana, var sett undir yfirstjórn Alþingis og svo er það umboðsmaður Alþingis. En mér er ekki alveg ljóst hver staða þeirra er gagnvart þinginu. Ég hef á tilfinningunni, með réttu eða röngu, að þingið styðji ekki þessar stofnanir sem skyldi. Þetta er hugboð mitt og ég fullyrði ekkert um þetta.“

*Eru eftirlitsstofnanir þingsins undir hæl ríkisstjórnarinnar?*

„Ég hef grun um það og óttast þetta. Menn verða að hafa í huga að með þessum stofnunum var ætlunin að styrkja eftirlitsvald þingsins. Og ég held að það hafi styrkst. Mér finnst hins vegar athyglisvert hvað lítið er gert með álitsgerðir umboðsmanns Alþingis. Ég verð ekki var við að þær séu mikið ræddar eða að þingmenn láti sig þær miklu skipta. Framkvæmdavaldið hefur oft brugðist misjafnlega við ábendingum umboðsmanns. Mér finnst að þingið eigi að veita þessum tveimur stofnunum rækilegan stuðning.“

**Skipun hæstaréttardómara óviðunandi**

„Og svo má vitanlega ekki gleyma dómsvaldinu. Varla er minnst á dómsvaldið í stjórnarskránni. Ég tel að staða dómsvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu sé fjarri því að vera nægilega öflug. Staða Hæstaréttar er allt of veik. Það á einkum við um skipun hæstaréttardómara sem er algerlega óviðunandi eins og er. Að skipan hæstaréttadómara geti verið háð vilja eins ráðherra er öldungis fráleitt og gengur ekki. Þegar skipaður er héraðsdómari er sett á fót dómnefnd, farið yfir störf umsækjenda og hæfni og álit gefið. Að vísu skipar svo dómsmálaráðherrann í embættið. Ég er hissa á því að betur skuli vandað til skipunar héraðsdómara en hæstaréttardómara. Að minnsta kosti ætti að fara yfir umsóknir og vega þær og meta rækilega. Það er til dæmis gert við skipun í embætti háskólakennara.

*„Að skipan hæstaréttadómara geti verið háð vilja eins ráðherra er öldungis fráleitt og gengur ekki. Þegar skipaður er héraðsdómari er sett á fót dómnefnd, farið yfir störf umsækjenda og hæfni og álit gefið. Að vísu skipar svo dómsmálaráðherrann í embættið. Ég er hissa á því að betur skuli vandað til skipunar héraðsdómara en hæstaréttardómara.“*

Mér finnst líka koma til greina, sem er alls ekki frumleg hugmynd, að Alþingi staðfesti skipan hæstaréttardómara, jafnvel með auknum meirihluta. Þetta er gert í Bandaríkjunum og þar hefur tillögum stundum verið hafnað. Sumir tala gegn þessu og segja að með þessu fyrirkomulagi verði val á hæstaréttardómurum pólítískt. Ég svara á móti að ég trúi því ekki að Alþingi geti ekki tekið málefnalega afstöðu. Ég trúi því ekki fyrr enn ég tek á því.

Í öðru lagi þá held ég að til dæmis aukinn meirihluti Alþingis sé líklegri til þess að tryggja vandaða málsmeðferð við skipun hæstaréttardómara heldur en duttlungar tiltekins dómsmálaráðherra.“ ■

*Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.*

NETFANGIÐ ER:
**stjornarskra@frettabladid.is**





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VINÁTTA ÞJÓÐANNA ER TRAUST** Ég hef aldrei fundið fyrir neins konar fjandskap frá Íslendingum hvar sem ég hef verið á landinu. Oft eru Íslendingar einfaldlega að gefa góð ráð sem þeir búast við að verði til gagns. Þannig var ég oft stöðvaður úti á götu þegar umræðurnar um Abu Ghraib-fangelsið í Írak stóðu sem hæst og við mig sagt: „Þið verðið komast að því hvað er að gerast þarna og síðan að lagfæra það sem miður hefur farið.“

# Umboðsmaður ofurveldisins

**James Irvin Gadsden** hefur verið sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi síðastliðin þrjú ár en nú hillir undir starfslok hans hérlendis. *Sveinn Guðmarsson* blaðamaður ræddi við hann um viðhorf Íslendinga til Bandaríkjanna, málefni herstöðvarinnar á Miðnesheiði og sitthvað fleira.

Í hugum flestra einkennist líf diplómata af fundum, mannfögnuðum, kokteilboðum og öðrum slíkum uppákomum. Eflaust er þessi ímynd rétt svo langt sem hún nær en þrátt fyrir það hlýtur líf fólks sem lifir og hrærist í utanríkisþjónustu að vera erfitt á stundum og jafnvel einmanalegt. Diplómötum er þeytt heimshorna á milli með reglulegu millibili því yfirboðarar þeirra vilja ekki að tengslin sem þeir myndi við gistiþjóð sína verði ættjarðarástinni yfirsterkari.

James I. Gadsden hefur verið sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi í tæp þrjú ár og hann hefur nýtt tímann vel til að kynnast landi og þjóð. Nú sér hins vegar fyrir endann á dvöl þessa háttvísa en mjög svo hlýlega manns hér á landi því um miðjan þennan mánuð heldur hann heim til annarra starfa.

**Alls engin útlegð**

Fyrstu árin í utanríkisþjónustunni starfaði Gadsden í ýmsum löndum en áður en hann var skipaður sendiherra hér á landi vann hann í utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, þar sem hann sá um tvíhliða samskipti við fjölmörg Evrópulönd, þar á meðal Ísland. “Ég kom eitt sinn í mjög skemmtilega dagsheimsókn hingað og þegar ég yfirgaf landið hafði ég mjög góða tilfinningu fyrir því. Mér líkaði mjög vel við starfsbræður mína í íslenska utanríkisráðuneytinu og jafnframt varð ég strax hrifinn af Reykjavík. Mig grunaði ekki að ég myndi nokkurn tímann koma aftur til Íslands en þegar yfirmenn mínir báðu mig um að verða sendiherra á Íslandi varð ég bæði glaður og upp með mér, ekki síst vegna þessara stuttu kynna sem ég hafði þegar haft af landinu. Mér fannst ekki þá eins og verið væri að senda mig í útlegð og ég stend enn fastari á þeirri skoðun núna,“ segir Gadsden hlæjandi og blæs þar með á goðsögnina um að erindrekar Bandaríkjanna líti á dvölina hér á norðurhjaranum sem hina verstu Brimarhólmsvist.

**Ráðagóðir Íslendingar**

Bandaríkin eru voldugasta ríki heims og því eru að vonum skiptar skoðanir um hlutverk þeirra og stefnu á alþjóðavísu. Stríðsreksturinn í Afganistan og Írak hefur ekki orðið til þess að auka vinsældir ríkisstjórnar George W. Bush í heiminum heldur þvert á móti. Þótt Gadsden hafi vissulega orðið var við að mörgum Íslendingum hugnist lítt stefna stjórnarinnar í Washington þá telur hann engu síður að Íslendingar séu almennt jákvæðir í garð Bandaríkjanna. Þessi afstaða helgast af rótgróinni vináttu þjóðanna sem er ræktuð á nær öllum sviðum mannlífsins, bæði hinu opinbera og á milli einstaklinga. „Ég hef aldrei fundið fyrir neins konar fjandskap frá Íslendingum hvar sem ég hef verið á landinu. Oft eru Íslendingar einfaldlega að gefa góð ráð sem þeir búast við að verði til gagns. Þannig var ég oft stöðvaður út á götu þegar umræðurnar um Abu Ghraib- fangelsið í Írak stóðu sem hæst og við mig sagt: „Þið verðið komast að því hvað er að gerast þarna og síðan að lagfæra það sem miður hefur farið.“ Í þessum orðum fólst greinilega vissa um að hegðun á borð við þessa væri óásættanleg í hugum Bandaríkjamanna.“

Gadsden lét ekki hjá líða að koma þessum skilaboðum til yfirmanna sinna. „Auðvitað, þetta er það sem við gerum. Eitt hlutverka okkar er að koma viðhorfum og skoðunum Íslendinga á framfæri, ekki bara fjölmiðla og stjórnmálamanna heldur einnig almennings.“

**Tekist á um kostnað**

Málefni herstöðvarinnar í Keflavík eru stöðugt á borði bandaríska sendiherrans á Íslandi. Gadsden fær ekki neitt frí frá þeim málum síðustu dagana sína í starfinu hér því á miðvikudaginn kemur hefjast undirbúningsviðræður ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands um þessi mál. Skipting rekstrarkostnaðar Keflavíkurflugvallar verður aðalefni viðræðnanna en Bandaríkjamenn telja að Íslendingar eigi að axla meiri byrðar.

„Á sínum tíma var notkun flugvallarins að mestu hernaðarleg en í fyllingu tímans hefur það hlutverk óðum vikið fyrir borgaralegum notum af honum. Ríkisstjórn Íslendinga hefur tekið undir þau sjónarmið að því sé sanngjarnt að Íslendingar borgi stærri hluta af rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar. Þetta verða hins vegar einungis undirbúningsviðræður, ekki búast við því að þær muni leiða til lausnar á öllum þeim málum sem þarf að leysa. Þetta er upphaf á ferli sem mun að líkindum taka talsverðan tíma. Tíminn er hins vegar aukaatriði, aðalatriðið er að gera þetta á markvissan hátt svo við náum niðurstöðu sem ríkisstjórnir beggja landa sætta sig við. „

> **„Á þessu augnabliki hefur hins vegar engin ákvörðun verið tekin um þoturnar, engin ákvörðun hefur verið tekin um herstöðina, engar ákvarðanir hafa með öðrum orðum verið teknar.**

Gadsden ítrekar að ekki megi rugla saman samningaviðræðum um kostnaðarskiptingu og stóru spurningunni um framtíðarhlutverk herstöðvarinnar. Sú spurning er ekki til umræðu nú.

**Engar ákvarðanir hafa verið teknar**

Aðspurður um hvort Bandaríkjastjórn sé að nálgast niðurstöðu um hvaða hlutverki Keflavíkurherstöðin eigi að gegna í framtíðinni svarar Gadsden á varfærinn hátt og undirstrikar að alls ekkert hafi verið ákveðið í þeim efnum, enn séu allir möguleikar opnir. „Á milli Íslendinga og Bandaríkjanna er í gildi tvíhliða samningur og samkvæmt honum skuldbindur Bandaríkjastjórn sig til að tryggja varnir Íslands. Við höfum engin áform að draga okkur út úr því. Í ljósi síbreytilegra kringumstæðna í heiminum verðum við stöðugt að endurmeta með hvaða hætti við getum staðið við skuldbindingar okkar á sem áhrifamestan hátt. Ef við á hinn bóginn teldum herstöðina á Keflavíkurflugvelli ekki mikilvæga þá myndum við einfaldlega loka henni.“

Litlu munaði að orrustuþoturnar á Keflavíkurflugvelli yrðu kallaðar heim fyrir tveimur árum. Bendir það ekki til þess að ríkisstjórn Bush telji hernaðarlegt gildi stöðvarinnar harla lítið? „Ég held að það sé ekki sjálfgefið,“ segir Gadsden. „Þú verður að hafa samhengið í huga, þessa atburðarás má ekki skoða í samhengi varnarviðræðna Íslendinga og Bandaríkjamanna, heldur í samhengi við hvaða ógnir steðjuðu að heiminum á þessum tíma og hvaða úrræði við höfðum til að bregðast við þeim. Á þessu augnabliki hefur hins vegar engin ákvörðun verið tekin um þoturnar, engin ákvörðun hefur verið tekin um herstöðina, engar ákvarðanir hafa með öðrum orðum verið teknar. Þess vegna höfum við ekki ákveðið hvert framtíðarfyrirkomulag herstöðvarinnar verður.“

**Á skólabekk**

Gadsden mun greinilega hafa í nógu að snúast næstu dagana þar til hann heldur heim. Óvíst er hvort annríkið minnki nokkuð þegar til Washington er komið því þá söðlar hann heldur betur um. Hans bíður kennarastaða í National Defense University þar sem hann kennir tvö námskeið um varnar- og öryggismál.

„Markmiðið er að þeir sem hafa reynsluna geti miðlað af fróðleik sínum til þeirra sem eru að hefja störf í stjórnunarstöðum í hernum og í stefnumótun í ráðuneytunum. Ég hef aldrei kennt áður og því er ég fullur eftirvæntingar,“ segir Gadsden, sem býst við að kenna við skólann í 1-2 ár. Hann virðist ekki kippa sér neitt upp við að vita ekki hvað tekur við eftir það. Óvissan er nokkuð sem ríflega þriggja áratuga ferill í utanríkisþjónustunni hefur kennt honum að lifa með. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Svipmynd af sendiherra:

**Nafn:** James Irving Gadsden

**Fæddur:** Í Charleston í Suður-Karólínu 12. mars 1948

**Menntun:** B.A. í hagfræði (ágætiseinkunn) frá Harvard-háskóla 1970. M.A. í Austur-Asíufræðum með áherslu á Kína frá Stanford-háskóla 1972. Gadsden talar fjölmörg tungumál, þar á meðal mandarínsku og ungversku.

**Starfsferill:** Störf í sendiráðum Bandaríkjanna í Taipei, París, Búdapest á árunum 1974-1997 auk ýmissa annarra starfa fyrir bandaríska utanríkisráðuneytið. Á árunum 1997-2001 vann hann í utanríkisráðuneytinu þar sem hann sá um framkvæmd tvíhliða samninga við fjölmörg Evrópuríki, þar á meðal Ísland. Gadsden hefur verið sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi síðan 24. október 2002.

**Fjölskylduhagir:** Gadsen er kvæntur og á tvo syni. Fjölskylda hans býr hins vegar í Washington.

# Nýtt símanúmer

## hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT



# Súpersól til Portúgal

## 13. júlí

## frá kr. 39.995

Í Algarve fer allt saman sem prýða má gott frí. Því hafa þær þúsundir Íslendinga sem heimsótt hafa þennan heillandi áfangastað á vegum Terra Nova komist að. Nú bjóðum við frábært tilboð til að njóta alls þess sem þessi heillandi staður hefur að bjóða. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Kr. 29.995.- í viku**
**/ 39.995.- í 2 vikur**
M.v. hjón með 2 börn, 2 – 11 ára, Súpersólartilboð. Innifalið flug, gisting og skattar. Netverð á mann.

**Kr. 39.990.- í viku**
**/ 49.990.- í 2 vikur**
M.v. 2 saman í gistingu í 5 daga. Súpersólartilboð. Innifalið flug, gisting og skattar. Netverð á mann.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík**
Sími: 591 9000 • www.terranova.is
Akureyri Sími: 461 1099

TERRA NOVA SPENNANDI VALKOSTUR




# SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Bubba Morthens?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið nýjustu plötur Bubba Morthens, Ást og Paradís. SMS skeytið kostar 99 krónur.






**Hvað heitir Bubbi réttu nafni?**
t) Ásbjörn Kristinsson Morthens r) Björn Morthens n) Jón Morthens

**Hvað heitir fyrsta plata Bubba?**
á) Kona e) Ísbjarnarblús ú) Bláir draumar

**Hver söng með Bubba í laginu Fatlafól?**
l) Bjartmar Guðlaugsson t) Hemmi Gunn x) Megas

**Hvað heitir bróðir Bubba?**
t) Tolli v) Tobbi s) Golli

**Hver var upptökustjóri á nýjustu plötum Bubba?**
a)Megas i)Barði Jóhannsson n) Birgir Örn Thoroddsen

**Vinningshafi í SMS-leik síðustu viku var:**
Elvar Gestsson

SMS skeytið kostar 99 krónur.

# Metfé fyrir handrit í eigu Brando



**MARLON BRANDO** Mynd af goðinu úr The Wild One blasir við gestum þegar gengið er inn í sýningarsal uppboðshaldarans Christie's í New York.

Handrit að kvikmyndinni Guðfaðirinn í eigu Marlons Brando var selt á uppboði hjá uppboðshaldaranum Christie's í New York fyrir rúmar tuttugu milljónir. Var það meðal þrjú hundruð hluta sem voru seldir en alls seldist fyrir um rúmar tvær milljónir dala, rúmlega 135 milljónir íslenskra króna. Meðal annarra hluta sem voru slegnir var bréf rithöfundarins Mario Puzo sem hann skrifaði til Brando. Þar kemur fram einlæg ósk hans að Brando taki að sér hlutverk Don Vito Corleone, sem síðar varð raunin. „Þú ert eini leikarinn sem getur hugsanlega tekið þetta hlutverk að sér," segir í bréfinu. Þá var einnig að finna skeyti frá Brando til Marilyn Monroe, sem og jakkann sem leikarinn klæddist í Súpermann.



**HANDRITIÐ DÝRA** Handritið sem seldist fyrir tuttugu milljónir króna. Í bakgrunni má greina Brando í hlutverki sínu sem Vito Corleone.



**RITA MORENO OG BRANDO** Þessi mynd úr The Night of the Following Day seldist á rúmar tvær milljónir. Hún var eini hluturinn sem Brando hafði á heimili sínu.



**FRÁ PUZO TIL BRANDO** Mario Puzo skrifaði Brando bréf þar sem hann greindi frá þeirri ósk sinni að hann vildi sjá Brando í hlutverk Corleone.

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

## NR. 14

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | 25 | 31 | 3 | 1 | ■ | 14 | 1 | 17 | 8 | 32 | 32 | 1 | 23 | ■ |
| 26 | ■ | 15 | ■ | 10 | ■ | 1 | ■ | 31 | ■ | 19 | ■ | 15 | ■ | 22 |
| 7 | 32 | 5 | 10 | 10 | ■ | 3 | 4 | 32 | 2 | 10 | 2 | 32 | 32 | 1 |
| 17 | ■ | 17 | ■ | 28 | 4 | 32 | ■ | 32 | ■ | 16 | ■ | 1 | ■ | 29 |
| 3 | 31 | 27 | 1 | ■ | ■ | 1 | 27 | 1 | 17 | ■ | 11 | 17 | 30 | 10 |
| 5 | ■ | 2 | ■ | 21 | 19 | 10 | 1 | ■ | 6 | ■ | 7 | ■ | ■ | ■ |
| 32 | 4 | 23 | 1 | 17 | ■ | ■ | 28 | ■ | 23 | 31 | 17 | 28 | 3 | 1 |
| 4 | ■ | 23 | ■ | 4 | 28 | 8 | 32 | 32 | 1 | 17 | ■ | 32 | ■ | 5 |
| 10 | 2 | 16 | 3 | 16 | 23 | ■ | 17 | ■ | ■ | 21 | 17 | 2 | 16 | 20 |
| ■ | ■ | ■ | 6 | ■ | 8 | ■ | 16 | 23 | 23 | 1 | ■ | 18 | ■ | 27 |
| 13 | 24 | 2 | 17 | ■ | 3 | 4 | 20 | 1 | ■ | ■ | 28 | 11 | 12 | 1 |
| 9 | ■ | 17 | ■ | 15 F | ■ | 10 | ■ | 17 | 5 | 27 | ■ | 5 | ■ | 21 |
| 17 | 2 | 16 | 20 | 16 I | 23 | 21 | 5 | 17 | ■ | 1 | 5 | 27 | 1 | 23 |
| 1 | ■ | 10 | ■ | 10 L | ■ | 1 | ■ | 1 | ■ | 10 | ■ | 4 | ■ | 16 |
| ■ | 28 | 10 | 9 | 32 T | 32 | 17 | 1 | 17 | ■ | 10 | 31 | 32 | 1 | ■ |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er F til dæmis í reit merktum 15 og fer þá F í alla aðra reiti með því númeri. I er í reit númer 16 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 16 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn kvenmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 21-5-20-17-30-20-5-17 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| 21 | 5 | 20 | 17 | 30 | 20 | 5 | 17 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**
SMS-skeytið kostar 99 krónur.



## Leystu krossgátuna!

Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið 5000 króna gjafabréf í BT.

**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:**
Anna María Jónsdóttir

**Lausn nr. 12**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | B | A | S | L | ■ | Þ | J | Ö | S | N | A | S | T | ■ |
| B | ■ | U | ■ | Ö | ■ | E | ■ | S | ■ | Æ | ■ | Y | ■ | Í |
| A | U | Ð | U | G | ■ | R | A | N | N | S | A | K | A | R |
| N | ■ | V | ■ | N | Ý | R | ■ | U | ■ | T | ■ | U | ■ | A |
| G | L | E | R | ■ | ■ | A | K | R | A | ■ | Ó | R | A | R |
| S | ■ | L | ■ | E | I | R | I | ■ | Ð | ■ | S | ■ | ■ | ■ |
| I | L | D | I | Ð | ■ | ■ | S | ■ | A | K | K | E | R | I |
| N | ■ | U | ■ | L | E | I | T | I | N | A | ■ | R | ■ | N |
| N | O | R | M | A | L | ■ | I | ■ | ■ | L | Ú | K | A | N |
| ■ | ■ | ■ | Ú | ■ | T | ■ | L | E | I | K | ■ | I | ■ | V |
| P | Ú | N | S | ■ | U | S | L | I | ■ | ■ | K | E | R | I |
| É | ■ | Ó | ■ | **F** | ■ | T | ■ | R | Á | S | ■ | N | ■ | Ð |
| S | V | A | N | **A** | V | A | T | N | ■ | T | I | G | N | I |
| I | ■ | N | ■ | **L** | ■ | U | ■ | U | ■ | Í | ■ | I | ■ | R |
| ■ | H | A | L | **L** | G | R | Í | M | ■ | A | X | L | A | ■ |

atvinna o.fl.
Af lúxusfleytu á togara BLS. 2
Óléttar konur missa vinnu BLS. 2
Starf verkfræðingsins BLS. 6
Lánafulltrúi í fjárfestingabanka BLS. 8

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.09 | 13.32 | 23.53 |
| AKUREYRI | 2.06 | 13.17 | 00.24 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

**Góðan dag!**
Í dag er sunnudagur 3. júlí, 184. dagur ársins 2005.

## STÖRF Í BOÐI

| | |
|---|---|
| Öryggisvörður | 3 |
| Byggingaverkfr. | 3 |
| Trésmiðir | 3 |
| Byggingaráðgj. | 3 |
| Grunnskólakennari | 4 |
| Bílstjóri | 4 |
| Hárgreiðslusveinn | 4 |
| Baðvörður | 4 |
| Leikskólakennari | 4 |
| Ræstingafólk | 5 |
| Lagerstörf | 5 |
| Málmsmiðir | 6 |
| Íþróttafulltrúi | 7 |

**SMÁAUGLÝSINGAR**
byrja í dag á bls. 12

**Flokkar & fjöldi**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
Þorvaldur kann vel við sig innan um náttúruminjarnar.

# Áhugamálið varð að atvinnu

***Þorvaldur Þór Björnsson er hamskeri hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðalstarfið er að stoppa upp fugla en einnig verkar hann bein bæði úr fuglum og hvölum. Svo er hann húsasmiður og grípur smíðaáhöldin þegar með þarf.***

„Hamskurðurinn hefur verið áhugamál hjá mér í yfir þrjátíu ár," segir Þorvaldur, sem ólst upp í Reykjavík en var í sveit á sumrin eins og tíðkaðist á þeim tíma. „Ég var á bæ í Vestur-Húnavatnssýslunni og áhugi minn á fuglum og náttúrunni almennt er meðal annars kominn til af því. Á veturna gekk ég í Laugarnesskóla og þar var kynt undir þennan áhuga en svo er þetta í genunum líka. Foreldrar mínir voru mikið fyrir að horfa í kringum sig úti við," segir hann brosandi. Nú hefur hann starfað á Náttúrufræðistofnuninni í tíu ár. Kveðst meðal annars hamfylla fugla sem geymdir séu í skúffum í vísindaskyni. Sumir séu úldnir þegar þeir komi og þá séu bara beinin tekin, hreinsuð og geymd til að hægt sé að bera þau saman við bein sem fólk finni kannski við uppgröft eða aðrar rannsóknir. „Þó ég sé titlaður hamskeri hef ég líka verið að verka hvalbein og setja upp hvalabeinagrindur. Í Hvalamiðstöðinni á Húsavík, Náttúrufræðistofnun Kópavogs og hvalaskoðunarfyrirtæki í Reykjavíkurhöfn sem heitir Hvalastöðin eru slíkar beinagrindur eftir mig," segir hann og upplýsir að það taki þrjú ár að hreinsa alla fitu úr beinum hvalanna. Einnig lýsir hann verkun fiska sem geymdir eru í sérstökum vökva er varðveitir þá um hundruð ára ef rétt er að farið.

Þorvaldur er sjálfmenntaður í faginu en það kemur oft í hlut hans að hjálpa öðrum vísindamönnum við rannsóknir og hann kveðst vissulega hafa gaman af að vinna úti við. Auk þess er hann húsasmiður og lagar það sem laga þarf innan stofnunarinnar. Þegar hann á frí er hann þó ekki alveg eins spenntur fyrir fuglunum og hann var. „Þetta breyttist svolítið þegar áhugamálið varð að atvinnu. Maður er ekki alveg eins upplagður að hafa það sem áhugamál á eftir."

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í atvinnu*

**Nýsköpun** Samkeppni um viðskiptaáætlanir, Nýsköpun 2005, er nú haldin í fimmta skiptið og er Íslandsbanki einn af burðarásum keppninnar. Eina skilyrðið fyrir þátttöku er að sama viðskiptaáætlun hafi ekki áður verið send í keppnina, að öðru leyti er frjálst að senda inn nýja eða eldri viðskiptaáætlun. Innsendar viðskiptaáætlanir fá ítarlega umsögn sérfræðinga, hægt er að vinna til veglegra peningaverðlauna og auk þess er gert ráð fyrir að valin verkefni fái ákveðin tæknilegan stuðning við vöruþróun hjá Iðntæknistofnun. Nánar á www.nyskopun.is.



**Kjarasamningur** Tollvarðafélag Íslands hefur samþykkt kjarasamning félagsins og fjármálaráðuneytis sem undirritaður var 6. júní 2005. 106 voru á kjörskrá og kusu 89 eða 84% Já sögðu 68 eða 76% en nei sögðu 21 eða 24%. Engin atkvæðaseðill var auður eða ógildur.

**Norðurlönd** Á aðalfundi NSO Samtaka ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum (Nordiske Statstjenestemænds Organisation) sem haldinn var á Akureyri síðastliðinn miðvikudag var Tommy Agerskov Thomsen kosinn nýr formaður samtakanna. Hann tók við formennsku af Jens Andréssyni formanni SFR sem gengt hefur embættinu síðastliðið ár. Með aðalfundinum lauk þriggja daga ráðstefnu Samtaka ríkisstarfsmanna á Norðurlöndum en hana sóttu liðlega 50 fulltrúar frá Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Íslandi.

*atvinna@frettabladid.is*

smellinn Forsteypt einingahús

## Þorgeir og Helgi hf. / Smellinn á Akranesi óskar eftir að ráða í eftirtalin störf

## Gæðastjóri • Byggingaiðnfræðingur/tækniteiknari

### Gæðastjóri

**Markmið starfsins:**
Sjá um og stýra gæðamálum fyrirtækisins með það að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar gæði og einsleitni framleiðslu fyrirtækisins.

**Hlutverk og ábyrgð:**
- Uppfærslur á gæðahandbók.
- Hafa umsjón með skráningum og úrvinnslu frávika og kvartana.
- Leiða og stjórna fundum gæðanefndar.
- Öll gagnakerfi sem tengjast gæðamálum fyrirtækisins.
- Umsjón með nýþjálfun og endurmenntun starfsmanna fyrirtækisins.
- Öll áætlanagerð er tengist gæðamálum og þjálfun starfsfólks.
- Tryggja flæði upplýsinga til framkvæmdastjóra.
- Sýna frumkvæði í uppbyggingu og þróun starfseminnar.

**Menntun og hæfni sem starfið kallar á:**
- Háskólamenntun eða sambærileg framhaldsmenntun á sviði byggingafræði, tæknifræði eða verkfræði, helst tengt byggingageiranum.
- Reynsla af gæðastýringu æskileg.
- Tungumálakunnátta; enska og eitt norðurlandamál í það minnsta.
- Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel og Word.
- Stjórnunarhæfileikar og áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum.
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

**Umsóknir leggist inn á afgreiðslu Fréttablaðsins, merktar „Smellinn", eða sendist Fréttablaðinu í tölvupósti á box@frett.is merkt „Smellinn-Gæði", fyrir 14. júlí n.k.**

### Byggingaiðnfræðingur/tækniteiknari

**Markmið starfsins:**
Vinna í tæknideild fyrirtækisins við gerð vinnuteikninga fyrir framleiðsludeild fyrirtækisins, magntökur og önnur störf sem til falla.

**Menntun og hæfni sem starfið kallar á:**
- Byggingaiðnfræðingur eða tækniteiknari.
- Reynsla af tölvuteikningum nauðsynleg.
- Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun AutoCad, Excel og Word.
- Áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum.
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

**Umsóknir leggist inn á afgreiðslu Fréttablaðsins, merktar „Smellinn", eða sendist Fréttablaðinu í tölvuósti á *box@frett.is* merkt „Smellinn-Cad", fyrir 14. júlí n.k.**

*Fyrirtækið Þorgeir og Helgi hf. var stofnað árið 1963. Árið 1999 hófst framleiðsla forsteyptra húseininga undir nafninu **Smellinn** og er það í dag meginþátturinn í starfsemi fyrirtækisins.*

*Félagið er í eigu 11 hluthafa og eru starfsmenn um 50 talsins. Starfsmenn okkar eru allir með mikla starfsreynslu og góða menntun að baki. Sjá nánar www.smellinn.is.*





**Hlífðarbúnaður**
Heilsan skiptir miklu máli og því nauðsynlegt að nota alltaf tilheyrandi hlífðarbúnað ef starfið er þess eðlis að hans er þörf. Ef trassað er til dæmis að nota eyrnarhlífar er hægt að hljóta varanlegan skaða á heyrninni.



## Barnshafandi konur beittar misrétti

FJÖLDINN ALLUR AF ÓLÉTTUM KONUM Í BRETLANDI MISSIR VINNUNA Á ÁRI HVERJU VEGNA ÁSTANDS SÍNS.



Margar óléttar konur missa vinnuna á hverju ári í Bretlandi og verða fyrir mismunun á vinnustað.

Tugir þúsunda kvenna eru neyddar til að hætta í vinnu sinni á hverju ári í Bretlandi vegna þess að þær eru barnshafandi. Þetta kemur fram í nýrri könnun jafnréttisráðs þar í landi. Þessar konur tapa tólf milljónum punda í lögbundnum fæðingarorlofslaunum á meðan vinnuveitendur eyða 126 milljónum punda í að finna staðgengla fyrir þær.
Enn fremur kemur fram í könnuninni að milljón barnshafandi konur verði fyrir mismunun á vinnustað á næstu fimm árum og að konur þurfi að vera betur upplýstari um vinnustaðaréttindi sín.
Um það bil þrjátíu þúsund konur missa starf sitt vegna á hverju ári vegna þess að þær verða barnshafandi en aðeins þrjú prósent þeirra setja fram kvörtun. Næstum helmingur þeirra kvenna sem vinna á meðgöngutímanum, hafa orðið fyrir mismunun í vinnunni.



Ný stefnumótun er í framkvæmd hjá Landhelgisgæslunni.

## Ný framtíðarsýn Landhelgisgæslunnar

AFRAKSTUR STEFNUMÓTUNARVINNU.

IMG Ráðgjöf og Landhelgisgæslan kynntu á fundi í flugskýlinu á Reykjavíkurflugvelli síðastliðinn miðvikudag afrakstur stefnumótunarvinnu fyrir Landhelgisgæsluna. Kynntar voru breytingar á stjórnskipulagi sem settar eru fram í nýju skipuriti, en einnig var farið yfir niðurstöður framkvæmdahópa og sagt frá því hvernig framhaldið yrði á þeirra vinnu.
Stefnumótunin hófst með greiningu sem IMG Ráðgjöf og IMG Gallup önnuðust, með þátttöku allra starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Í framhaldinu fór af stað umbótavinna sem ráðgjafar frá IMG stjórnuðu og fjölmargir starfsmenn Landhelgisgæslunnar tóku þátt í.
Af hálfu IMG Ráðgjafar unnu Hákon Gunnarsson og Sigþór Hallfreðsson verkefnið, en Tómas Bjarnason stýrði vinnustaðagreiningunni.



Sjúkraliðum verður kynntur nýr samningur á morgun.

## Nýr samningur sjúkraliða

FELUR Í SÉR VERULEGAR KJARABÆTUR.

Sjúkraliðafélag Íslands skrifaði undir kjarasamning við ríkið síðdegis í fyrradag. Samningurinn felur í sér verulegar kjarabætur fyrir sjúkraliða, auknar tryggingar vegna slysa og örorku, hækkun á framlagi ríkisins til fjölskyldu- og styrktarsjóðs og aukin framlög til endur- og símenntunar og hækkun á orlofs- og persónuuppbót.
Þann 1. maí 2006 kemur til framkvæmda nýtt launakerfi með nýrri launatöflu hliðstæðri töflu BHM. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði kynntur á almennum fundi fyrir sjúkraliða í Reykjavík og nágrenni næstkomandi mánudag á Grettisgötu 89, fjórðu hæð. Fundurinn hefst klukkan 16.



Harpa og Göran kunna vel við sig í Hálendismiðstöðinni en útiloka ekki frekari ævintýr.

# Af lúxusfleytu á frystitogara

***Harpa Groiss hefur þrátt fyrir ungan aldur komið víða við í atvinnulífinu, bæði hér heima og erlendis. Nú er hún hótelstýra á hálendinu en hefur verið á frystiskipum á miðunum jafnt og lúxusfleytum í Karabíska hafinu.***

„Ég hef unnið víða frá því ég fór að heiman sextán ára. Þetta snýst um að viða að sér lífsreynslu og upplifa ævintýrin meðan maður er enn ungur og óbundinn. Mér hefur þótt allt skemmtilegt sem ég hef fengist við, en trúlega stendur þó vinnan á skemmtiferðaskipunum upp úr, ekki síst vegna þess hversu víða við fórum,“ segir Harpa, sem vann við káetuþrif.
Skipið sem hún vann á telst til lítilla skemmtiferðaskipa, rúmar 200 farþega og 120 manna áhöfn. „Vinnan á þessum skipum er mikið púl, sextán tímar á sólarhring, en við höfðum þó tækifæri til að skreppa í land í nokkra tíma þegar skipið lá við bryggju.
Farþegarnir voru mest ríkir amerískir eldri borgarar, oft sömu farþegarnir ár eftir ár og margir skrýtnir og skemmtilegir karakterar. Um borð er allt sem hugurinn girnist, en þetta eru ekki partífleytur eins og stærri skipin. Gamla fólkið vill sína rútínu og rólegheit og það kom auðvitað stundum fyrir að fólk kvaddi fyrir fullt og allt á siglingunni.“
Hörpu finnst Rio de Janero standa upp úr í minningunni svo og litlar frumbyggjaeyjar í Panama og heimsóknir í lítil þorp í Amazon. „Það eru þó fjölmargir fleiri staðir sem voru æðislegir að heimsækja eins og Róm og Barcelona.“
Eftir þrjú ár á skemmtiferðaskipinu lá leið Hörpu rakleitt á frystitogarann Arnarey og þaðan fór hún í snyrtivöruverslun. Nú er hún hótelstýra í hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum, en kærastinn hennar Göran Sincranz, sem er frá Svíþjóð, stýrir hótelinu með henni.
„Við Göran kynntumst þegar við unnum á Hótel Rangá. Hann er miðborgarstrákur frá Stokkhólmi, en hann nýtur þess í botn að vera hér í víðáttunni.“
Harpa og Göran verða á hálendinu enn um sinn, en Harpa útilokar ekki frekari ævintýr. „Við erum enn ung og barnlaus og til í allt,“ segir hún glaðhlakkaleg.

# Kynferðisáreitni eykst

***Klögumálum fjölgaði um 75% hjá danska verslunarmannafélaginu.***

Fjórtán klögumál vegna kynferðislegrar áreitni komu til kasta HK á síðasta ári, en HK er stéttarfélag verslunar- og skrifstofufólks í Danmörku. Það er um 75% auking frá árinu áður. Um fimm manns leita til HK að meðaltali á ári vegna slíkra mála.
Í öllum tilfellunum fjórtán voru það konur sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni frá karlmönnum. Í 12 tilfellum voru konurnar áreittar af yfirmanni sínum, í tveimur tilfellum var um vinnufélaga að ræða, eða mann sem áreitti konu á salerni fyrirtækisins. Hann var rekinn fyrirvaralaust þegar yfirmaðurinn frétti af málinu og kærður. Hann var dæmdur í 30 daga fangelsi og til að greiða konunni 15.000 danskar krónur í skaðabætur.
Konurnar 14 sem um ræðir voru allar meðvitaðar um hvað þær áttu að gera. Þrátt fyrir áfallið sem slíkt hefur í för með sér báðu þær manninn í öllum tilfellum að hætta atferlinu og þegar það dugði ekki leituðu þær til yfirmanns síns og trúnaðarmanns á vinnustaðnum eða stéttarfélagsins beint ef um sjálfan yfirmanninn var að ræða. ■



Stöðugt fleiri kæra kynferðislega áreitni til samtaka verslunarmanna í Danmörku.

# Fjármálastjóri/staðgengill framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði viðskipta, framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla/þekking á uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Navision kunnátta

**Starfssvið:**
- Fjármálastjórnun
- Yfirmaður bókhalds
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda
- Kostnaðareftirlit
- Samningagerð
- Stjórnun

Apple IMC á Íslandi
www.apple.is

**Apple á Íslandi er útrásarfyrirtæki og er velta fyrirtækisins 1.5 milljarður, yfir 40% af tekjum koma erlendis frá. Fyrirtækið rekur 2 verslanir í Danmörku og eina á Íslandi og áætlað er að opna verslanir í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð innan tveggja ára. Eiginfjárstaða félagsins er sterk.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfsumsóknum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170 105 Reykjavik Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is



## Stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts

**Laus er til umsóknar staða stjórnanda Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.**

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts er ein af fjórum skólahljómsveitum í Reykjavík. Hljómsveitin er fyrir nemendur grunnskólum í Árbæ og Breiðholti. Samæfingar fara fram í Breiðholtsskóla en þar er aðalaðsetur hljómsveitarinnar. Sveitin kemur fram við ýmis tækifæri, einkum i sínum borgarhluta og gegnir mikilvægu hlutverki í tónlistaruppeldi grunnskólabarna.

**Meginhlutverk stjórnanda er að:**
- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri hljómsveitarinnar og stjórna henni
- veita hljómsveitinni faglega forystu á sviði tónlistarkennslu og þróunar í starfi

**Leitað er að umsækjanda sem:**
- hefur reynslu af hljómsveitastjórnun og þekkingu á rekstri
- hefur blásarakennaramenntun, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og tónlistar er æskileg
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar um starfið veita Laufey Ólafsdóttir, tónlistarfulltrúi, laufey.olafsdottir@reykjavik.is og Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunn.gisladottir@reykjavik.is í síma 411 7000. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkvíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 11. júlí. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

# Sölufulltrúi

**A. Karlsson óskar eftir að ráða kraftmikinn og sjálfstæðan einstakling í starf sölufulltrúa.**

**Starfssvið:**
- Sala á húsgögnum, innréttingum og stóreldhústækjum til fyrirtækja og stofnana
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Tilboðsgerð og hönnun
- Ferðalög erlendis á sýningar og heimsóknir til birgja

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða reynsla af innanhúshönnun kostur
- Reynsla af sölumennsku nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta, ásamt einu Norðurlandamáli kostur
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

**Við bjóðum:**
Fjölbreytt og lifandi starf í góðum hópi í ört vaxandi fyrirtæki. Þjálfun og símenntun og tækifæri til að kynnast því helsta á markaðnum hverju sinni.

A. KARLSSON
SÍÐAN 1975

Heildverslunin A. Karlsson hf. var stofnuð árið 1975. Í dag skiptist fyrirtækið í þrjú meginsvið: Lækninga- og hjúkrunarsvið, eldhús- og húsgagnasvið og tækniþjónustusvið. Fyrirtækið er leiðandi hér á landi á sínu sviði og hefur reksturinn vaxið ört hin síðustu ár. Frá upphafi hefur fyrirtækið boðið góða vöru, sanngjarnt verð og fyrsta flokks þjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 38 manns.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna@img.is) og Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# Bílstjórar

**BM Vallá ehf. óskar eftir að ráða röska og duglega bílstjóra með meirapróf til útkeyrslu á vörum fyrirtækisins.**

Mikil verkefni framundan og góð laun í boði.
Unnið eftir bónuskerfi.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorlaugur Gunnarsson í síma 898 4200.

BM·VALLÁ
Bíldshöfða 7

JB Byggingafélag

# Gröfumaður

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða gröfumann.

**Upplýsingar gefur Tryggvi Einarsson í síma 693-7009**
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

JB Byggingafélag býður uppá góða starfsaðstöðu og öruggt starfsumhverfi. Næg verkefni eru framundan.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

IGS
GROUND SERVICES



*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum FL Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.*

# Sumarstörf hjá IGS 2005

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu júlí – október. **Um er að ræða 100% störf í hlaðdeild og fraktmiðstöð og deildaskiptar ráðningar.** Áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktskrá birt fyrir einn mánuð í senn.

**Sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.**

**Nánari upplýsingar um aldurstakmark og hæfniskröfur:**

**Hlaðdeild**
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Hleðsluþjónusta**
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

**Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf., 2. hæð í Frakmiðstöð IGS, bygging 11, 235 Keflavíkurflugvelli. Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, www.igs.is**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - IGS 28889 06/2005

# Þjónustufulltrúar í símaver og nethjálp

Og Vodafone er ungt fyrirtæki sem veitir einstaklingum, heimilum og fyrirtækjum alhliða fjarskiptaþjónustu. Hjá félaginu starfa í dag um 350 starfsmenn.
Og Vodafone hefur náð góðum árangri á stuttum tíma með sterkum og samhentum hópi fólks. Ef þú vilt takast á við spennandi og krefjandi verkefni hjá vaxandi fyrirtæki, þá bjóðum við þig velkomna/velkominn í hópinn. Í boði eru samkeppnishæf laun og gott starfsumhverfi fyrir fólk sem sýnir ábyrgð, metnað og frumkvæði í starfi.

**Starfslýsing:**
Og Vodafone óskar að ráða þjónustufulltrúa til starfa í þjónustuveri fyrirtækisins. Um er að ræða vaktavinnu, fullt starf. Í starfi þjónustufulltrúa felst meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu Og Vodafone, verðskrá, tilboð, dreifingu, tækni og fleira. Fyrirtækið býður nýjum starfsmönnum góða starfsþjálfun, frábæran starfsanda og möguleika til að vaxa í starfi.

**Hæfniskröfur:**
Lífsgleði og kappsemi
Jafngildi stúdentsprófs
Reynsla af þjónustustörfum
Góð enskukunnátta
Þekking á Windows-umhverfi

Skriflegar umsóknir berist til Og Vodafone á tölvupóstfangið vinna@ogvodafone.is fyrir 18. júlí 2005. Nánar upplýsingar um starfið veitir Pétur Björn Jónsson í síma 599 9000.

**Og Vodafone**
**Sími 599 9000**
**www.ogvodafone.is**

og vodafone
Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28980 07/2005

PÓSTURINN
allur pakkinn

# Starfsfólk
## óskast í póstmiðstöð

Íslandspóstur hf. óskar eftir starfsfólki í póstmiðstöð fyrirtækisins.
Um er að ræða annars vegar fullt starf og hins vegar tímavinnu/aukavinnu.

- **Framtíðarstarf í böggladeild**

Böggladeild póstmiðstöðvar óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Starfið felst í vinnslu pakkasendinga, skráningu og flokkun þeirra. Unnið er á vöktum.

- **Aukavinna á kvöldin og um helgar**

Íslandspóstur óskar einnig eftir starfsfólki í tímavinnu í póstmiðstöð. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Vinnutími er frá kl. 13:00, 15:00 eða 17:00 til kl. 21:00 tvo til þrjá daga í viku. Starfið felst í flokkun og skráningu bréf- og pakkasendinga. Tilvalin vinna fyrir skólafólk eða fólk sem vill fá sér aukavinnu.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu póstmiðstöðvarinnar, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Þar skal umsóknum einnig skilað, merktum: starf í böggladeild eða tímavinna.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, www.postur.is.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Hofsstaðaskóli
## Umsjónarmaður tómstundaheimilis

Laust er starf umsjónarmanns tómstundaheimilis Hofsstaðaskóla.

**Um er að ræða 50% starf frá 1. ágúst 2005.**

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á uppeldissviði
- Góð reynsla af starfi með börnum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Almenn tölvukunnátta

**Helsta verksvið:**
- Skipulagning á starfi tómstundaheimilis í samráði við aðra starfsmenn
- Umsjón með daglegri starfsemi
- Innritun og skráning á dvalartíma
- Samskipti við foreldra og starfsfólk skólans
- Skipulagning á tómstundastarfi/-námskeiðum fyrir nemendur skólans

Umsóknir berist skólastjóra, Hilmars Ingólfssonar, sem veitir nánari upplýsingar í gsm **860-1943.**

**Umsóknarfrestur er til 17. júlí nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Starfið er auglýst á vef Garðabæjar
**www.gardabaer.is**
þar sem hægt er að sækja um rafrænt.

***Grunnskólafulltrúi***

Fræðslu- og menningarsvið

# Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

**Borgaskóli, símar 577 2900 og 664 8135**
**Skólaliðar**, tvær stöður.

**Foldaskóli 540 7600**
**Kennsla í forföll**, 15. ágúst til 15. nóvember, aðalkennslugrein enska.

**Fossvogsskóli, símar 568 0200 og 664 8191**
**Almenn kennsla**, 75% staða.
**Kaffiumsjón**.
**Aðstoð í mötuneyti**, 45% staða.
**Starfsmaður skóla**, 75% staða.

**Húsaskóli, símar 567 6100 og 664 8245**
**Heimilisfræðikennsla**, 67% staða.
**Tónmenntakennsla**, 50% staða.
**Skólaliðar**, 67-100% stöður.

**Seljaskóli, símar 557 7411 og 664 8330**
**Bókfærslukennsla**, tveir tímar á viku.
**Þroskaþjálfi**.
**Skólaliðar.**

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónustan:**
- Starf með fötluðum dreng
- Ræsting

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgr./laugarvarsla/baðvarsla karla

**Salurinn, Tónlistarhúsi Kópavogs:**
- Húsvörður

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Hjallaskóli:**
- Umsjónamaður tölvumála
- Spænskukennsla
- Leiklistarkennsla

**Kársnesskóli:**
- Matráður kennara
- Starfsmenn í Dægradvöl

**Lindaskóli:**
- Umsjónarkennari á miðstig

## LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Leikskólinn Álfaheiði:**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Álfatún:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Dalur:**
- Leikskólakennari
- Leikskólasérk/þroskaþj.

**Leikskólinn Fagrabrekka:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Fífusalir:**
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Aðstoð í eldhús
- Ræsting

**Leikskólinn Grænatún:**
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Kópasteinn:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Marbakki:**
- Leikskólakennarar

**Leikskólinn Rjúpnahæð:**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Urðarhóll:**
- Hlutastarf við sérkennslu
- Aðstoð í eldhús, hlutastarf

**Nánari upplýsingar á:**
***www.kopavogur.is***
**og *www.job.is***



**Okkur vantar kennara og deildastjóra til starfa fyrir næsta skólaár.**

**Meðal kennslugreina eru:** Almenn kennsla, íþróttir, dans og sérkennsla. **Einnig vantar stærðfræðikennara á unglingastigi.**

Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 845-0467 eða netfangið *skolastjori@sigloskoli.is.* Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigloskoli.is og upplýsingar um bæinn á www.siglo.is.

Mannlíf og menning Í bænum er góður leikskóli og tónlistarskóli, öflug heilsugæsla, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skíðasvæðum landsins. Á undanförnum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli og nú hillir undir að Þjóðlagasetur verði að veruleika. Þjóðlagahátíð er orðin árviss viðburður. Mannlífið er sérstakt í nyrsta kaupstað landsins og einkennist af öflugu félagslífi.

**VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.**

# Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir starfsmönnum í eftirtalin framtíðarstörf:

## Verslun Smáratorgi

**Hönnun og ráðgjöf í sölu innréttinga og raftækja**

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af notkun teikniforrita æskileg
Reynsla af sölumennsku kostur
Viðkomandi þarf að hafa metnað til að veita góða þjónustu

**Sölu- og afgreiðslumann í gólfefnadeild**

**Hæfniskröfur**
Reynsla af afgreiðslu- og sölumennsku æskileg
Iðnmenntun kostur
Einhver þekking á gólfefnum og tölvukunnátta æskileg
Viðkomandi þarf að vera þjónustulipur,
áhugasamur og hafa góða framkomu

**Starfsmann í upplýsingar**
Leitum að þjónustuliprum og kurteisum einstaklingi
Með færni í mannlegum samskiptum
Tölvukunnátta nauðsynleg

**Óskum einnig eftir starfsmönnum í ýmis hlutastörf**

## Verslun Skútuvogi

**Sölu- og afgreiðslumann í málningardeild**

**Hæfniskröfur:**
Einhver þekking á málningu og málningarefnum æskileg
Reynsla af afgreiðslustörfum og tölvukunnátta kostur
Viðkomandi þarf að vera þjónustulipur og áhugasamur
Stundvís og heiðarlegur

**Sölu- og afgreiðslumann í gólfefnadeild**

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af afgreiðslu- og sölumennsku æskileg
Einhver þekking á gólfefnum og tölvukunnátta kostur
Viðkomandi þarf að vera þjónustulipur og áhugasamur
Stundvís og heiðarlegur

## Verslun Grafarholti

**Sölu- og afgreiðslumann í hreinlætistækjadeild**

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af afgreiðslu- og sölumennsku æskileg
Einhver þekking á hreinlætistækjum og tölvukunnátta kostur
Viðkomandi þarf að vera þjónustulipur og áhugasamur
Stundvís og heiðarlegur

**Sölu- og afgreiðslumann í gólfefnadeild**

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af afgreiðslu- og sölumennsku æskileg
Einhver þekking á gólfefnum og tölvukunnátta kostur
Viðkomandi þarf að vera þjónustulipur og áhugasamur
Stundvís og heiðarlegur

**Umsóknarfrestur** er til 11. júlí 2005

**Umsóknir** berist til Guðrúnar Kristinsdóttur, Húsasmiðjan, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Umsóknir má einnig senda á netfangið gudrunk@husa.is

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.*

*Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.*

# Velkomin í hópinn!



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

*Hvernig verður maður …*

# … verkfræðingur

Verkfræðingar vinna fjölbreytt störf og búa yfir faglegri þekkingu sem nýtist vel á ýmsum sviðum. Þeir vinna hjá fyrirtækjum og stofnunum, eru í ýmiss konar stjórnunarstörfum eða reka sínar eigin verkfræðistofur. Verkefni verkfræðinga eru af ýmsum toga og í nútíma samfélagi þar sem tækniframfarir eru daglegt brauð er mikil þörf fyrir fólk með verkfræðimenntun. Nám í verkfræði er því góður kostur og býður upp á óteljandi möguleika.



Nám í verkfræði veitir góðan grunn fyrir störf á ýmsum vettvangi. Miklir möguleikar eru í boði því þörfin fyrir tæknimenntað fólk eykst stöðugt.

**NÁM**

Við verkfræðideild Háskóla Íslands er hægt að velja á mili umhverfis- og byggingaverkfræði, véla- og iðnaðarverkfræði og rafmagns- og tölvuverkfræði. Námi við verkfræðideild lýkur með meistaraprófi og tekur að lágmarki 5 ár en einnig er hægt að útskrifast með BS-gráðu í verkfræði að loknu þriggja ára námi. BS-gráða gefur hins vegar ekki rétt til þess að kalla sig verkfræðing. Háskólinn í Reykjavík hefur nýlega hafið kennslu í verkfræði og þar eru aðrar brautir í boði. Þar er hægt að taka BS- og MS-gráðu í fimm greinum: fjármálaverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, iðnaðarverkfræði og rekstrarverkfræði.



Hönnun og þróun gervilima er að miklu leyti í höndum verkfræðinga.

**HELSTU NÁMSGREINAR**

Eins og gefur að skilja eru námskeið í verkfræðinni ólík eftir því hvaða braut menn velja. Almennur kjarni byggir hins vegar á mikilli stærðfræði, eðlisfræði, rekstrarfræði, tölvufræði og efnafræði. Sérgreinarnar eru síðan mismunandi eftir því hvaða verkfræði er verið að læra. Þá er einnig gert ráð fyrir að nemendur í verkfræði ljúki tiltekinni starfsþjálfun í fyrirtæki eða stofnun.

**INNTÖKUSKILYRÐI**

Til að hefja nám í verkfræði verður maður að hafa stúdentspróf, helst af raunvísindadeild í framhaldsskóla. Við Háskólann í Reykjavík er boðið upp á nám í frumgreinadeild sem veitir undirbúning fyrir þá sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða vantar grunn í raugreinum.

**AÐ LOKNU NÁMI**

Að loknu meistaraprófi er hægt að sækja um til iðnaðarráðuneytisins og fá starfsheitið verkfræðingur. Miklir möguleikar eru á framhaldsnámi í faginu bæði hér heima og erlendis.

**STARFIÐ**

Verkfræðingar geta fengið vinnu á ýmsum vettvangi. Þeir vinna hjá ríkinu, sveitarfélögum, stórum fyrirtækjum, fjármálastofnunum eða stunda sjálfstæðan rekstur. Störf verkfræðinga eru eins og gefur að skilja ólík eftir sérsviði hvers og eins. Heilbrigðisverkfræðignar vinna til dæmis við að hanna og þróa gervilimi og líffæri, fjármálaverkfræðingar starfa á vettvangi fjármála, til dæmis í bönkum og stórum fyrirtækjum, umhverfis- og byggingarverkfræðingar koma að gerð ýmissa mannvirkja svo sem brúa og virkjana, rafmagns- og tölvuverkfræðingar hanna ýmiss konar raftæki og rafeindabúnað og véla- og iðnaðarverkfræðingar starfa meðal annars við fyrirtækjastjórnun og framleiðslustjórnun.



Verkfræðingar koma að byggingu ýmissa mannvirkja, til dæmis brúa.

**LAUN OG KJÖR**

Þótt mikil fjölgun hafi verið í faginu undanfarin ár eiga nýútskrifaðir verkfræðingar tiltölulega auðvelt með að fá vinnu. Launin eru góð og ýmsir starfsmöguleikar eru í boði.


## Lágafellsskóli í Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi með öflugu starfsfólki í glæsilegum, vel búnum skóla þar sem ríkir góður starfsandi.**

Óskum eftir að ráða kennara til dönskukennslu í 7. – 10. bekk í 100% starf frá 1. ágúst 2005.
Laun samkv. kjarasamningi LN og KÍ. Umsóknarfrestur til 17. júlí 2005.

Umsóknir sendist á:

johannam@lagafellsskoli.is eða
sjohnsen@ismennt.is

Ennfremur óskast skólaliðar í hlutastörf í ræstingu, gangavörslu, gæslu og í skólabíl.
Ráðið verður í störfin frá 15. ágúst 2005. Laun skv. kjarasamningi LN og Stamos. Umsóknir sendist í tölvupósti á ofangreind netföng eða í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð.

**Umsóknarfrestur um störfin er til 17. júlí 2005.**

Upplýsingar um störfin gefa

Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri í síma 896-8230 ,
Sigríður Johnsen, skólastjóri s: 896-8210



UMFA

## Afturelding

# Framkvæmdastjóri

**Aðalstjórn Aftureldingar vantar framkvæmdastjóra í 100% starf.**

Við leitum að einstaklingi með viðskipta og rekstramenntun auk brennandi áhuga á íþróttum barna og ungmenna.
Ráðningartími eftir samkomulagi.

Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma því starfinu getur fylgt erill utan dagvinnutíma.

**Helstu verkefni:**

- Allur rekstur félagsins þmt. bókhald, önnur fjármálaumsýsla og starfsmannahald.
- Aðstoð við stjórnir deilda í rekstrar og fjármálum.
- Eftirlit með rekstri deilda félagsins.
- Þjónusta við iðkendur og stjórnir deilda.
- Verkefnastjórnun t.d.átaksverkefni félagsins.
- Samskipti við önnur íþróttafélög og bæjaryfirvöld.
- Ritstjórn vefsíðu.
- Umsjón með fjáröflunum félagsins.

**Þekking-hæfni:**

- Krafa um viðskipta- eða hagfræðimenntun auk þekkingar og reynslu af barna- og unglingastarfi.
- Frumkvæði, sjálfstæði í störfum og lipurð í mannlegum samskiptum skilyrði.
- Góð tölvukunnátta alveg nauðsynleg.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.
Umsóknarfrestur er til 25.júlí. Umsóknir sendist til: UMF. Aftureldingar pósthólf 174, 270 Mosfellsbær.
Fyrirspurnir eða óskir um viðtal má senda til Elísabetar Guðmundsdóttur formanns Aftureldingar netfang:elisabeg@lsh.is.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Afturelding er framsækið og öflugt íþrótta- og ungmennafélag í Mosfellsbæ með blómlegan rekstur. Aðsetur þess er í íþróttahúsinu við Varmá.Félagið rekur 11 íþróttadeildir í samvinnu við sjálfboðaliða sem stjórna deildum:knattspyrnu,handbolta,fimleika,sund,badminton,blak,karate,körfubolta,borðtennis, frjálsar íþróttir og íþróttaskóla barnanna. Hjá félaginu starfa 42 þjálfarar,framkvæmdastjóri auk starfsmanns á skrifstofu. Iðkendur eru á aldrinum 3 til 50ára.



Draumahús 530 1800

# Ritari

**Draumahús leita að ritara. Starfið felst í símsvörun, aðstoð við skjalafrágang og útkeyrslu skjala. Vinnutími 9:00 til 17:00 mánudaga til föstudaga.**

Krafa um bílpróf, hreint sakavottorð og að viðkomandi sé ekki á vanskilaskrá. Draumahús eru reyklaus vinnustaður. Draumahús eru fyrirmyndarfyrirtæki VR 2005.

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta söluþóknun.

Umsóknir, með mynd, sendist á bergur@draumahus.is eða Draumahús, Mörkinni 4, 108 Reykjavík, fyrir 6. júlí 2005.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005



## Húsavík

**Auglýst er eftir deildarstjóra og leikskólakennurum að leikskólanum Bestabæ á Húsavík.**

Húsavík er 2.500 manna bæjarfélag, þar er öflugt félags- og menningarlíf, aðstæður til uppeldis barna hinar ákjósanlegustu, vegalengdir litlar. Í bænum er framhaldsskóli, grunnskóli, tveir leikskólar, tónlistarskóli og öflug heilbrigðisstofun (sjúkrahús og heilsu gæsla) auk allrar almennrar þjónustu.

Leikskólakennarar sem ráða sig að leikskólum á Húsavík fá greiddan flutningsstyrk samkvæmt reglum bæjarfélagsins. Aðstoð er veitt við útvegun húsnæðis.

*Bestibær er 4 deilda leikskóli, stefna leikskólans mótast af uppeldiskenningum John Dewey og Caroline Pratt. Á öllum deildum leikskólans er unnið með TMT. Næsta skólaár verður lagt upp með rannsóknarverkefni á hreyfiþroska og þjálfun leikskólanema.*

Nánari upplýsingar veitir Aðalbjörg Friðbjarnardóttir, aðstoðarleikskólastjóri vs. 464 1255 (bestibaer@simnet.is) hs. 464 2611.

***Umsóknarfrestur er til 8. júlí, umsóknum skal skila til leikskólastjóra.***



Hárgreiðslustofan mín
Skipholti 70 sími 581 2 581

**Hárgreiðslustofan mín** óskar eftir að ráða þjónustulipran og áreiðanlegan hárgreiðslumeistara eða svein til starfa sem fyrst.

Vel kemur til greina að ráða í 50-80% stöðu. Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf, meðmælendur ásamt launahugmyndum sendist fyrir 3. júlí n.k á netfangið

**hargreidslustofanmin@hotmail.com**



## Handlaginn húsvörður óskast í 50% starf

Samskipti ehf. leitar að starfsmanni til að sjá um fasteignir fyrirtækisins og annað þeim tengdum.
Fjölbreytt verkefni fylgja með. Okkur vantar góðan liðsfélaga sem er hress, laghentur, vandvirkur og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Upplýsingar um starfið fást hjá Ragnari í síma 580 7813 eða 693 7813.

# TVÆR STÖÐUR HEIMILISLÆKNA

**Lausar eru til umsóknar tvær stöður Heimilislækna við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.**

Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið sérfræðiprófi í heimilislækningum.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2005.**

Annar læknirinn mun hafa aðsetur á Þórshöfn og sinna f.o.f. Norður-Þingeyjarsýslu og er æskilegt að hann geti hafið störf á vormánuðum 2006. Hinn hefur Húsavík og Suður-Þingeyjarsýslu sem sína aðal starfsstöð og veitist sú staða frá 1. nóvember 2005.

Við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga starfa 9 læknar ásamt ýmsum sérfræðingum sem koma reglulega til að vinna í styttri tíma. Stofnunin þjónar öllum Þingeyingum austan Fnjóskadals. Reyndar kemur fólk alls staðar að af landinu til aðgerða á Sjúkrahúsinu á Húsavík.
Öflugt tölvu- og fjarfundakerfi tengir starfsstöðvar á Þórshöfn, Raufarhöfn. Kópaskeri, Húsavík, Laugum og í Mývatnssveit í eina heild. Mikill metnaður einkennir allt starf innan stofnunarinnar og má nefna þróun rafræns lyfseðils, rekstur reyksímans 800-60-30 síðustu 5 árin og Evrópuverkefni í endurhæfingu öryrkja sem dæmi um ný verkefni sem ráðist hefur verið í. Frá árinu 2001 hafa 2 læknar verið í framhaldsnámi í heimilislækningum við stofnunina.
Hátt í 200 þúsund ferðamenn koma í Þingeyjarsýslur á hverju ári og unnið hefur verið markvisst að því að tengja saman ferðamennsku og heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Miklir möguleikar felast í því og það ánægjulegasta sem gerst hefur í þeim efnum er opnun Jarðbaðanna í Mývatnssveit á síðasta ári. Þar er frekari uppbygging heilsuþjónustu í samvinnu Baðfélagsins og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga í skoðun.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum og sambærileg við það sem gerist á svipuðum stofnunum á landsbyggðinni.

Áhugasömum er bent á heimasíðu stofnunarinnar heilthing.is til að afla sér nánari upplýsinga um starfsemina.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar heilthing.is og er hægt að senda þær rafrænt. Eins er hægt að senda umsóknir í pósti til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Auðbrekku 4, 640 Húsavík, b.t. Ásgeirs Böðvarssonar, framkvæmdastjóra lækninga.

## Upplýsingar veita

Friðfinnur Hermannsson, framkvæmdastjóri 895-0525, *fridfinnur@heilthing.is*,

Ásgeir Böðvarsson, framkvæmdastjóri lækninga 860-7726, *asgeir@heilthing.is*

Sigurður Halldórsson, yfirlæknir N-Þing. 896-8109 og 899-8645 *sighall@heilthing.is.*

Öllum umsóknum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði.

---

Byggingafélag

# Smiðir, járnamenn og byggingaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða smiði, járnamenn og byggingaverkamenn.

**Upplýsingar gefur Kristján Yngvason í síma 693-7005**
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

JB Byggingafélag býður uppá góða starfsaðstöðu og öruggt starfsumhverfi. Næg verkefni eru framundan.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

---

# Laus störf í nýju og spennandi umhverfi

Sölufulltrúar fasteigna

Laus eru til umsóknar störf sölufulltrúa í nýrri þjónustudeild Hóls fasteignasölu. Helstu verkefni sölufulltrúa snúa að þjónustu við núverandi viðskiptavini, sölu fasteigna, fjármálaráðgjöf og öflun nýrra viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

- Góð menntun og reynsla af störfum á fasteignasölu.
- Rík þjónustulund, þægilegt viðmót og mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Markviss vinnubrögð, sjálfstæði og skipulagshæfileikar.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.

Þú kemur til með að vinna með samstilltum hópi einstaklinga sem hefur það að markmiði að viðhalda góðu orðspori Hóls með framúrskarandi þjónustu og vandvirkum vinnubrögðum.

Launakerfi er árangurstengt og býður upp á mikla tekjumöguleika

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Andri Skúlason framkvæmdastjóri Hóls-M í síma 595 9059

Umsóknir sendist í tölvupósti á gandri@holl.is fyrir 10. júlí n.k.

Hóll hefur frá upphafi verið frumkvöðull í fasteignasölu og haft það að markmiði að vera í fararbroddi í sinni starfsgrein.

M-þjónusta er ný deild innan Hóls sem býður upp á nýjar og fullkomnar þjónustuleiðir sem byggja á markvissri gæða- og þjónustustjórnun.

Hóll-M leitast því eftir að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk og bjóða upp á starfsumhverfi sem laðar fram það besta í hverjum og einum til að hámarka ánægju viðskiptavinarins.

Við trúum því að starfsánægja og efling starfsfólks sé lykillinn að ánægðum viðskiptavini, góðri þjónustu og árangri í harðri samkeppni.
Við höfum meira að bjóða



hóll
M – við höfum meira að bjóða

Hóll-M | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg.fasteignasali

---

# Alp – Car rental Group

## Leitum eftir þjónustufulltrúum í sölu- og bókunardeild Alp ehf.

**Á meðal verkefna þjónustufulltrúa eru:**
- Mikil samskipti við erlendar ferðaskrifstofur
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga varðandi leigu á bílum innanlands og erlendis

**Hæfniskröfur**:
- Próf frá ferðamálabraut eða Ferðaskóla Flugleiða
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvuþekking
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknir skulu sendar á villi@alp.is fyrir 9. júlí.**

ALP ehf. er stærsta bílaleiga landsins með einkaleyfi á vörumerkjunum Avis og Budget. Undir þessum vörumerkjum eru reknar tvær af stærstu bílaleigum heims. Samtals hafa Avis og Budget fleiri en 6.000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim. Frekari upplýsingar um Avis og Budget er hægt að fá á www.avis.is eða www.budget.is.

AVIS

Recognized as one of the world's top brands for customer loyalty and innovation, the Avis Rent A Car System is the world's second largest general-use car rental brand in the world.
Avis Rent A Car System Inc. rents vehicles to business and leisure travelers through a system of more than 1,700 locations in the United States, Canada, Australia, New Zealand and the Latin American/Caribbean region. Avis has been recognized as a top company by AARP, Fortune magazine and others.

Budget Car Rental

Budget Rent A Car System Inc. is one of the world's best-known general-use car rental companies with 1,900 airport, downtown and suburban car rental offices in the U.S., Canada, Latin America, Caribbean, Australia and New Zealand. Together, Avis and Budget serve an even mix of business and leisure travelers and meet the rental needs of local and nationwide businesses.

---

FOSSHÓTEL

vinalegri um allt land • www.fosshotel.is

**Fosshótel auglýsir eftir fólki með ástríðu fyrir gestrisni til að starfa á Fosshóteli Reykholti. Eftirtalin störf eru í boði:**

**Framreiðslumaður (framtíðarstarf):**
**Hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla af framreiðslustörfum
- Stjórnunarhæfileikar
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki

**Almennt starf (sumarstarf):**
**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki
- 18 ára lágmarksaldur

Fæði og húsnæði í boði. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að tilgreina hvaða starf þeir sækja um og á hvaða hóteli. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Hjartardóttir, hótelstjóri, í síma 435 1260 eða í gegnum tölvupóstfangið *sigrun@fosshotel.is*

---

# Náttúruleikskólinn KRAKKAKOT Álftanesi

**Óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtaldar stöður:**

**Leikskólakennara eða leiðbeinendur.**
Um er að ræða heilsdagsstörf og hlutastörf.

**Umsóknarfrestur er til 12. júlí 2005.**

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftanes, alftanes.is/Stjónsýsla/umsóknir/umsókn um starf.

**Nánari upplýsingar veita, eftir kl. 16 virka daga:**

Erla Thomsen leikskólastjóri í síma 821-5006 og Hjördís Ólafsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 692-6648.

## Okkur vantar fleira gott fólk!

Skúlason leitar að framtíðarfólki í þjónustuver.

Framundan er mikil vinna og okkur vantar starfsfólk í þjónustuverið okkar til að tala í síma.

- söluverkefni
- símsvörun
- gagnavinnslu

Leitum sérstaklega að fólki sem er að leita að framtíðarstarfi, hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu umhverfi og er metnaðarfullt.

Hæfniskröfur:
- reynsla af sölumennsku og þjónustustörfum
- eldri en 20 ára
- góð enskukunnátta (ekki skilyrði)
- lágmarks tölvukunnátta

Hringdu í okkur í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn eða sendu hana á netfangið skulason@skulason.is



Skúlason er þjónustuver. Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.

SKÚLASON
Sími 575 1500 - www.skulason.is


Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.


## Spennandi lausar stöður
### í Frístundamiðstöðinni Árseli

### 2 verkefnastjórastöður
**(Félagsmiðstöðin Ársel og í Ingunnarskóla)**
**Um er að ræða fjölbreytt 100% starf í skemmtilegu umhverfi.**

**Verksvið:**
- Umsjón með félagsmiðstöðvarstarfi fyrir unglinga á vegum Ársels.
- Skipulagning starfs í samráði við unglinga og starfsfólk stöðvarinnar.
- Samskipti og samstarf við foreldra og annað starfsfólk sem kemur að starfi með unglingum.
- Ýmiss konar upplýsinga-, forvarnar- og kynningarstarf.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði uppeldis og/eða sambærilega menntun.
- Reynsla af vinnu með börnum og unglingum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og framtakssemi.
- Almenn tölvukunnátta auk skipulags- og stjórnunarhæfileika.

### Hlutastarf í félagsmiðstöð
Um er að ræða 33% hlutavinnu seinni hluta dags og á kvöldin við undirbúning og framkvæmd félagsstarfs fyrir unglinga á vegum miðstöðvarinnar. Starfið er tilvalið fyrir fólk sem vill afla sér reynslu á þessu sviði. Umsækjendur þurfa að vera orðnir tvítugir, vera góðir í mannlegum samskiptum og hafa frumkvæði og hugmyndaauðgi.

**Nánari upplýsingar er að fá í Árseli í síma 567-1740.**

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí n.k.**
Umsóknum skal skilað til Frístundamiðstöðvarinnar Ársels, Rofabæ 30– 110 Reykjavík.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Frístundamiðstöðin Ársel var stofnuð haustið 1981 og er rekin af Íþrótta- og tómstundarsviði Reykjavíkur. Ársel hefur umsjón með starfssemi tveggja félagsmiðstöðva og sex frístundaheimila í Árbæjarhverfi, Grafarholti og Norðlingaholti. Miðstöðin skipuleggur fjölbreytt tómstundanámskeið í grunnskólum, sumarnámskeið fyrir börn ásamt því að vera virkur þátttakandi í fjölbreyttu hverfasamstarfi. Hjá Árseli starfa að jafnaði um eitt fimmtíu starfsmenn og er sérstök áhersla lögð á jákvæðan starfsanda og góða liðsheild.

Frístundamiðstöðin Ársel, v/Rofabæ
110 Reykjavík • sími: 567 1740 • www.arsel.is

## Handlaginn húsvörður óskast í 50% starf

Samskipti ehf. leitar að starfsmanni til að sjá um fasteignir fyrirtækisins og annað þeim tengdum.
Fjölbreytt verkefni fylgja með. Okkur vantar góðan liðsfélaga sem er hress, laghentur, vandvirkur og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Upplýsingar um starfið fást hjá Ragnari í síma 580 7813 eða 693 7813.

STEYPUSTÖÐIN

## Starf í útkeyrslu

**Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur hjá Steypustöðinni starfsmenn með meirapróf í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Starfið felst í akstri steypubíls og afhendingu á steypu.**

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 1.júlí 2005 á skrifstofu til eftirfarandi aðila:

**Höfuðborgarvæðið.**
Sendist á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : sveinn@steypustodin.is. Sveinn svarar fyrirspurnum í síma 840-6810.

**Suðurland.**
Sendist á Hrísmýri 8, Selfoss eða í tölvupósti á netfangið : snorri@steypustodin.is. Snorri svarar fyrirspurnum í síma 840-6882.

Umsækjandi þarf að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem þjónusta, öryggi og vörugæði eru í fyrirrúmi. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

## Starf í framleiðslu

Steypustöðin Járn & Lykkjur óskar að ráða starfsmann í framleiðslu. Starfið felst í afgreiðslu járnapantana, vinna við tölvustýrða beygjuvél á framleiðslu úr kambstáli, vinna við suðu á kambstáli og umsjón með járnalager.

Leitað er að ábyrgum, samviskusömum einstaklingi sem er röskur, nákvæmur og samstarfslipur með frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 1.júlí 2005 á skrifstofu á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : ingi@steypustodin.is.

dísel árg. 1996, ekinn 180 þús. km. Elnagh, 6,6 m langur, 6 svefnpláss, lítur mjög vel út. Verð 2,6 millj. S. 696 9695 & 564 1569.



**Peugeot 2,5 Turbo dísel Concorde**
árg. 1994, ekinn 159 þús. 7,5 m langur, 6 svefnpláss. Hlaðinn öllum aukabúnaði, verður að skoðast! Verð 3,2 millj. Mjög glæsilegur bíll. S. 696 9695 & 564 1569.

## Mótorhjól



Honda Shadow Spirit 1100. 2000 árgerð af hjóli, lýtur vel út, töskur og vindhlíf fylgja Verð: 898.000.- Uppl. 862-1252 Stefán Hjólið er til sýnis í Nítró, Járnhálsi 2 www.nitro.is

Vel með farið KTM 525exc 2004 til sölu. S. 860 0528.

Til sölu KTM 250 SXS árg'04 Factory hjól. Geðveik racegræja. Uppl. í s. 895 7887.

Til sölu Yamaha Dragstar árg.'05. Nýtt hjól. Áhv.lán. Uppl. í s. 822 3072.

## Hjólhýsi



Til sölu hjólhýsi Dethleffs New Line Type 460T Árg. 2000. Verð 1.100.000. Uppl. í s. 554 1666.

Delffus 22 feta, árgerð '89. 2.50 á breidd. Gott hús. Til sýnis um helgina. Verð 1420 þús. S. 896 7935.

## Fellihýsi

Flott Jayco 11 feta fellihýsi árg. 2000, til sölu, með góðu fortjaldi, ísskápi, bílaútvarp með cd, búið að breyta fyrir 220w einnig hækka það fyrir jeppa stærð, þetta er vel með farið fellihýsi og fæst á 790 þús. stgr. Uppl. í 861 7729.

Til sölu Esterell fellihýsi árg. '89 með hörðum hliðum, stærsta gerð, með fortjaldi og öllu. Uppl. í síma 893 6272.

Stórt Palomino fellihýsi á tveimur öxlum. Ísskápur, sturta, WC, gashellur, ofn og fleira. Hýsi í toppstandi. V. 530 þús. Uppl. í s. 897 7643.

## Tjaldvagnar

Til sölu góður Compi Camp '90 með fortjaldi og öllum aukabúnaði. Tilboð óskast. Uppl. í s. 895 3760.

Lítill Combicamp tjaldvagn óskast, vel með farinn á verðbilinu 50-150 þús. S. 867 5081 & 422 7152.

## Vinnuvélar



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.

Skotbómulyftari til leigu, 13 metra lyftihæð. Upplýsingar í síma 824 0676.

## Lyftarar

**WWW.Armar.is**

**Lyftuleiga**

## Bátar









Til sölu tæpl. 6 plastbátur. 4 cyl diesel vagn fylgir. Bryggjupláss hjá Snarfara. Verð 1.100 þús., skipti mögul., góð kjör Uppl. í s. 892 5628.

Til sölu Víkingur 700. Verð 1.000.000. Uppl. í s. 557 9179 e.kl.19.

Óska eftir plastbát má kosta 400-500 þús. Uppl. í s. 696 4236.






Vel með farið Seadoo XP jetski árg. 1999 til sölu ásamt yfirbreiðslu og vagni. Nýyfirfarið. Verð 550 Þ. Upplýsingar í síma 898 9381.

## Flug




Flugklúbbur Íslands ehf. Áhugavert tækifæri í flugi á Íslandi. www.fly.is

## Varahlutir







Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

## Bílaleiga

**Hertz**

Bíll í útlöndum. Frábær tilboð á bílaleigubílum. Ford Mustang á Florida frá 9.300 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Spáni frá 6.250 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Opel Corsa í Danmörku frá 10.500 kr vikan. á mann. m.v. 2 í bíl. Renault Clio í Frakklandi frá 9.400 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Ítalíu frá 8.700 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Mismunandi skilmálar gilda eftir löndum. Vildarpunktar við hverja bókun. Sjá einnig www.hertz.is Bókið á hertzerlendis@hertz.is eða í síma 5050600.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öðruvísi vörur - örðuvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opnum í dag nýja vefverslun www.Loi.is Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440



Ný sending komin af vinsælu viðarkaminunum á aðeins 43.900kr Norme-x Auðbrekku 6 sími 565-8899 og 821-6920. Söluaðilar Ísafjörður s. 456 3345 og Hornafjörður sími 691 0231.




**www.handrid.is**
Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, frítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.




Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, ryðfrítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.






**Ódýrir Ódýrir!**
Rafmagnshitaðir nuddpottar, ný sending komin, seinasta seldist upp strax, alvöru nuddpottar með 3ja ára verksmiðjuábyrgð, Verð frá 450 þ. Hringdu núna í s. 699 8195 og 660 6091.









**Vinsælasta leiktækið í dag, Amerísk Trampolin.**
Gerðu samanburð gæðanna og öryggisins vegna. S. 565 0313 & 848 7632. Trampolinsalan.

Til sölu tíu stk. notaðar harðviðaklæddar innihurðir með læsingum og körmum. Tilvalið í sumarbústaðinn. Uppl. í s. 553 2171.

Til sölu vandaður peningaskápur E. Hipkins, skápur með sögu. Tilvalinn fyrir fyritæki, stofnanir og einstaklinga. Upplýsingar í síma 844 9297.

**Garðprýði**
Til sölu hraunhellur í beð eða sem hellur. Uppl. í s. 898 4444.






Nú er tækifærið! 60% af öllu. Öðruvísi gjafarvara sem talað er um. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.

## Gefins

2ja ára Border Colly gefins í sveit. Mjög hlýðinn. Uppl. í s. 848 0919/567 3412.

## Óskast keypt

Mótatimbur óskast, sökkulefni. Uppistöður 2x4 má vera stuttar lengdir ca. 1 m. og minna, einnig 1x6 S. 896 8822.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

## Vélar og verkfæri



Járnsmíðavélar og efni. Til sölu fjölhæf DoAll bandsög m. innbyggðri suðuvél. Sagar- og þjalablöð fylgja. Ómissandi í verkfærasmíðina. Einnig punktsuðuvél fyrir 3+3 mm þykkt. Auk þess nokkur hundruð kg af smíða- og verkfærastáli. Uppl. í s. 846 6264.

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

## Til bygginga




**Heimasíða: vidur.is**
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, vatnsklæðning, panill og gluggaefni.Verð frá 270.-kr lengdarmetir. Sími 561 1122 / 660 0230

Gámahótel. Til sölu er 24 herbergja hótel úr gámum. Hvert herbergi er 6x3 m. með baðherbergi og smáeldhúsi. Upplýsingar í síma 824 2050.

Sjálfreisandi byggingakrani, Liebherr 28K til sölu. 30 m. bóma, 22 m. undir krók. Kraninn er sem nýr í alla staði. Upplýsingar í síma 824 0676.

## Verslun



Vorum að taka upp nýjar vörur. Mikið úrval og gott verð. Opið frá 10-18 virka daga. ATH lokað á laugardögum í sumar. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.



Espadrillurnar eru komnar. 11 litir stærðir 35-41, kr. 990. Einnig með háum hæl kr. 2500. Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.







## Fyrirtæki



Tilboð óskast í 3 glæsilega hestvagna ásamt rekstri, einnig hestaleiga. Uppl. í síma 897 6319.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tek að mér þrif í heimahúsum. Á Selfossi, í Hveragerði, í Þorlákshöfn og einnig á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 567 0877 & 698 4940 Sandra.

## Garðyrkja







**Túnþökur.**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. 892 3666 Gylfi Jónsson**







Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is

**Tökum garðinn í gegn!**
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, og margt margt fleira. Gerum góð tilboð. Síminn alltaf opin.
**Sláttumenn -Garðaþjónusta. Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667**

**Vorfáni - Hellulagnir**
Varmalagnir og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
**S. 892 9141 eða 861 9142.**




Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930

## Málarar

**Þak og utanhússmálun.**
Málum þök og veggi. Gerum föst verðtilboð. Uppl. í s. 860 0210 & 894 5663.

## Húsaviðhald



Við bjóðum PVC glugga og hurðir fyrir sólstofur í allar gerðir húsa. Vinsamlegast leitið upplysinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com



**Hreinsum gráma af sólpöllum!**
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
**Anton í síma 866 5262.**

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Tökum að okkur viðgerðir og endurnýjun á múr, tré og málun. Tilboð eða tímavinna. S. 659 8605, 865 5310 & 867 8198.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

## Spádómar

**Alspá 908-6440**
Ást, heilsa, viðskipti, miðlun, draumar,fyrirbænir NLP/sjálfsstyrking, Símaspá og einkatímar.
**Finn týnda muni 908-6440.**

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Englaljós til þín.**
Ertu óhamingjusöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908-5050. Lára & Laufey.

Spámiðill. Spái í 4 teg. spila, kristal og miðilsfundur á eftir. Áratuga reynsla. Þóra frá Brekkukoti. Spái ekki í síma. S. 557 4391 & 660 8301.

## HEILSA

## Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt




Stórlækkað verð. www.trikke-iceland.com Kennsla - Íslandsmót pöntunars. 660 7747 & 660 7707.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



Borðstofuborð íslensk hönnun með glerplötu 55 þ., tölvuborð og stóll 10þ., Lazy Boy leður stólar úr Marco 40 þ. stk., mosaik spegill stór 25 þ., Silkitré og blóm, uppþvottavél og fl. vegna flutnings erlendis. S. 692 0617.



Antik hjónarúm og leðursófasett til sölu. Óskað eftir amerískri PS2 tölvu. S. 845 3705.

Til sölu vel með farinn 3ja sæta Lazyboy sófi. Verðhugmynd 80 þús. Uppl. í s. 867 9862 og 697 7967.

Stórt og fallegt eldhúsborð og 6 stólar með háu baki úr furu. Antik sófaborð útskorið, mjög fallegt. Selst ódýrt vegna flutninga. Uppl. í s. 697 7702.

Glæsilegt rauðbrúnt hornleðursófasett á hálfvirði 80 þús. kr. Barnarúm með leikplássi undir 20 þús. kr. Uppl. í s. 483 4535

Til sölu Rokkokko sófi og 2 stakir stólar. Uppl. í s. 695 5135.

Til sölu er 150x200 cm. RB rúm. á kr.20.000 Upplýs. í síma 845 8816.

Rúm til sölu, 135*200 cm. Aðeins verið notað í 1,5 ár, upplýsingar í síma 659 4949 & 821 5151.

## Heimilistæki



Við bjóðum makesiur fyrir svalir of sólpalla frá 3 m x 2,5 m upp í 4,8 m x 2,5 m. Vinsamlegast leitið upplysinga hjá Multi Kerfi ehf, Verbraut 3, 240 Grindavík, S:426 8010 GSM: 897 8070, 895 2446, Netfang: info@multikerfi.com, www.multikerfi.com

## Dýrahald



Enskir bolabítshvolpar. Til sölu bolabítar afhending 28. júlí, verða ættbókafærðir hjá Hrfí. Uppl í síma 691 5000.

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu stóra Dan hvolpur. Uppl. í s. 848 6567.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 · 98,9 Bylgjan · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Léttar veitingar alla daga frá 13-24. Nýji útsýnis og veitingastaðurinn Flösin.
**Garðarskaga**

Árbæjarsafn, Fornbíladagurinn í dag.
**Árbæjarsafn**

Opnum nýtt safn í dag frá 13-17. Aðgangur ókeypis.
**Byggðasafnið á Garðarskaga.**

Allar garðplöntur á útsölu.
**Blómaval.**

Ekta austurríkts Bretzel.
**Breiðholtsbakarí**

Ertu á leið í bæinn,
**komdu við á Pizza Hut.**

Sunnudagar eru fjölskyldudagar.
**Íshestar.is,**
**sími 555-7000**

Rýmum fyrir nýjum vörum.
**IKEA**

Skessubrunnur opið.
**Skessubrunnur.is**

Ennþá laust! Sumarbúðirnar Vestmannsvatni.
**skarpur.is/vestmannsvatn**

Garðplöntuútsala.
**Blómaval.**

Útsalan er í gangi. Opið til sex.
**IKEA**

Hugsanlega bestu grillbrauðin í bænum.
**Breiðholtsbakarí**

Gómsætar uppskriftir á
**Humar.is**

Útsalan í fullum gangi 30 til 80 prósenta afsláttur,
**Hagkaup.**

Opnum alla virka daga klukkan 8.
**Hársnyrtistofan**
**Dalbraut 1**

Kaffi og veitingar.
**Café Karólína**

Þú berst á fáki fráum í fjörureið.
**Íshestar.is,**
**sími 555-7000**

Ferðamöguleikar og viðburðir á norðurlandi í sumar á norðurland.is.
**Markaðsskrifstofa ferðamála.**

Listagallerí Café Karólína,
**Listagili Akureyri**

Veitingar við allra hæfi.
**Fiðlarinn Akureyri**

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.






allt

Allt um fasteignir og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.



# Baráttusaga í hljóði

Heimurinn þagnaði svo alveg fyrir honum þegar hann fór átján ára gamall í aðra slíka skurðaðgerð. *Jón Sigurður Eyjólfsson* tók hús á þessum nýbakaða líffræðingi og komst að því að heimur Þórðar Arnar Kristjánssonar hefur hins vegar aldrei hætt að brosa.



**ÞÓRÐUR ARNAR KRISTJÁNSSON** Heimur hans Þórðar hefur fyrir löngu hljóðnað en hann hefur alls ekki hætt að brosa. Þórður er fyrsti heyrnarlausi nemandinn til að útskrifast frá Háskóla Íslands. Hann vonar að sín framganga verði öðrum heyrnarlausum hvatning.

Það er erfitt að ímynda sér hugarástand þrettán ára unglings sem finnur heyrnina fjara út og veit að einn daginn skilji hún hann eftir í hljóði. Þórður er þó allt annað en beiskur í bragði þegar hann rifjar þetta upp. „Ég var svo heppinn að vera í Tjarnarskóla á þessum tíma og þessi skóli er það fámennur að allir þekkja alla svo þetta var eins og að vera í stórri fjölskyldu. Flestir vissu hvernig mínar aðstæður voru og sýndu þeim mikinn skilning og ég var í raun meðvitaður um það að ég myndi sennilegast missa heyrnina þannig að það var ekki svo mikið drama þegar sá dagur rann upp því ég var vel undir það búinn.“

**Ekkert truflar við lesturinn**

„Ég fór í Menntaskólann við Hamrahlíð því þar eru aðstæður bestar fyrir heyrnaskerta en ég verð að viðurkenna að það var svolítið erfitt fyrst enda voru ræður kennaranna aðeins afar lítið pískur í mínum eyrum. Þá leitaði ég til námsráðgjafa og sameiginlega fundum við námstækni sem hentar mér fullkomlega og eftir það gekk allt að óskum.“

Vala Gísladóttir sambýliskona Þórðar segir hann vera sérlega duglegan og skipulagðan námsmann og gengst Þórður alveg við því: „Það er betra að vera skipulagður,“ segir Þórður, „því þá þarf maður ekki að lesa jafn lengi og þegar maður er óskipulagður. Svo er afskaplega þægilegt fyrir mig að einbeita mér að lestrinum því að það er aldrei neinn hávaði að trufla mig sama hvaða læti eru í gangi,“ bætir hann við kíminn.

> **Um síðustu helgi urðu þau ánægjulegu tímamót að heyrnarlaus nemandi útskrifaðist í fyrsta skipti úr Háskóla Íslands. Hann missti heyrnina á öðru eyra fimmtán ára gamall þegar fjarlægja varð með skurðaðgerð æxli sem náði yfir heyrnartaugarnar en svokallaður neurofibromatosis-sjúkdómur sem hann er með einn Íslendinga sem orsakar æxli við heyrnartaugar.**

Þróður segir að námið í Háskólanum hafi gengið enn betur en í Menntaskólanum og er hann kennurum sínum afar þakklátur fyrir samstarfið. Hann veit af fjórum heyrnaskertum nemendum í skólanum og vonar hann að vaskleg framganga sín á menntabrautinni verði öðrum heyrnarlausum hvatning.

**Fötlunin skyggir ekkert á persónuna**

Þórður og Vala eiga tvo myndarlega syni, Fróða sem er þriggja ára og Óðinn sem er fimm mánaða en stálpaður patti. Fróði lærir táknmál í leiksskólanum og er strax orðinn vel fær með það og því eru samskipti þeirra feðga lipur og góð. Vala útskrifaðist nýlega úr Kennaraháskólanum og að loknu fæðingarorlofi hefur hún kennslu í Hlíðarskóla þar sem meðal annars er kennt á táknmáli.

„Við áttum strax alveg afskaplega vel saman,“ segir Vala um þeirra fyrstu kynni. „Ég lærði mjög fljótlega að tjá mig á táknmáli og fötlunin gleymdist í raun og veru alveg. Svo hafa foreldrar okkar beggja verið svo jákvæð og hjálpsöm að þetta varð strax bara eins og ósköp venjulegt samband. Svo er Þórður bara þannig maður að fötlun hans nær ekkert að skyggja á persónuna eða aftra honum við það sem hann ætlar sér að gera.“

**Hundurinn leysir pabbann af**

Þórður getur ekki verið annað en bjartsýnn á framtíðina. Hann hyggur á mastersnám við Háskólann og þá vill hann rannsaka fuglavörp í Breiðafirði en Þórður er einnig mikill fugla áhugamaður. Hann hefur þar að auki afskaplega gaman af því að skella sér á skytterí enda góð skytta. „Ég fór oft með pabba á skytterí en hann er orðinn frekar latur til þess eða í það minnsta ekki alltaf tilkippilegur þegar ég vil fara svo ég fékk mér þennan fína hund til að leysa pabba af,“ segir Þórður af sinni einskæru kímni.

„Hagur heyrnalausra er alltaf að vænkast og tæknin færir okkur aukið sjálfstæði eins og til dæmis farsímarnir sem gera okkur kleift að komast í samband við hvern sem er án aðstoðar þriðja aðila. Þetta er allt mikið betra og auðveldara en áður var svo ég get ekki annað en verið ánægður. Ef sjónvarpsfréttirnar væru svo textaðar fyrir okkur sem er náttúrulega löngu orðið tímabært þá væri ég jafnvel enn sáttari.“

En Þórður viðurkennir þó að vissulega læðist sú hugsun að honum á erfiðum degi að allt sé þetta ósköp erfitt við þessar aðstæður. „En áður en ég fer eitthvað að bölsótast út af sjúkdómi mínum hugsa ég til þess að ef ég hefði hann ekki hefði ég kannski ekki kynnst Völu og ætti því kannski ekki þessa tvo dásamlegu drengi og þar með hef ég kveðið þann bölmóð í kútinn.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HAMINGJUSÖM FJÖLSKYLDA** Þórður ásamt konu sinni Völu Gísladóttur og Óðni yngsta syni þeirra. Fróði stóri bróðir Óðins var hins vegar önnum kafinn á leikskólanum þegar þessi mynd var tekin.


# TIL HAMINGJU RTS



BSi

RTS VERKFRÆÐISTOFA

Við óskum **RTS verkfræðistofu** til hamingju með að hafa fengið faggilda gæðavottun fyrst íslenskra verkfræðistofa á rafmagnssviði.

Með faggildri vottun á gæðakerfi er tryggt að viðskiptavinir RTS munu ávallt fá þá þjónustu sem þeir vænta og að sú þekking og reynsla sem stofan og starfsfólk hennar býr yfir nýtist viðskiptavinum á hagkvæman hátt.

Það er okkur hjá **British Standards Institute** (BSI), sem nú höfum opnað starfsstöð á Íslandi, í senn ánægja og heiður að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í að auka veg þeirra sem starfa við þjónustu og ráðgjöf í rafmagnsverkfræði á Íslandi.

ATHYGLI

# Áttum yndislegar stundir á Íslandi

Rokksveitin Foo Fighters heldur sína aðra tónleika hér á landi næstkomandi þriðjudag. *Freyr Bjarnason* ræddi við **Nate Mendel**, bassaleikara sveitarinar, og fræddist meðal annars um síðustu Íslandsferð hans.



**FOO FIGHTERS** Nate Mendel, lengst til hægri, ásamt félögum sínum í Foo Fighters. Sveitin heldur tónleika hér á landi fimmta júlí í Egilshöll.

Hr. Mendel var steinsofandi uppi á hótelherbergi í Moskvu þegar blaðamaður náði loksins í hann eftir margar hringingar. Klukkan var 11 um morguninn hjá honum en 7 heima á Íslandi. Foo Figthers eru á umfangsmikilli tónleikaferð um heiminn um þessar mundir og liðsmenn sveitarinnar því þreyttir eftir erfið ferðalög. Tónleikar í Moskvu voru fram undan og því um að gera fyrir Mendel að nudda úr sér stírurnar og gíra sig upp fyrir kvöldið.

**Fjölskyldurnar með til Íslands**

*Hlakkar þú ekki til Íslandsfararinnar?*

Ójú. Síðast þegar við komum til Íslands var það besti dagur á tónleikaferð sem við höfum nokkurn tímann átt. Við áttum yndislegar stundir og fannst alveg frábært," segir Mendel dálítið ryðgaður. „Þannig að þegar við fengum tækifæri til þess að fara aftur þangað ákváðum við að taka frá smá auka tíma til að við gætum skoðað okkur um."

*Eruð þið búnir að ákveða hvað þið ætlið að gera á Íslandi?*

Nei, ekkert ákveðið. Það kemur bara í ljós. Við ætlum að fara þangað með fjölskyldur okkar og reyna að skemmta okkur."

*Hvað með félaga ykkar í Queens of the Stone Age. Koma þeir með fjölskyldurnar sínar líka?*

„Nei, ég er nú ekki svo viss um það."

*Þið spiluðuð í Rosewell í Mexíkó fyrir skömmu. Hvernig gekk það?*

„Það var mjög skemmtilegt. Það var flogið þangað með fólk sem hafði unnið einhverja samkeppni og grillað fyrir það. Við lentum síðan á flugbrautinni við hliðina á flugskýlinu þar sem við spiluðum. Við skemmtum okkur vel og tónleikarnir gengu eins og í sögu."

*Hefur þú einhvern áhuga á fljúgandi furðuhlutum eða er það bara Dave Grohl?*

„Ég held að Dave sé sá sem hafi mestan áhuga á þeim. Þessi áhugi nær aftur til þess er við byrjuðum fyrst að spila saman. Hann hafði alltaf rosalegan áhuga á þessu og hefur verið mikill áhugamaður um þetta í gegnum árin."

**Tvær plötur veita öryggi**

*Hvað finnst þér um nýju plötuna. Er hún sú besta frá ykkur hingað til?*

„Gæti verið. Það tekur alltaf smá tíma að sjá það út. Þegar við gerðum okkar síðustu plötu fannst okkur hún sú besta sem við höfðum gert," segir hann og hlær. „En þegar við horfum aftur til baka þá var hún það kannski ekki. Þannig að ég vil ekki vera of fljótur á mér að segja eitthvað. En ég held pottþétt að hún sé mjög vel gerð."

*Var engin áhætta að gera tvöfalda plötu?*

„Nei, það finnst mér ekki. Við ætluðum að gera eina plötu fyrst en lögin voru bara alveg nógu mörg og sterk til að vera á tveimur plötum. Það hefði verið meiri áhætta ef við hefðum gefið bara út rólegu plötuna og ekki stutt við bakið á henni með plötu með svipuðum lögum og við höfðum áður samið. Með því að gefa út báðar plöturnar í einu vildum við hafa þetta öryggi."

*Hafið þið verið að spila rólegu lögin á tónleikum?*

„Við höfum spilað Miracle tölvert á tónleikum en við viljum halda áfram að spila rokkuðu lögin í þessari tónleikaferð. Síðan langar okkur að fara á smærri staði og spila rólegu lögin af plötunni."

*Þannig að það verður ágætis hávaði á tónleikunum á Íslandi?*

„Já, það verður allt sett á fullt þar. „Volume"-takkinn verður skrúfaður í botn."

*Var platan ekki tekin upp í kjallaranum hjá Dave Grohl?*

„Við tókum upp síðustu tvær plöturnar okkar þar. En núna búa allir hinum megin á landinu, í Los Angeles, þannig að við byggðum hljóðver fyrir þessa plötu. Við keyptum risastóra vöruskemmu og byggðum þar upp hljóðver alveg frá grunni. Þar var alveg frábær aðstaða til að taka upp plötu."

**Dave er enginn harðstjóri**

Foo Fighters er búin að vera starfandi í tíu ár. Á að halda upp á afmælið, fyrir utan auðvitað að gefa út plötuna?

„Ég veit ekki hvort við ætlum eitthvað að halda sérstaklega upp á það. Að gera plötu, fara í tónleikaferð og gera það sem við gerum venjulega eru einu hátíðarhöldin sem við höfum ákveðið."

*Sérðu ykkur halda áfram í tíu ár til viðbótar?*

„Ég veit það ekki. Við tökum þetta bara plötu fyrir plötu. Ég sá ekki fram á að sveitin yrði til í tíu ár þegar við byrjuðum. En þetta hefur verið frábært og við erum í sterkari stöðu núna en nokkru sinni fyrr. Hugsanlega vorum við að gera okkar bestu plötu, við höfum skemmt okkur vel og ferðast út um allan heim. Við höfum víkkað sjóndeildarhringinn með því að gera þessa tvöföldu plötu og núna getur allt gerst."

**Hvernig er andinn í hljómsveitinni? Er hann alltaf jafngóður?**

„Já, hann er að minnsta kosti eins góður og alltaf. Hann hefur verið góður alveg frá byrjun."

*Hvar sérðu Foo Fighters í dag miðað við aðrar hljómsveitir?*

„Við höfum eiginlega gert það sama í tíu ár. Við höfum náð að skapa okkar eigin stíl. Við höfum búið til rokkplötur, farið í hljóðver og ekki spáð mikið í hvað væri í gangi í kringum okkur. Það er að mínu mati lykillinn á bak við það af hverju við höfum verið starfandi svona lengi."

*Hversu miklu ræður Dave í hljómsveitinni? Er hann einhvers konar harðstjóri?*

„Nei, hann er ekki harðstjóri en hann semur lögin og hefur mest að segja um hvert við stefnum. Allir fá samt að leggja sitt af mörkum og hann vinnur mjög lýðræðislega þrátt fyrir allt.

*Hann er samt alltaf í forgunninum, ekki satt?*

„Taylor syngur reyndar eitt lag á plötunni og við höfum verið að reyna að fá hann frá trommusettinu til að syngja það. En hann er frekar taugaóstyrkur út af því."

**Drukku brennivín á ströndinni**

*Hvað gerðuð þið þegar þið voruð síðast á Íslandi? Fóruð þið ekki á Stokkseyri?*

„Við sáum hverana og það var mjög gaman. Næsta dag fórum við í lítið sjávarþorp og borðuðum á frábærum litlum humarveitingastað. Síðan drukkum við íslenskt brennivín á ströndinni, kveiktum bálköst, horfðum á norðurljósin og djömmuðum með lítilli hljómsveit sem var að æfa sig neðar í götunni. Við bara skemmtum okkur mjög vel og þetta var æðisleg kvöldstund."

*Hvað er í uppáhaldi hjá ykkur í Foo Fighters núna?*

„Við hlustum mikið á Minus the Bear og á Constantine frá Kanada sem ætla að hita upp fyrir okkur þegar við förum í tónleikaferð þangað eftir um það bil mánuð. Ég hlakka mikið til þess. Síðan finnst mér Pinback líka góðir."

*Hverjir eru áhrifavaldar þínir sem bassaleikari?*

„Fyrir mig hefur það alltaf verið pönkrokk tónlistin sem ég ólst upp við, þar á meðal hljómsveitir eins og Dead Kennedys og Minor Thread. Ég er sjálflærður og fylgdist mikið með því hvernig þær spiluðu. Ég fikraði mig síðan áfram eftir það og uppgötvaði sígilt rokk og frábæra bassaleikara á borð við John Entwistle og John Paul Jones."

*Hlustaðirðu mikið á Nirvana?*

„Ég var enginn rosa Nirvana-aðdáandi en mér fannst Bleach mjög góð og við hlustuðum allir á upptöku af Nevermind. Ég bjó í Seattle á þessum tíma og við hlustuðum allir á plötuna áður en hún kom út. Við heyrðum strax hversu góð hún var og dýrkuðum hana undir eins. Síðan fylgdumst við með sprengingunni sem varð í kjölfarið."

**Vill fara í jöklaferð**

*Takk kærlega fyrir spjallið. Áttu einhver lokaorð fyrir íslenska aðdáendur Foo Fighters?*

„Já, þið eigið eftir að sjá mikið af okkur," segir Mendel og hlær. „Reyndar vil ég að einhver fari með mig í einum af þessum stóru jeppum með stórum dekkjum og aki um jöklana."



**Ford F-150 Lariat 4WD 2005**

**Verð á Íslandi kr. 4.420.000 (**)**
**Gegnum ShopUSA ca kr. 3.413.000**



**Chrysler 300 V6 2005**

**Verð á Íslandi kr. 5.490.000 (**)**
**Gegnum ShopUSA ca kr. 4.056.000**

S24 ...og þú hagnast

**Í góðum gír á betri vöxtum með S24 bílalán**



**Jeep Cherokee Limited 2005 V8**

**Verð á Íslandi kr. 5.200.000 (**)**
**Gegnum ShopUSA ca kr. 3.940.000**



**VW Touareg 2004 V6**

**Verð á Íslandi kr. 5.447.000 (**)**
**Gegnum ShopUSA ca kr. 3.863.000**

# Allar tegundir bíla á ShopUSA.is

## Reiknivélin á ShopUSA.is segir þér hvað bíllinn kostar kominn til Íslands

1. Útlitsskoðum bílinn áður en þú kaupir hann (*).
2. Tökum ljósmyndir og sendum til þín með tölvupósti (*).
3. Sendum þér tjónaskýrslu um bifreiðina og yfirlit um eigendaskipti.
4. Segjum þér hvort við teljum að seljandi bifreiðarinnar sé traustur.
5. Önnumst öll samskipti við seljanda bifreiðarinnar, ef þú óskar þess.
6. Semjum um afslátt af verði bifreiðarinnar sem rennur beint til þín.
7. Semjum um aukahluti, ný dekk o.fl. séróskir viðskiptavina, oft innifalið í kaupverði.
8. Greiðum bílinn fyrir þína hönd (*).
9. Tryggjum að bifreiðin verði afhent veðbandalaus (*).
10. Í samvinnu við S24 getum við útvegað bílalán á Íslandi, allt að 70% af verði.
11. Göngum tryggilega frá bifreiðinni fyrir sjóflutning.
12. Göngum frá öllum útflutningsskjölum fyrir þína hönd.
13. ShopUSA getur sótt bíla til allra 50 fylkja Bandaríkjanna.
14. Við gefum þér hagstætt tilboð í flutning innan Bandaríkjanna.
15. ShopUSA sér til þess að bifreiðin er send til Íslands eins fljótt og mögulegt er.
16. Þú nýtur bestu mögulegu flutningsgjalda sökum magnflutninga hjá ShopUSA.
17. ShopUSA annast tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi.
18. Þú greiðir eina greiðslu við afhendingu bifreiðar á Íslandi, sbr. reiknivél efst á síðunni.
19. Þóknun ShopUSA er innifalin í reiknivélinni.
20. Þú sérð nákvæmt verð með öllum gjöldum, utan gengisbreytingar.

### ShopUSA er hagkvæmasta leiðin vegna þess að:

Allur afsláttur sem ShopUSA semur um rennur að fullu til viðskiptavinar.
ShopUSA fær aldrei söluþóknun frá seljanda bifreiðarinnar.
Að meðaltali er þóknun ShopUSA rúmar 100 þús. krónur eða rúmlega 2% af verði bifreiðarinnar.
Yfirbygging ShopUSA er engin, þess vegna er þóknun okkar aðeins brot af kostnaði annarra.
Í flestum tilfellum spörum við þér hærri fjárhæð en sem nemur okkar þóknun
Við lágmörkum þína áhættu.

(*) ShopUSA getur veitt víðtækari þjónustu ef bíllinn er keyptur í Norfolk
(innan 25 mílna frá póstnúmeri/zip-code 23455).
(**) Verð miðað við skráningu á www.bilasolur.is



Hildur Hauksdóttir
Þjónustustjóri í USA



Erling Valur Ingason
Þjónustustjóri á Íslandi

SHOPUSA.IS

www.ShopUSA.is - Hlíðarsmára 19 - S: 517-9600 - E-mail: service@shopusa.is



## Heyrst hefur ...

... að enska 1. deildarfélagið Watford, hið sama og Heiðar Helguson lék með í fimm ár áður en hann skipti yfir í Fulham fyrir skemmstu, sé í leit að öflugum miðverði og horfi hýru auga til íslenska U-21 árs landsliðsmannsins Sölva Geirs Ottesen, leikmanni Djurgarden, í því samhengi.

# sport

sport@frettabladid.is



## 60 SEKÚNDUR MEÐ EDDU GARÐARSDÓTTUR

**Hvaða liði myndirðu aldrei spila með?** No comment.

**Hver er erfiðasti andstæðingurinn?** Ég sjálf.

**Auðveldasti andstæðingur?** Hrefna í KR.

**Kók eða pepsí?** Pepsí Max.

**Kaffi eða te?** Kaffi.

**Sóma eða júmbó samlokur?** Hvorugt.

**Er glasið hálffullt eða hálftómt?** Hálffullt.

**Íslenski boltinn er ...** fallegasta knattspyrna í heimi.

**Besta knattspyrnukona heims?** Silke Rottenberg, þýski landsliðsmarkmaðurinn

**Besti samherjinn?** Ólína í Breiðablik.

**Danmörk eða Bandaríkin?** Danmörk.

**Jörundur Áki eða Helena?** Bæði.

**Kemst kvennalandsliðið einhvern tímann á stórmót?** Já, ef rétt er haldið á spöðunum.

**Grænt eða svarthvítt?** Grænt.

## > Við hrósum ...

... þeim fjölmörgu íslensku atvinnumönnum sem eru staddir heima á Íslandi í sumarfríi um þessar mundir en halda sér í formi sjálfir með því að stunda líkamsræktarstöðvarnar af krafti. Í Laugum er ávallt margt um manninn en síðustu vikur hafa meðal annarra fótboltakapparnir Gylfi Einarsson og Hermann Hreiðarsson, handboltatröllið Sigfús Sigurðsson og bræðurnir Ólafur og Jón Arnór Stefánssynir sést daglega.




## > Við hrósum ...

.... Björgólfi Takefusa, sóknarmanni Fylkis, hann hélt uppteknum hætti gegn ÍBV í gær og fór á kostum. Björgólfur hefur skorað í öllum leikjunum sem hann hefur tekið þátt í gegn ÍBV frá því að hann hóf að leika í efstu deild. Alls sjö mörk í fimm leikjum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

30 1 2 **3** 4 5 6

**Sunnudagur**

**SJÓNVARP**

- 11.30 **Formúla 1** á RÚV.
- 15.00 **Hnefaleikar** á Sýn.
- 15.50 **Bikarkeppnin í sundi** á RÚV.
- 17.05 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 17.35 **Kraftasport** á Sýn.
- 18.05 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 19.00 **PGA golf** á Sýn.
- 21.55 **Helgarsportið** á RÚV.
- 22.00 **NBA körfuboltinn** á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| ÍBV–FYLKIR | 0–3 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 9 | 9 | 0 | 0 | 26–5 | 27 |
| **VALUR** | **9** | **7** | **0** | **2** | **20–5** | **21** |
| KEFLAVÍK | 9 | 4 | 3 | 2 | 16–19 | 15 |
| **FYLKIR** | **9** | **4** | **2** | **3** | **17–14** | **14** |
| KR | 8 | 3 | 1 | 4 | 8–11 | 10 |
| **ÍA** | **8** | **3** | **1** | **4** | **7–11** | **10** |
| GRINDAVÍK | 9 | 2 | 3 | 4 | 10–16 | 9 |
| **FRAM** | **9** | **2** | **2** | **5** | **10–12** | **8** |
| ÍBV | 9 | 2 | 0 | 7 | 6–21 | 6 |
| **ÞRÓTTUR** | **9** | **1** | **2** | **6** | **11–17** | **5** |

# Glæsimörk glöddu augað í Eyjum

**Fylkismenn gerðu góða ferð til Eyja í Landsbankadeild karla í gær og unnu 3-0 sigur á slökum heimamönnum. Með sigrinum styrktu Fylkismenn stöðu sína í fjórða sæti deildarinnar en ÍBV er enn þá næst neðst.**

**ÍBV 0-3 Fylkir**

Hásteinssvöllur, áhorf: 312 — Erlendur Eiríksson (6)

*0–1 Björgólfur Takefusa (35.)*
*0–2 Viktor Bjarki Arnarsson (64.)*
*0–1 Björgólfur Takefusa (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–10 (5–7) |
| Varin skot | Birkir 4 – Bjarni 5 |
| Horn | 7–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–15 |
| Rangstöður | 2–5 |

**FÓTBOLTI** Leikurinn í gær fór rólega af stað en þó voru Eyjamenn meira með boltann fyrsta korterið og sköpuðu sér tvö ágæt færi. Fljótlega náðu Fylkismenn betri tökum á leiknum og jafnaðist hann nokkuð. Þegar um 20 mínútur voru liðnar af leiknum komst Björgólfur inn fyrir vörn ÍBV en Birkir varði með góðu úthlaupi. Um 10 mínútum seinna varði Páll Hjarðar á línu eftir þunga sókn Fylkismanna og ljóst í hvað stefndi. Gestirnir komust loksins yfir á 35. mínútu þegar Björgólfur Takefusa átti skot að marki eftir góða sókn og hafnaði boltinn í fjærhorninu, óverjandi fyrir Birki.

Undir lok fyrri hálfleiks var brotið gróflega á leikmanni ÍBV, Adolfi Sigurjónssyni, upp við vítateigshorn Fylkismanna en dómari leiksins sá ekkert athugavert. Adolf lá eftir og þurfti að fara af leikvelli en hann er talinn hafa farið úr axlarlið.

Seinni hálfleikur byrjaði rólega og voru Eyjamenn ívið sterkari og átti Steingrímur frían skalla að marki sem Bjarni í marki Fylkis varði glæsilega. Á 58. mínútu fékk Páll Hjarðar að líta sitt annað gula spjald eftir að hann fór of hátt með sólann og þar með rautt. Þá var ljóst að róður Eyjamanna yrði erfiður enda kom það á daginn því stuttu síðar komust Fylkismenn í tveggja marka forystu þegar Viktor Bjarki smellhitti boltann fyrir utan teig og sendi hann í netið framhjá Birki.

Eyjamönnum var fyrirmunað að skora því þegar um stundarfjórðungur var til leiksloka fengu þeir þrjú tækifæri í sömu sókninni á því að minnka muninn en það tókst ekki. Þess í stað bættu Fylkismenn við þriðja markinu á lokamínútunum þar sem aftur var að verki Björgólfur, en hann var mjög frískur í liði Fylkis í gær og besti maður vallarins.

Leikurinn var í heild sinni ekki mikið fyrir augað en þó sáust skemmtileg tilþrif inn á milli.

Fylkismenn voru sterkari og áttu sigurinn skilinn þó að hann hafi kannski verið helst til of stór miðað við gang leiksins. Björgólfur spilaði mjög vel sem og Bjarni í markinu. Þá var Valur Fannar sterkur í vörninni.

Eyjamenn verða að spýta í lófana ef ekki á illa að fara en það virðist sem falldraugurinn sé þegar farinn að hreiðra um sig í herbúðum þeirra. Ekkert virðist ekkert ganga upp og boltinn fellur einfaldlega ekki með þeim. Að vanda var það Birkir sem stóð fyrir sínu og eins voru þeir Atli og Ian Jeffs sterkir á miðjunni.

-tó



**GENGUR LÍTIÐ** Guðlaugur Baldursson, þjálfari Eyjamanna, á í erfiðleikum með að stilla strengi síns liðs þessa dagana. Heimavöllurinn hefur verið aðall liðsins það sem af er Íslandsmótinu en í gærkvöld steinlá liðið á Hásteinsvelli gegn Fylki.




bailine
Women's Figure Clinic of Scandinavia

Nýtt á Íslandi

Bailine opnar 4. júlí 2005

Við bjóðum þig velkomna í fríann prufutíma og vaxtargreiningu á meðan þú slakar á í notalegu umhverfi.

Bailine byggir á 3 grundvallaratriðum
- Leiðbeiningum um mataræði
- Líkamlegri þjálfun
- Andlegri þjálfun

Tölvustýrt þjálfunartæki
- Mótar, styrkir, þjálfar, grennir, nuddar
- Eykur brennslu
- Eykur orku og almenna vellíðan



Þúsundir kvenna víðsvegar um heiminn hafa náð frábærum árangri með Bailine vaxtarmótunaraðferð.

Kynntu þér opnunartilboð okkar.

Tímapantanir í síma 568 0510.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.

Fyrir konur 18 ára og eldri.

Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is


Robinho og Real hafa komist að samkomulagi:

## Aðeins undirskriftin er eftir

**FÓTBOLTI** Fátt getur komið í veg fyrir að brasilíski knattspyrnumaðurinn Robinho, sem sló svo eftirminnilega í gegn á nýafstaðinni Álfukeppni, gangi til liðs við Real Madrid. Að sögn Emilios Butragueno, yfirmanns knattspyrnumála hjá Real, er þegar búið að ná samkomulagi á milli leikmannsins og félagsins og á Robinho aðeins eftir að skrifa undir samninginn.

„Robinho er búinn að vera athyglisverðasti leikmaðurinn á síðasta ári og við erum mjög ánægðir með að klófest jafn efnilegan leikmann og hann er. Þrátt fyrir að vera ungur að árum trúum við að hans framlag á næsta ári geti fært Real spænska meistaratitilinn á næstu árum,“ sagði Butragueno og bætti við að Wanderley Luxemborgo, þjálfari liðsins, væri í skýjunum með að eiga möguleika á að stilla Robinho upp í sínu liði á næstu árum.

Robinho nánast kvaddi aðdáendur Santos í sjónvarpsviðtali að loknum úrslitaleiknum í álfukeppninni og tilkynnti þá að hann langaði að fara til Madríd. Í fyrradag skrópaði hann síðan á æfingu Santos, félagsins í Brasilíu sem hann er enn samningsbundinn, og gefur það enn frekar í skyn að Robinho sé hættur hjá félaginu og þegar farinn að huga að framtíð sinni hjá Real.

Wimbledon-mótið í tennis:

## Venus vann

**TENNIS** Venus Williams frá Bandaríkjunum bar sigur úr býtum í kvennaflokki á Wimbledon-mótinu í tennis í gær. Venus sigraði löndu sína Lindsey Davenport í úrslitaleiknum, 2-1, þar sem síðasta settið endaði 9-7. Davenport sigraði fyrsta settið mjög örugglega en Venus sýndi frábæra baráttu og náði að koma aftur og sigra. Þetta var í þriðja sinn sem Venus sigrar þetta stærsta mót hvers árs en áður hafði hún unnið 2000 og 2001.



**ÞÆR BESTU** Venus og Lindsay taka á móti verðlaunaskjöldunum eftir leikinn.

# LIÐIÐ MITT > HUGI HALLDÓRSSON SETUR SAMAN ÚRVALSLIÐ 1.-7. UMFERÐAR LANDSBANKADEILDAR KVENNA



## Sex félög eiga fulltrúa í úrvalsliðinu

**Þóra Björg Helgadóttir, Breiðablik:** Ein af stærstu ástæðunum fyrir velgengni Breiðabliks það sem af er móti. Frábær markvörður.

**Bryndís Bjarnadóttir, Breiðablik:** Mjög góður bakvörður en getur einnig leikið í miðri vörninni. Hefur rosalega öflugan vinstri fót.

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, KR:** Hefur sýnt það í gegnum árin hvers hún er megnug. Mikilvægur leiðtogi í vörnina.

**Björg Ásta Þórðardóttir, Keflavík:** Sterkur skallamaður og með góðar staðsetningar.

**Ásta Árnadóttir, Val:** Fljót og sterk sem gerir hana að góðum bakverði. Mjög baráttuglöð.

**Edda Garðarsdóttir, Breiðablik:** Sterkur leikmaður með mikla leiðtogahæfileika. Á góðar sendingar og góð skot.

**Laufey Ólafsdóttir, Val:** Hefur rosalegan leikskilning og er leikstjórnandi í fremstu röð.

**Guðrún Halla Finnsdóttir, Stjörnunni:** Hentar vel á miðjunni með Laufey og Eddu. Einn vinnusamasti leikmaður deildarinnar.

**Hólmfríður Magnúsdóttir, ÍBV:** Rosalega skapandi. Leikmaður sem mótherjarnir gjörsamlega þola ekki að leika á móti.

**Margrét Lára Viðarsdóttir, Val:** Hefur allt sem prýða þarf góðan framherja. Er bara ótrúlegur leikmaður.

**Dóra María Lárusdóttir, Val:** Frábær kantmaður sem þarf að hafa gætur á. Býr til mörk upp á sitt einsdæmi.




*„Ef ég fengi að nota þetta lið og Jörundur þyrfti að velja landslið með öðrum leikmönnum myndi ég vinna í 99% tilfella.“*

## ÚR SPORTINU

Bandaríski tenniskappinn **Andy Roddick** komst í gær í úrslit Wimbledon-mótsins í tennis, þegar hann lagði Svíann **Thomas Johansson** að velli. Leiknum hafði verið frestað vegna rigningar. **Roddick** mætir svissneska **Roger Federer** í úrslitum, þeir félagar mættust einnig í úrslitum Wimbledon mótsins í fyrra. **Roddick** hrósaði Svíanum og sagðist hafa verið heppinn að komast áfram. „Ég þurfti að hafa mikið fyrir því að leggja **Thomas** að velli. Hann spilaði vel og hefði vel getað unnið þetta, ef heppnin hefði ekki verið með mér.“



**Boudewijn Zenden** er á leiðinni til Liverpool frá Middlesbrough, en Liverpool þurfti ekki að greiða neitt fyrir leikmanninn þar sem samningur hans við Middlesbrough var útrunninn. **Ian Cotton**, talsmaður Liverpool, var ánægður með að samningar milli félagsins og leikmannsins væru í höfn. „**Zenden** stóðst læknisskoðun í gær og skrifar undir samning við félagið á mánudaginn. Þetta eru gleðitíðindi fyrir Liverpool.“

**Thierry Henry**, Frakkinn snjalli sem er á mála hjá Arsenal, ætlar sér ekki að skipta um félag fyrir næsta tímabil. „Ég hef ekki hugsað mér að fara neitt. Ég er mjög ánægður hjá Arsenal, því þar er góður andi og mér líður eins og hluta af fjölskyldu. Ég hef heyrt að spænsk félög séu tilbúin að borga mikið fyrir að fá mig í sínar raðir, en ég ætla mér ekki að fara neitt. **Henry** er næstmarkahæsti leikmaður í sögu Arsenal en **Ian Wright** er markahæstur með 185 mörk.



Spænski landsliðsmaðurinn **Joaquin**, sem leikur með Real Betis, er sterklega orðaður við Chelsea og Real Madrid. **Manuel Ruiz de Lopera**, stjórnarformaður Real Betis, staðfesti við fjölmiðla í gær að tilboð hefðu borist í leikmanninn, en neitaði að gefa upp frá hverjum þau hafi komið. „Við höfum ekki svarað þeim fyrirspurnum sem komið hafa um leikmanninn. Allir hjá félaginu vilja hafa **Joaquin** áfram hjá félaginu. Hann er lykilmaður okkar og varð bikarmeistari með okkur á síðasta tímabili og við munum reyna allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda honum hér. En ef það kemur tilboð sem er nálægt því verði sem losar hann undan samningi við Real Betis, þá getum við ekki annað en tekið því.

Umboðsmaður enska landsliðsmannsins Alan Smith segir að leikmaðurinn sé ekki á förum frá Man. Utd þrátt fyrir sögusagnir þess efnis að Smith sé ósáttur með hversu fá tækifæri hann fékk á síðustu leiktíð. Eins og staðan er í dag er Smith 4-5 í goggunarröðinni í framlínu Man. Utd en umboðsmaðurinn segir að Smith ætli að berjast fyrir sínu sæti í byrjunarliðinu. „Hann hefur ekki áhuga á að fara neitt annað. Þetta er stórt tímabil fyrir Alan og hann ætlar að nota það til að tryggja sér sæti í enska landsliðshópnum fyrir HM í Þýskalandi næsta sumar.

Hinn 15 ára gamli kvenkylfingur, Michelle Wie:

# Ætlar sér að keppa um græna jakkann

**GOLF** 11.-16. júlí næstkomandi fer fram hið árlega Public-Links áhugamannamót í golfi sem er hvað þekktast fyrir að gefa sigurvegaranum ár hvert sæti á Masters-mótinu í golfi, einu af risamótunum fjórum sem fram fer á Augusta-vellinum. Það er svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að í ár er í fyrsta skipti kona á meðal keppenda á Public-Links mótinu, hin 15 ára gamla Michelle Wie frá Bandaríkjunum, sem talin er efnilegasti kvenkyns kylfingur sem komið hefur fram á sjónarsviðið.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Wie vakið mikla athygli í heimalandi sínu og hefur hún fyrir löngu náð risastórum auglýsingasamningum við nokkur stærstu fyrirtæki Bandaríkjanna. Aðeins 15 ára gömul er hún orðin milljónamæringur og eitt þekktasta andlit golfheimsins. Sem nemandi í grunnskóla er Wie samt sem áður aðeins áhugamaður í íþróttinni, á tæknilegan hátt. Og það er einmitt þessi „áhugamennska“ sem gerir henni kleift að komast á Masters-mótið, fyrst allra kvenna í sögu golfsins.

Golfspekingar telja að Wie eigi góða möguleika á sigri á Public-Links-mótinu í ár, en talið er líklegt að Wie gerist atvinnumaður á formlegan hátt á næsta ári. Árið í ár er því svo gott sem síðasta tækifæri hennar til að ná þátttökurétti á Masters og komast þannig í hóp þeirra sem gert hafa atlögu að græna jakkanum margfræga.

„Hún getur unnið þetta mót. Mér er alvara. 15 ára gömul stelpa að keppa á meðal eintómra karla á stærsta golfmóti ársins. Það yrði eitt mesta íþróttaafrek sögunnar,“ segir Gary Van Sickle, einn helsti golfsérfræðingur SI í Bandaríkjunum. -vig



**MICHELLE WIE** Stundum nefnd kvenkyns-útgáfan af Tiger Woods.



**FERNANDO ALONSO** Virðist vera besti ökumaðurinn í ár.

Formúlan í Frakklandi:

# Alonso verður á ráspólnum

**FORMÚLA** Spænski ökumaðurinn Fernando Alonso á Renault stóð sig best í tímatökum fyrir franska kappaksturinn sem haldinn verður á Magny Cours brautinni í dag og verður því á ráspól.

Michael Schumacher náði sinni bestu tímatöku á tímabilinu og hafnaði í fjórða sæti á eftir Kimi Raikkonen, en þar sem finnski ökumaðurinn þurfti að skipta um vél í sínum bíl á æfingum í fyrradag þarf hann að hefja keppni 10 sætum afar, eins og reglur kveða á um. Jarno Trulli, sem ekur fyrir Toyota, hafnaði í öðru sæti aðeins sekúndubroti á eftir Alonso en tímatakan var gríðarlega jöfn í gær og munaði innan við hálfri sekúndu á fyrstu sex bílunum.

„Ég held að Renault eigi eftir að ná mjög góðum árangri í þessum kappakstri. Bíllinn virkae vel og við ökumennirnir erum framarlega í ræsingu. Mér líst vel á þetta,“ sagði Alonso að tímatökunni lokinni í gær.

Schumacher var sáttur með þriðja sætið og segir að leikáætlun liðanna ráði úrslitum. „Þetta er mjög erfið braut og iðulega munar mjög litlu á milli keppenda. Þriðja sætið lofar góðu og ég er til í slaginn.“ -vig

NÝTT SÖLUKERFI

Vegna breytinga á hug- og vélbúnaði verður lokað fyrir sölu á öllum leikjum Getspár/Getrauna sunnudaginn 3. júlí og mánudaginn 4. júlí.

Opnað verður fyrir sölu á nýjan leik þriðjudaginn 5. júlí.

1X2 www.1x2.is Lengjan Lottó VÍKINGA LOTTÓ

ENNEMM / SÍA / NM17063

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > HEIÐAR HELGUSON

# Í FÓTBOLTA FYRIR FJÖLSKYLDUNA

Knattspyrnumaðurinn **Heiðar Helguson**, sem nýlega gekk til liðs við enska úrvalsdeildarfélagið Fulham, hefur verið atvinnumaður í íþróttinni frá árinu 1997. Heiðar, sem alinn er upp á Dalvík, flutti sig til Watford á Englandi árið 2000, þar sem hann hefur leikið við góðan orðstír í fimm ár. ***Magnús Halldórsson*** ræddi við Heiðar um knattspyrnuferilinn og ýmislegt fleira.




**FEÐGARNIR SAMAN** Heiðar ásamt sonum sínum Oliver og Aroni, sem eru fjögurra og sex ára. Feðgarnir fagna hér viðurkenningu sem Heiðar fékk þegar hann var valinn leikmaður ársins hjá Watford á síðustu leiktíð.

Heiðar, sem nú er tuttugu og sjö ára gamall, bjó á Dalvík, ásamt móður sinni Helgu Matthíasdóttur, fyrstu ár ævi sinnar en sautján ára að aldri fluttist hann til Reykjavíkur. „Það var fínt að alast upp á Dalvík, ég þekkti alla og allir þekktu mig. Það var þægilegt að alast upp við þær aðstæður sem eru í smábæjarsamfélögum eins og á Dalvík. Þar var ég úti að leik frá morgni til kvölds og þurfti ekki að hafa áhyggjur af neinu. Þetta umhverfi var öruggt og þægilegt. Ég eignaðist marga góða vini þar, sem ég held sambandi við enn í dag. Óneitanlega væri skemmtilegra að geta hitt vini sína og fjölskyldu hér á Íslandi oftar, en ég verð bara að sætta mig við það hversu mikillar viðveru er krafist í fótboltanum.“

### Af mölinni í borgina

Heiðar byrjaði ungur að árum að láta að sér kveða í fótboltanum og hóf fimmtán ára gamall að leika með meistaraflokki Dalvíkur. „Ég hafði mikinn áhuga á fótbolta og æfði vel. Ég var farinn að spila með meistaraflokki fimmtán ára gamall og spilaði í tvö ár að mig minnir. Ég man sérstaklega vel eftir Jóni Þóri Jónssyni, en hann var leikmaður og þjálfari meistaraflokks Dalvíkur um tíma. En auðvitað voru þarna margir fleiri eftirminnilegir félagar.“

> **Við vorum bæði frekar ung þegar við giftum okkur, enda engin ástæða til þess að bíða lengi með að gifta sig þegar maður hefur fundið þá réttu.**

Heiðar flutti til Reykjavíkur sautján ára gamall og byrjaði að æfa þar með liði Þróttar í Reykjavík. „Það var lærdómsríkt fyrir mig að koma í borgina þetta ungur. Ég þurfti að læra að standa á eigin fótum, og svona eftir á að hyggja finnst mér þessi tími í borginni hafa verið bæði skemmtilegur og þroskandi. Ég eignaðist nýja vini sem reyndust mér vel. Þannig bjó ég heima hjá Fjalari Þorgeirssyni, góðvini mínum og markmanni Þróttar, fyrstu mánuðina sem ég var í borginni. Fjölskylda hans reyndist mér afar vel.“

### Frá Reykjavík til Noregs

Heiðar spilaði vel fyrir Þrótt og segist hafa bætt sig mikið sem leikmaður undir handleiðslu góðra þjálfara. „Willum Þór Þórsson, núverandi þjálfari Vals, reyndist mér vel og ég átti gott tímabil þegar Þróttur komst upp í úrvalsdeild. Ég skoraði mikið og sýndi, að mér finnst, miklar framfarir á stuttum tíma. Ég komst í unglingalandsliðin og reyndi að standa mig með þeim.“

Heiðar spilaði með landsliði skipað leikmönnum undir tuttugu og eins ár aldri, og eftir fyrsta landsleik sinn með því liði gegn Norðmönnum í Keflavík var honum boðið til æfinga hjá Lilleström í Noregi. „Það voru umboðsmenn norskra liða að horfa á leikinn og einn þeirra hefur samband við mig og býður mér að koma til reynslu í tvær vikur. Ég samþykkti það og fæ samningstilboð eftir reynslutímann og ákvað að skella mér í norska boltann.“

Heiðar var nýbúinn að kynnast konu sinni, Eik Gísladóttur, á þessum tíma og fór hún með honum til Noregs. „Við Eik höfum verið gift í sex ár. Við vorum bæði frekar ung þegar við giftum okkur, enda engin ástæða til þess að bíða lengi með að gifta sig þegar maður hefur fundið þá réttu. Hún fór með mér til Noregs, og reyndist mér náttúrlega afar vel eins og hún hefur alltaf gert.“

Heiðar segist hafa átt í erfiðleikum með að þola álagið sem fylgdi atvinnumennskunni. „Ég átti í miklum erfiðleikum með að þola líkamlega álagið sem fylgdi æfingunum. Við æfðum hrikalega mikið, miklu meira en ég hef kynnst á Englandi. Ég einfaldlega þoldi þetta álag ekki vel. Ég meiddist töluvert og átti í erfiðleikum með að halda mér í nægilega góðu formi.“

Heiðar lék með Rúnari Kristinssyni, sem nú leikur með Lokeren í Belgíu, hjá Lilleström og ber honum vel söguna. „Rúnar reyndist mér vel og hefur alltaf gert. Hann var, og er enn þá, frábær knattspyrnumaður sem hefði getað spilað með nánast hvaða liði sem er á sínum bestu árum.“

### Slær í gegn í Noregi

Heiðar lék í tvö ár í Noregi og á seinna árinu sló hann í gegn sem helsti markaskorari í norsku knattspyrnunni. „Ég þoldi æfingarnar betur eftir fyrsta árið og náði að einbeita mér vel að því að bæta leik minn á hverri æfingu. Það er það eina sem dugir í fótboltanum, að stefna að því að verða betri á hverri æfingu. Ég náði svo að skora mark nánast í hverjum leik, og ósjaldan komu þau eftir samleik við Rúnar.“

Enska félagið Watford, sem þá var í ensku úrvalsdeildinni, keypti Heiðar fyrir tæplega tvö hundruð milljónir íslenskra króna frá Lilleström, sem gerði hann að dýrasta leikmanni í sögu félagsins. „Fyrsti leikur minn var gegn Liverpool á Vicarage Road, heimavelli Watford. Það var mikil stemning og mér leið eins og þetta væri draumur. Mér tókst að skora í leiknum fyrir framan hörðustu aðdáendur Watford, sem fögnuðu markinu ákaft. Að skora í mínum fyrsta leik var draumi líkast.“

### Fjölskyldan mikilvægust af öllu

Eftir góða byrjun í enska boltanum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Lið Watford féll niður í næstefstu deild og hefur verið þar í nokkur ár. Heiðar, sem aðdáendur Watford kalla Ísmanninn, hefur verið besti leikmaður liðsins undanfarin ár og hefur fundið sig vel í framlínu liðsins. „Fjölskyldu minni hefur liðið vel hér í London og ég hef ekki séð neina ástæðu til þess að skipta um lið fyrr en núna. Þó það hefði verið gaman að komast upp í úrvalsdeildina aftur og spila með sterkara liði, þá snýst lífið ekki allt um fótbolta. Eik hefur verið í háskólanámi í grafískri hönnun og er langt komin með námið. Þá líður strákunum okkar, þeim Aroni og Oliver, afskaplega vel og eiga þeir marga vini í nágrenni við heimili okkar. Okkar unga fjölskylda er nú á leið inn í nýtt skeið sem vonandi á eftir að reynast þroskandi og skemmtilegt fyrir okkur öll.“

---

Chelsea bauð rúma þrjá milljarða í landsliðsmann Ghana í gær:

## Lyon neitar að sleppa Essien



**MICHAEL ESSIEN.** Miðjumaðurinn ungi hefur verið lykilmaður hjá Lyon í Frakklandi og nú vilja Chelsea-menn ólmir fá hann til liðs við sig.

**FÓTBOLTI** Michael Essien, tuttugu og tveggja ára gamall miðjumaður franska félagsins Lyon, er eftirsóttur þessa dagana en öll stærstu knattspyrnufélög Evrópu hafa borið sig eftir því að fá leikmanninn til sín.

Chelsea, með moldríka eigandann Roman Abramovic í broddi fylkingar, bauð í gær tuttugu og sex milljónir punda, eða rúma þrjá milljarða íslenskra króna, í leikmanninn. Jean-Michael Aulas, yfirmaður knattspyrnumála hjá Lyon, sagði Essien miklu meira virði. „Þó þetta séu miklir peningar, þá ætla ég ekki að selja Essien fyrir þessa upphæð. Ef eitthvað félag ætlar sér að kaupa Essien þá þarf það að borga mun meira fyrir hann. Einhverjir myndu kannski segja að ég væri að fara fram á alltof mikla peninga, en ég held að Essien sé einn af bestu leikmönnum heims. Hann á að vera verðmetinn í samhengi við það.“

Essien var í vor valinn knattspyrnumaður ársins í Frakklandi, en hann var besti leikmaður Lyon sem vann efstu deildina fjórða árið í röð. Hann vakti sérstaklega athygli fyrir frábæran leik í meistaradeild Evrópu en Lyon komst nokkuð óvænt í átta liða úrslit.

Gerard Houllier, nýr knattspyrnustjóri Lyon, vill ólmur halda Essien hjá félaginu en ólíklegt þykir að hann verði áfram hjá þar.

Juventus og Manchester hafa lengi verið orðuð vill leikmanninn og fylgjast grannt með gangi mála. -mh




# SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS ER ALLTAF Í ÓLÆSTRI DAGSKRÁ. SIRKUS VERÐUR SJÓNVARPAÐ Á SÖMU RÁS OG POPP TÍVÍ VAR. ÁSKRIFENDUR DIGITAL ÍSLAND ÞURFA AÐ UPPFÆRA MYNDLYKILINN TIL AÐ SJÁ POPP TÍVÍ ÁFRAM.

FYLGSTU MEÐ.

SIRKUS







JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



Stökktu til Rimini

7. eða 14. júlí frá kr. 29.990

Síðustu sætin

Verð kr. 29.990 í viku
kr. 39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 7. eða 14. júlí.

Verð kr. 39.990 í viku /
kr. 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 7. eða 14. júlí.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini í júlí. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Bókaðu sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is







## STUÐ MILLI STRÍÐA : Skrollandi kristniboð í Chevy '64

**Kristján Hjálmarsson** ÆTLAR AÐ KYNNA SÉR FRAMANDI MENNINGU.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú er nóg komið. Ísland er of lítið fyrir mig og tími til kominn að yfirgefa landið. Opna hugann og kynna sér framandi menningu. Ég ætla að flytja til Svíþjóðar, nánar tiltekið að bæjarmörkum Huskvarna og Jönköping.

Ég veit lítið um bæinn Huskvarna annað en það að þar eru til saumavélar sem draga nafn sitt af honum. Ég hef hins vegar aflað mér smá upplýsinga um Jönköping. Bærinn er álíka stór og Reykjavík og hefur gjarnan verið nefndur Jerúsalem Svíþjóðar enda flestar kirkjur landsins þar miðað við höfðatölu.

Eftir því sem ég kemst næst býr tvenns konar fólk í Jönköping. Annars vegar eru svokallaðir „raggare“ ameríkanseraðir Svíar sem keyra um á gömlum bensínhákum og hlusta á ameríska sveitatónlist. Minnir óneitanlega á sveitalúða í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Hins vegar eru svokallaðir „indre mission“ sem útleggst, að því er ég best veit, heimatrúboðar. Það eina sem þetta fólk á víst sameiginlegt er að það skrollar lítillega þegar það talar.

Ég veit ekki alveg hvernig mér á eftir að ganga að aðlagast heimamönnum. Sjálfur er ég hvorki skírður né fermdur og hef alltaf átt erfitt með að trúa á guð. Ég var líka alinn upp við það að ganga Keflavíkurgöngur og mótmæla hersetu Nató sem varð til þess að ég lít Bandaríkjamenn alltaf hornauga. Ég hef því búið mig undir það að vera eins og illa gerður hlutur innan um kristniboðana og „raggarana“, í það minnsta fyrst um sinn. Ef mér tekst hins vegar ætlunarverk mitt, það er að aðlagast aðstæðum og tileinka mér nýja menningu, má búast við því að innan skamms renni í hlað hjá íslenskum almúga rauður Chevy '64, með Kenny Rogers í botni og út stígi maður í hvítum hlýrabol, með sítt að aftan. Hann mun ganga eins og kúreki, banka með stæl á hurðina og syngja: „Hefurr þú kynnt þérr orrð Guðs og boðskap krristinnarr trrúar?“

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB






allt

Allt um nám
á miðvikudögum í Fréttablaðinu.














**QUEEN** Hljómsveitin er svo sannarlega ekki dauð úr öllum æðum þrátt fyrir fráfall söngvarans Freddy Mercury.

# Tónleikaplata frá Queen

Snemma í september ætlar hljómsveitin Queen með söngvarann Paul Rodgers að gefa út tónleikaplötu sem var tekin upp í Sheffield á Englandi, auk þess sem DVD-diskur frá tónleikunum fer í verslanir í október.

Queen spilar á nokkrum tónleikum í Bandaríkjunum síðar á þessu ári. Næsta vor fer sveitin síðan í stóra tónleikaferð. Það er mikið að gerast í kringum Queen þessa dagana því plata til heiðurs sveitinni verður gefin út 2. ágúst og nefnist Killer Queen. Á meðal þeirra 15 laga sem þar hljóma er Bohemian Rhapsody í tveimur útgáfum, annars vegar með Flaming Lips og hins vegar með Idol-þátttakandanum Constantine Maroulis. ■







# Nýja reglan er orðin gömul

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Ég hef hannað með mér kenningu sem gengur út á að allar hljómsveitir missi neistann eftir að hafa gefið út tónlist í tólf ár. Ég get ómögulega fundið hljómsveit sem hefur staðið í tónlistarútgáfu svo lengi og er enn þá að gera plötur sem skipta máli. Eftir svo langt samstarf eru liðsmenn orðnir það fastmótaðir í sínu hlutverki að ómögulegt verður að brjóta grundvallarreglur, sem er nauðsynlegt ef listsköpun á að verða hnitmiðuð og ögrandi. Plötur sem eru það ekki verða aldrei klassík. (p.s. U2 hefur ekki gert plötu sem skiptir máli síðan 1991!).

Með þessu á ég ekki við að allar plötur sem gamlar hljómsveitir gefa út séu dæmdar til að verða leiðinlegar, heldur að útgáfurnar skipta litlu máli fyrir tónlistarsöguna, og bæta litlu sem engu við goðsagnir sveitannna.

Þetta er tilfellið með nýja plötu New Order. Útkoman er frekar þunnur draugur af því sem þessi hljómsveit var einu sinni. Ekkert slæmt, og ágætt að renna þessu í gegn, en þessi plata kallar ekki á aðra hlustun. Textarnir eru þunnar vangaveltur þakkláts miðaldra manns sem reynir að kenna öðrum að finna sömu hamingju og hann hefur öðlast. Hér og þar fær bassaleikarinn Peter Hook svo að skreyta lögin með sínum auðkenndu bassamelódíum, en án þeirra gæti þetta alveg eins verið ný plata frá The Human League. Sveitinni tekst best upp á seinni hluta plötunnar þegar hún leyfir sér að skipta út trommunum fyrir Blue Monday-leg trommubít. Restin bætir engu við, tími til þess að leggja árar í bát.

**Birgir Örn Steinarsson**




**NEW ORDER:**
WAITING FOR THE SIREN'S CALL

**NIÐURSTAÐA:** Áttunda breiðskífa New Order er frekar þunn viðbót á góðri sögu, sem hefði átt að enda fyrir um tíu árum síðan. Þessi útgáfa á eftir að skemmta liðsmönnum sveitarinnar mest. Ég efast um að hún hreyfi mikið við öðrum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**París Hilton** ætlar sér að halda konunglegt brúðkaup. Hótelerfinginn vill nú fremur öllu giftast unnusta í sínum, **Paris Latsis**, í St. Paul kirkjunni, Westminster Abbey eða í Windsor-kastala. Samkvæmt hefðinni mega aðeins meðlimir bresku konungsfjölskyldunnar ganga í það heilaga á þessum stöðum en París hefur skrifað **Karli Bretaprinsi** bréf þar sem hún grátbiður um undantekningu. „Mig langar að giftast um jólin og hafa snjó um allt og bálkesti. Ég ætla að koma til athafnarinnar á hestvagni,“ sagði skvísan.









## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Britney Spears** hefur krafist þess að spítalaherbergið, sem hún fæðir barn sitt í, verði þakið hvítum og gulum rósum þegar að stóra deginum kemur. Hin tilvonandi móðir, sem á að eiga í október, hefur líka sent beiðni þess efnis að fortíð allra starfsmanna sem sinna henni verði rannsökuð. Hún vill einnig að herbergin í kring verði tóm svo hún fái næði og að lokum vill hún að Disney-tónlist verði spiluð undir herlegheitin.

**Jessica Simpson** hefur sætt hörðum ásökunum frá kristnum samtökum í Bandaríkjunum fyrir „druslulega“ ímynd sína. Nýjasta myndband hennar við gamla **Nancy Sinatra** lagið *These Boots Were Made For Walking* þykir hræðilega ögrandi og subbulegt að þeirra mati. Í því er hún meðal annars að þrífa bíl í efnislitlum baðfötum. Þess má til gamans geta að faðir hennar, sem er einnig umboðsmaður hennar, er kristinn prestur og hafa samtökin sagt hann hafa selt sálu sína illum öflum fyrir að markaðssetja dóttur sína svona.












## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I love anger, you know, and I ought to argue sometime.“**

**Svar:**
Dido Lament úr kvikmyndinni
Absolute Beginners frá árinu 1986.

# dagskrá

## Í TÆKINU: STELPAN SEM ALLIR ELSKA AÐ HATA

SHANNEN LEIKUR Í HELL ON HEELS: THE BATTLE OF MARY KAY KL. 22.40 Í KVÖLD Á SKJÁEINUM.

Shannen Maria Doherty fæddist 12. apríl árið 1971 í Memphis í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum.
Fjölskylda Shannen flutti til Los Angeles þegar hún var sjö ára og vissi að hún vildi verða leikkona. Hjólin voru fljót að snúast og þegar hún var tíu ára fékk hún hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Father Murphy.
Leikarinn góðkunni Michael Landon heitinn sá Shannen í Father Murphy og lét hana fá hlutverk Jenny Wilder í þættinum Húsið á sléttunni.
Í kjölfarið lék Shannen í sjónvarpsþáttum eins og Cagney & Lacey, Magnum P.I. og Highway to Heaven.
Árið 1990 tók líf Shannens stóra beygju þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpsþættinum, Beverly Hills, 90210. Þátturinn sló fljótt í gegn og Shannen líka sem Brenda Walsh. Eftir fjögur ár hætti Shannen í þættinum, sökum þess að hún var alltaf sein og lenti sífellt í rifrildum við samstarfsfélaga sína og framleiðandann, Aaron Spelling.



Shannen varð fljótt matur fyrir slúðurblöðin og var hún stelpan sem allir elskuðu að hata þar sem persónulegt líf hennar var eins og Jerry Springer-þáttur. Hún skiptir um karlmenn eins og nærbuxur og staldrar sjaldnast lengi við hvern.
Shannen fékk hlutverk í lélegum sjónvarpsmyndum þangað til hún fékk hlutverk Prue Halliwell í Charmed árið 1998 en hætti í þættinum 2001 vegna ósættis við leikkonuna Alyssu Milano.
Hún var handtekin fyrir ölvunarakstur árið 2000 og hefur oftar en ekki lent í útistöðum á börum í Los Angeles, við samstarfsfélaga og ljósmyndara og er enn vænn biti fyrir slúðurblöðin.

**Þrjár bestu myndir SHANNER:** **Mallrats** – 1995 **Nowhere** – 1997 **The Rendering** – 2002



▶ 20.25 *Bíó*
DAS BERNSTEIN-AMULETT



▶ 20.05 *Lífsstíll*
KÓNGUR UM STUND



▶ 19.00 *Tölvur*
GAME TV



▶ 21.50 *Spenna*
DA VINCI'S INQUEST



▶ 19.00 *Íþróttir*
BANDARÍSKA MÓTARÖÐIN Í GOLFI

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.11** Engilbert **8.20** Ketill **8.33** Magga og furðudýrið **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Teiknimyndir **9.32** Sögur úr Andabæ **9.55** Hænsnakofinn **10.03** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir **10.30** Jóhannes Páll II **11.30** Formúla 1

**14.00** Hlé **15.50** Bikarkeppnin í sundi **17.25** Út og suður (9:12) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi (7:10)

**18.50 Elli eldfluga (5:7)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Út og suður (10:12)** Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki.
▶ **20.25 Verndargripurinn (1:2)** (Das Bernsteinamulett) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2003. Myndin gerist á árum seinni heimsstyrjaldar og segir frá þýskri aðalskonu og ást hennar á tveimur mönnum.
**21.55 Helgarsportið**
**22.20 Svalan kom með vorið** (Un hirondelle a fait le printemps) Í myndinni segir frá Parísarkonunni Sandrine sem ákveður að söðla um og gerast bóndi. Hún kaupir býli af gömlum bónda sem ætlar að fá að vera hjá henni fyrsta veturinn.

**0.00** Kastljósið **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Leirkarlarnir, Litlir hnettir, Kýrin Kolla, Töfravagninn, Véla Villi, Svampur, Könnuðurinn Dóra, Smá skrítnir foreldrar, WinxClub, As told by Ginger 1, Scooby Doo, Titeuf, Batman, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo) **12.00** Neighbours

**12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.20** Neighbours **13.45** Idol – Stjörnuleit (e) **14.40** You Are What You Eat (e) **15.05** Whoopi (7:22) (e) **15.30** William and Mary (5:6) **16.15** Einu sinni var **16.55** Apprentice 3, The **17.45** Oprah Winfrey

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Home Improvement 2**
**19.40 Whose Line Is it Anyway?**
▶ **20.05 Kóngur um stund (7:18)**
**20.35 Cold Case 2 (22:23)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Bönnuð börnum.
**21.20 Twenty Four 4 (24:24)** Síðasti þátturinn.
**22.05 Medical Investigations (12:20)**
**22.50 Punktur, punktur, komma, strik** Mynd eftir sögu Péturs Gunnarssonar um strákinn Andra. Dregnar eru upp ljóslifandi myndir af æskuárum eftirstríðsárabarnsins og táningsárunum sem geta verið hin mesta pína. Aðalhlutverk: Pétur B. Jónsson, Hallur Helgason, Kristbjörg Kjeld, Erlingur Gíslason. Leikstjóri: Þorsteinn Jónsson. 1981. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.20** The 4400 (1:6) (e) (Bönnuð börnum) **1.05** DNA (1:2) (Bönnuð börnum) **2.20** Fréttir Stöðvar 2 **3.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**14.00** The Joe Schmo Show **16.00** Joan Of Arcadia (1:23) **17.00** American Dad (1:13) **17.30** Friends (3:24) **18.00** Friends (4:24)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
▶ **19.00 Game TV**
**19.30 Seinfeld (5:5)**
**20.00 Miami Uncovered**
**21.00 Newlyweds, The (3:30)** (Newlyweds Go Camping)Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennarNick Lachey.
**21.30 Newlyweds, The (4:30)**
**22.00 Road to Stardom With Missy Ell (2:10)** Raunveruleikaþáttur með Hipp-Hopp-dívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næsta Hip-Hop/R&B stjarna Bandaríkjanna.
**22.45 Tru Calling (1:20)** (Pilot) Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnuí líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.

**23.30** David Letterman **0.15** David Letterman

## SKJÁREINN

**13.15** Mad About Alice (e) **13.45** Burn it (e) **14.15** Dateline (e) **15.15** The Biggest Loser (e) **16.15** Jack & Bobby – lokaþáttur (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

**18.45 Ripley's Believe it or not! (e)**
**19.30 The Awful Truth**
**20.00 Worst Case Scenario**
**20.50 Þak yfir höfuðið**
**21.00 Dateline** Í Dateline þætti kvöldsins er fjallað um konu sem átti allt; hún var hamingjusamlega gift, átti börn og vegnaði vel í starfi. En af hverju rekast fréttamenn Dateline á hana á götum NY, allslausa og örvæntingarfulla?
▶ **21.50 Da Vinci's Inquest** Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver.
**22.40 Hell on Heels: The Battle of Mary Kay** Dramatísk gamanmynd um snyrtivörudrottninguna Mary Kay Ash sem verður að berjast fyrir stöðu sinni er ung og framagjörn kona ógnar veldi hennar. Í aðalhlutverkum eru Shirley MacLaine og Shannen Doherty.

**0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** Queer as Folk **1.55** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
*besta sætið*

**15.00** Hnefaleikar (Oscar de la Hoya – Felix Sturm) **17.05** Gillette-sportpakkinn **17.35** Kraftasport ▶ **18.05** Bandaríska mótaröðin í golfi

**19.00 US PGA Western Open** Bein útsending frá Cialis Western Open sem er liður í bandarísku mótaröðinni. Stephen Ames sigraði á mótinu í fyrra og á því titil að verja. Leikið er í Lemont í Illionis.
**22.00 NBA** (SA Spurs – Detroit) Útsending frá leik San Antonio Spurs og Detroit Pistons í úrslitaeinvígi NBA í síðasta mánuði. Spurs áttu í litum vandræðum með að sigra í Vesturdeildinni en Pistons þurfti að hafa öllu meira fyrir hlutunum í Austurdeildinni. Hér mættust stálin stinn því Pistons hafði titil að verja en Spurs hrósaði sigri í NBA árið áður. Í liði Spurs eru kappar eins og Tim Duncan, Tony Parker og Manu Ginobili en Richard Hamilton, Chauncey Billups,Tayshaun Prince og Rasheed Wallace eru helstu hetjur Pistons.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **8.00** Stop Or My Mom Will Shot **10.00** Osmosis Jones **12.00** Little Man Tate **14.00** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **16.00** Stop Or My Mom Will Shot **18.00** Osmosis Jones **20.00** Little Man Tate **22.00** Biker Boyz **0.00** Hart's War (Strangl. b. börnum) **2.00** Bless the Child (Strangl. b. börnum) **4.00** Biker Boyz

## OMEGA

**8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Nætursjónvarp

## E! ENTERTAINMENT

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – The Funeral **22.15** Korter

## AKSJÓN

**13.00** The E! True Hollywood Story **3.00** Hollywood Confidential

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Twenty Four** — Stöð 2 **21.20**

*Jack Bauer er leikinn af Kiefer Sutherland.*

## *Síðasti klukkutíminn*

Síðustu 23 klukkustundir hafa aldeilis verið viðburðaríkar hjá starfsfólki CTU, þá sérstaklega Jack Bauer. Hann hefur leitað og leitað að Habib Marwan, manni sem stendur fyrir hryðjuverkaárásum dagsins. Loksins þegar hann fann Habib rann hann Jack úr greipum og því heldur leitin áfram í síðasta þættinum í fjórðu þáttaröðinni af þessum æsispennandi þætti.
Öllum spurningum verður svarað í kvöld – springur kjarnorkuoddurinn, og ef svo er hvar? Ná Michelle og Tony að elska hvort annað á ný? Tekur Audrey Raines Jack aftur í sátt? Klukkan tifar.



Tony Almeida.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Barnatíminn : Elísabet Brekkan. **13.00** Sögur af fólkil. **14.00** Uppeldisþátturinn – U: Berghildur Erla Bernharðsdóttir. **15.03** Bíóþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Myndin af manninum **11.00** Guðsþjónusta í Hjallakirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins **14.10** Ég er ekki skúrkur **15.00** Söngvar borgarstrætanna **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva

**18.28** Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.30** Teygjan **23.00** Í leit að glataðri vitund

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Cycling: Tour de France **16.00** Beach Volley: World Tour Norway **16.30** Volleyball: World Grand Prix Macau **17.30** Volleyball: European League Germany **19.30** Motorsports: Motorsports Weekend **20.00** Cycling: Tour de France **21.00** Football: Mediterranean Games Spain **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Motocross: World Championship Sweden **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Extreme Animals **15.30** Weird Nature **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** A Place in France **17.30** The Life Laundry **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Property People **20.00** Escape to the Country **21.00** SAS Survival Secrets **22.00** The Price of Eggs **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill: Jaws **13.00** Voyage of the Dragon King **14.00** Christopher Columbus: the Discovery **16.30** Mongoose Murders **17.00** Mankillers – Africa's Giants **18.00** World's Best Demoltions: Blowing Up Las Vegas **19.00** Sears Tower **20.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** Born Among Bushmen and Lions **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** The Natural World **19.00** Born Among Bushmen and Lions **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** Lyndal's Lifeline **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** Born Among Bushmen and Lions **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**
**12.00** World Biker Build-Off **13.00** The Mummy Detective **14.00** Wild Weather **15.00** Mysteries of Asia **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Engines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Science of Star Wars **22.00** Giant of the Skies **23.00** War of the Century **0.00** Scene of the Crime

**MTV**
**12.30** New Season Weekend Music Mix **13.00** Power Girls **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Fabulous Life Of... **12.30** Plastic Surgeryland **13.00** All Access **14.00** From Flab to Fab Madonna Style **15.00** Fabulous Life Of... **15.30** Cribs **16.00** All Access **17.00** Making the Video **17.30** MTV at the Movies **18.00** The Greatest **20.00** I Want a Famous Face **20.30** Remaking Vince Neil **21.00** Inside Out **22.00** Greatest Hits **22.30** Rise & Rise of **23.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.40** City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** A Taste of Barbados **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** It's a Girl Thing **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** Cheaters **21.00** Sex and the Settee **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Sextacy **23.00** City Hospital **0.00** In Your Dreams **0.25** Insights **0.55** The Race **1.50** Fantasy Open House

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**13.20** Marie: A True Story **15.10** Electra Glide in Blue **17.00** A Dry White Season **18.45** The Winter People **20.25** The Rosary Murders **22.10** The End **23.50** Wisdom **1.40** Toy Soldiers **3.30** Audrey Rose

**TCM**
**19.00** The Naked Spur **20.30** The Philadelphia Story **22.20** Guns for San Sebastian **0.10** Made in Paris **1.50** The Fixer

**HALLMARK**
**12.45** Dinotopia **14.15** Dynasty: Behind The Scenes **16.00** Winter Solstice **17.45** MacShayne: Final Roll of the Dice **19.15** Floating Away **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Hamlet **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** MacShayne: Final Roll of the Dice **2.15** Floating Away

**BBC FOOD**
**12.00** Delia's How to Cook **12.30** Rosemary on the Road **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Best **14.00** The Rankin Challenge **14.30** Wild Harvest **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Dinner in a Box **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Worrall Thompson **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook's Tour **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Shin Chan **12.10** Braceface **12.30** SommerSummarum **13.30** Trolderi **14.05** Kristian og Ruth **14.35** Med kærlighedens ret **16.00** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** TAXA **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** AftenTour 2005 **19.50** Den gode, den onde og den grusomme **22.40** De Udvalgte

**SV1**
**12.15** Packat & klart – sommarspecial **12.45** Revy-SM **13.15** Allsång på Skansen **14.15** Drömmarnas tid **15.00** Kunskapsriket **16.00** På fisketur med Lars & Bård **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Swingen anfaller **20.00** Zapp me [Sápmi] **20.30** Jorden med Anna Charlotta **21.00** Rapport **21.05** Design 365 **21.10** Chet Atkins **21.55** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*. . . fær sjónvarpsstöðin Sirkus fyrir að sýna frá Live 8 tónleikunum sem eru með þeim stærstu sem um getur í sögunni. Málefnið er líka gott.*

# HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á ÁRNA SNÆVARRI UPPLÝSINGAFULLTRÚA HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM**

## Vildi helst vera múrmeldýr

**Hvernig ertu núna?** Sveittur, stessaður og í mjög góðu skapi.
**Augnlitur:** Blár, minnir mig.
**Starf:** Ég er upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum.
**Stjörnumerki:** Fiskur.
**Hjúskaparstaða:** Einhleypur.
**Hvaðan ertu?** Reykjavík.
**Helsta afrek:** Börnin mín.
**Helstu veikleikar:** Hvað má þetta vera langt?
**Helstu kostir:** Ég er einstaklega skapgóður.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Fréttir, en ég horfi eiginlega ekkert á sjónvarp.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Fréttir og hér gildir það sama og um sjónvarpið.
**Uppáhaldsmatur:** Ostrur.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Allir helstu fiskréttastaðirnir á St.Catharine torginu í Brussel.
**Uppáhaldsborg:** París og Istanbúl.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Öll þessi ár sem KR hefur ekki orðið Íslandsmeistari.
**Áhugamál:** Menn og menning.
**Viltu vinna milljón?** Endilega.
**Jeppi eða sportbíll:** Sportbíll.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Ég ætlaði að verða svo auðugur að ég gæti ráðið bryta.
**Hver er fyndnastur?** Woody Allen.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Hér er ég kominn út á hálan ís og ætla ekki að segja múkk. Ég gæti móðgað svo marga.
**Trúir þú á drauga?** Nei.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Múrmeldýr.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Bavíani, því þeir eru með svo ljótan rass.
**Áttu gæludýr?** Nei. Læðan Bóris lést sviplega í umferðarslysi á síðasta ári og ég er enn að syrgja.
**Besta kvikmynd í heimi?** Apocalypse Now.
**Besta bók í heimi?** Ég ætla að gamni að nefna Miðnæturbörnin eftir Salman Rushdie.
**Hvað hefurðu verið að bralla undanfarið?** Átta Líf tónleikarnir í Hljómskálagarðinum á föstudag standa upp úr á síðustu dögum.






**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós er á leið í tónleikaferð um heiminn sem hefst í Bretlandi 8. júlí.

## Handpressaðir bolir til sölu

Rúmlega hundrað stuttermabolir hafa verið hannaðir fyrir tónleikaferð Sigur Rósar um heiminn sem hefst 8. júlí í Bretlandi. Hönnuðir bolanna, sem eru handpressaðir, eru Lukka Sigurðardóttir, kærasta Orra Dýrasonar, trommara Sigur Rósar, og Alex Somers, kærasti söngvarans Jóns Þórs Birgissonar.

Bolirnir verða seldir ásamt meiri varningi á tónleikaferðinni sem verður farin í tilefni af nýjustu plötu Sigur Rósar, sem er væntanleg í haust. Svipuð áletrun og er á bolunum verður á umslagi plötunnar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**MUGISON** Hann sló í gegn hjá Íslendingum og útlendingum þegar hann lék á Hróarskeldu.

STOLTIR ÍSLENDINGAR: HRÓARSKELDA KOMIN Á FULLT

# Meik hjá Mugison

Þeir eru ekki öfundsverðir tónlistarmennirnir sem eru fyrstir á dagskrá á Hróarskeldu frekar en í Júróvisjón. Flestir gestirnir skemmta sér fram undir morgun og eru því ekki vel upplagðir svona rétt eftir hádegi. Mugison var spilaði klukkan eitt. Pavilion-tjaldið var samt sem áður troðfullt þegar tónleikarnir hófust. Mugison var greinilega í stuði þegar hann steig á svið og fékk áhorfendur fljótt með sér og því mikið fjör í tjaldinu. Íslendingarnir á svæðinu tóku undir í flestum lögum þar sem það átti við. Mugison kenndi fólkinu viðlagið við Poke a pal og uppskar alþjóðlegan fjöldasöng fyrir vikið. Stemningin var mikil þegar Mugison fór af sviðinu fyrir uppklapp. Eftir stutta pásu kom hann askvaðandi fram á sviðið að nýju með Pétri gítarleikara og tók lagið Murr-Murr við mikinn fögnuð. Þeir félagar kvöddu og þökkuðu fyrir sig. Fólkið vildi þó meira og varð að ósk sinni þegar Mugison kom aftur fram, sagðist taka eitt lag í viðbót en kunni ekki textann jafn vel og gestir tjaldsins. Hann spilaði svo Wild thing og þurfti litlar áhyggjur að hafa af textanum enda sáu tónleikagestir um sönginn án teljandi vandræða. Stoltir Íslendingar í bland við furðu lostna útlendinga stóðu eftir að tónleikum loknum. Mugison ætti kannski að halda fleiri hádegistónleika.

-ks


SMS LEIKUR
*****
SVALASTA MYND ÁRSINS
ÞÞ FBL
BLÓÐUG, BRÚTAL, BRILLIANT!!
FRANK MILLER'S
SIN CITY
DIRECTED BY ROBERT RODRIGUEZ & FRANK MILLER
QUENTIN TARANTINO
SENDU SMS SKEYTIÐ JA SCF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU:
MIÐAR FYRIR 2 Á SIN CITY
DVD MYNDIR
COCA COLA
MARGT FLEIRA
BTNET
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



**KRISTJÁN SIGURJÓNSSON** BLOGGAR FRÁ HRÓARSKELDU

## *Engin sólarvörn fyrir rokkara*

Ef einhver hefði verið svo séður að taka með sér nokkra lítra af sólarvörn hingað á Hróarskeldu þá væri sá hinn sami ríkur maður í dag. Sólin hefur skinið beint á bert fólkið í allan dag og margir sólbrenndir. Enginn sjáanlegur með sólarvörn enda þykir það kannski ekki fínt á svona hátíð. Gestir hátíðarinnar eru misjafnlega á sig komnir. Sumir soldið þreyttir eftir partí næturinnar en svo eru aðrir sem byrja í morgunpartíi og þurfa því að leggja sig þegar líður á daginn. Fólk liggur því víða um tún og sefur úr sér áhrifin. En fyrir þá sem standa í lappirnar er nóg í boði. Stanslausir tónleikar á sex sviðum frá hádegi og fram á nótt og eru þeir langflestir mjög vel sóttir. Þeir sem vilja taka sér pásu frá tónleikunum geta skellt sér í bíó, farið á diskótek, tekið þátt í kappræðum eða haldið sína eigin tónleika á karókísviðinu. Hér er því nóg við að vera fyrir þessa 100 þúsund gesti hátíðarinnar.



**ÞREYTA** Fólk er í misjöfnu ástandi á hátíðinni.



**KAROKÍ** Mikil stemning skapast á karókísviðinu þar sem gestir hátíðarinnar geta látið ljós sitt skína.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




# SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS ER ALLTAF Í ÓLÆSTRI DAGSKRÁ. SIRKUS VERÐUR SJÓNVARPAÐ Á SÖMU RÁS OG POPP TÍVÍ VAR. ÁSKRIFENDUR DIGITAL ÍSLAND ÞURFA AÐ UPPFÆRA MYNDLYKILINN TIL AÐ SJÁ POPP TÍVÍ ÁFRAM.

FYLGSTU MEÐ.

SIRKUS






FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Eldvarnartjöld og reyklúgur
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is



BAKÞANKAR

STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

# Hring eftir hring

Þeir sem muna þegar brýrnar á Skeiðarársandi voru opnaðar sumarið 1974 muna líka spennuna sem var í því fólgin að fara hringinn. Þetta sumar og þau næstu á eftir fór þorri fjölskyldna í landinu hringinn á bílum sínum. Börnunum var staflað aftan í fólksvagninn og svo var ekið af stað. Þetta var fyrir tíma öryggisbelta og barnastóla. Úr varð nokkurs konar fjöldahreyfing þar sem þeir fengu inngöngu sem höfðu farið Hringinn.

**ENN** fara fjölskyldurnar hringinn, þótt hann sé í sjálfu sér kannski ekki lengur markmið ferðarinnar. Og það að hafa farið hringinn ekki lengur aðgöngumiði í fjöldahreyfingu. Hins vegar hefur orðið til minni en talsvert áberandi hreyfing fólks sem fer hringinn. Það eru þeir sem fara hann til að afla fjár eða vekja athygli á málefni, og líka til að skora á sjálfa sig eða reyna til hins ítrasta. Meðlimir þessarar hreyfingar hrúga ekki krökkunum í aftursætið og aka af stað, þeir fara fyrir eigin afli.

**LÍKLEGA** er hinn vaski göngumaður Reynir Pétur í Sólheimum í Grímsnesi frumkvöðull í þessari hreyfingu. Og árin liðu býsna mörg frá göngu Reynis Péturs til ágóða fyrir íþróttaleikhús í Sólheimum þangað til hreyfingunni fór verulega að vaxa fiskur um hrygg. En nú virðist heilmikil orka vera að leysast úr læðingi. Hreyfiafl samkenndar og mannúðar fær fólk til að ferðast réttsælis og rangsælis, þvers og kruss ýmist eitt saman eða í hópum. Í samfélagi þar sem manni þykir stundum nóg um hversu hver er sjálfum sér næstur, leiðir haltur blindan, karl hjólar, einn rær á árabáti og annar ætlar að ganga meðfram allri strandlengjunni. Og þjóðin fylgist stolt og bljúg með, leggur málefnunum lið og leiðir hugann að systrum og bræðrum.

**Á SAMA** tíma taka tónlistarmenn saman höndum, halda tónleika um allan heim og sjónvarpa þeim enn víðar. Markmiðið er að hvetja fólk til að sýna í verki að það hafnar því að tugir þúsunda systkina okkar deyja úr hungri dag hvern suður í Afríku. Þessu hungri verður að útrýma. Skilaboðin þurfa að vera skýr til þeirra sem ráða ríkustu ríkjum heims. Jörðin á að geta fætt hvern einasta mann sem hana byggir.

Landkönnuðir og lífskúnstnerar klippið hér
www.icelandexpress.is




VERÐ SEM ÓHÆTT ER AÐ FLAGGA!

Fljúgðu með Iceland Express til London, Köben eða Frankfurt og taktu þaðan strikið hvert sem er út í heim. Notfærðu þér til dæmis lággjaldafélagið Ryanair sem flýgur til yfir 70 áfangastaða frá Stansted flugvellinum í London eða Sterling sem flýgur um alla Evrópu frá Kaupmannahöfn. Skoðaðu verðdæmin hér að ofan og kynntu þér málið á www.ryanair.com eða www.sterling.dk.

**Verðdæmi fengin af vefsíðu Ryanair og miðast við flug aðra leið með sköttum og gengi sterlingspunds 1. júlí**

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*
*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

TILBOÐSHELGI Í SMÁRALIND
TEFAL 25% afsláttur
Lavamat 1250 1200snúninga
AEG
Sérstakt tilboð þessa helgi:
59.900 kr.
SAMSUNG Á TILBOÐSVERÐI ÞESSA HELGI
SAMSUNG LE26A41– LCD sjónvarp
26" – 149.900 kr.
SAMSUNG LE32A41– LCD sjónvarp
32" – 199.900 kr.
SAMSUNG LW17M24C– LCD
17" – 69.900 kr.
SAMSUNG LW20M24C– LCD
20" – 79.900 kr.
SAMSUNG
FJÖLDI ANNARRA HELGARTILBOÐA ÞESSA HELGI OG NÆSTU HELGAR

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ELDHÚSIÐ - BAÐHERBERGIÐ - FATASKÁPAR
ORMSSON SMÁRALIND
Opið sunnudag frá kl. 13-18